


skoðun 22

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Karlmenn




**Pönkaður indíáni**
*Svanhildur Steinarrsdóttir hefur öðruvísi fatastíl en margir aðrir. Hún fær innblástur frá pönki og indíánum.*
FÓLK




# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
18. október 2012
245. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




**Snerpa og þolinmæði**
*Fjölmiðlamaðurinn Sölvi Tryggvason kennir japanskar skylmingar.*
popp 58

**Hvítlaukur gegn flensu**
*Fjórir valinkunnir einstaklingar deila ráðum við pestum.*
lífsstíll 50



**FH lagði meistarana**
*FH komst aftur á beinu brautina með sterkum sigri á Íslandsmeisturum HK.*
sport 54

**veðrið í dag**




**BJART** sunnan og vestan til en lítilsháttar él norðaustanlands. Vindur víða fremur hægur og hiti frá frostmarki að 6 stigum að deginum.
VEÐUR 4

# Sjúklingar á biðlistum hafa kostað Klepp 112 milljónir

**Fimm sjúklingar sem lokið hafa endurhæfingu á Kleppi hafa beðið í meira en hálft ár eftir húsnæði. Hver sjúklingur kostar um 81.000 krónur á dag. Kópavogur vill reisa fimm íbúðir fyrir geðfatlaða til viðbótar.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Hver sjúklingur á sérhæfðu endurhæfingardeildinni á Kleppi kostar Landspítalann um 81 þúsund krónur á dag, samkvæmt upplýsingum frá fjármálastjórn geðsviðs. Tveir sjúklingar hafa beðið eftir búsetuúrræði utan spítalans í meira en ár.

Alls eru sjö endurhæfðir einstaklingar á deildinni sem komast ekki út af Kleppi vegna skorts á úrræðum, þar af hafa fimm beðið í meira en sex mánuði. Því má ætla að kostnaður vegna sjúklinga sem hafa lokið meðferð á Kleppi en sitja þar fastir nemi allt að 112 milljónum króna fyrir spítalann.

Biðlistar í Reykjavík eru afar langir, þótt meira sé um úrræði þar en í nærliggjandi sveitarfélögum, og hafa sumir þurft að bíða þar í tvö ár. Félagsmálayfirvöld í Hafnarfirði, Kópavogi og Árborg ítreka að til standi að fjölga búsetuúrræðum fyrir geðfatlaða.

Kópavogsbær hefur reglulega óskað eftir því að aðbúnaður verði bættur, en alls eru 40 fatlaðir einstaklingar á biðlista eftir úrræðum, þar með taldir geðfatlaðir. Félags- og tryggingamálaráðuneytið undirritaði yfirlýsingu með Kópavogsbæ í mars árið 2008 þar sem peningum úr Straumhvarfaverkefninu svokallaða var lofað til framkvæmda við búsetuúrræði fyrir tólf geðfatlaða einstaklinga. Ekkert varð þó af framkvæmdunum þar sem fjármagnið fékkst ekki.

**KÓPAVOGUR**
10 Á BIÐLISTA

**HAFNARFJÖRÐUR**
5 Á BIÐLISTA

**ÁRBORG**
1 Á BIÐLISTA

Hafnarfjörður hefur hvergi laust húsnæði fyrir fatlað fólk, en unnið er að uppbyggingu búsetuúrræða þar sem stefnt er að þremur slíkum og einu sem ætlað er fólki með þroskahömlun eða geðfötlun.

Engin sértæk búsetuúrræði eru fyrir geðfatlaða í Árborg, en félagsmálastjórinn Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir segir nauðsynlegt að bæta úr því. Hún bendir á að geðfötluðum hafi fjölgað á Suðurlandi á síðustu misserum, en verið sé að sameina verklagsreglur á öllu svæðinu til að bregðast við vandanum.

Þrettán útskrifaðir sjúklingar á Kleppi búa nú við óviðunandi aðstæður í nærliggjandi sveitarfélögum og eru því á biðlista eftir sértækari lausnum. Þar af hafa tíu beðið lengur en hálft ár. **- sv**



**DAGUR AÐ KVÖLDI KOMINN** Það bítur í kinnarnar þessa dagana enda víðast hvar stillt og kalt. Margir eru þeirra skoðunar að engu síðra sé þó að stunda útivist í slíku veðri heldur en að sumri til. Ekki er síst eftirsóknarvert að fylgjast með baráttu ljóss og skugga þegar kvöldar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kvartað yfir háværum áróðri:

## Hissa ef Rokkrútan raskaði ró Vesturbæjar

**STJÓRNMÁL** „Þetta er rokkrúta Dögunar. Hún fer um bæinn með hátalara og hvetur fólk til að fara að kjósa um helgina," segir Rannveig Höskuldsdóttir úr framkvæmdaráði Dögunar um skilaboð sem ómuðu um Vesturbæ Reykjavíkur í gærkvöldi.

Nokkuð bar á kvörtunum frá íbúum í hverfinu á Facebook í kringum klukkan níu í gærkvöldi. Þeir töldu hvatningarorðin heldur hávær og óttuðust að áhöfn rútunnar mundi raska svefnfriði þeirra yngstu á heimilunum.

„Mér finnst nú skrýtið að heyra að þetta skuli vera hávaðamengun fyrir börn fyrir klukkan tíu, en vissulega munum við taka þetta til skoðunar," segir Rannveig.

Rokkrútan er gerð út í samstarfi við Samtök um nýja stjórnarskrá og hefur verið á ferð um landið undanfarnar vikur. **- sh**

Strandvörðurinn David Hasselhoff heldur tónleika á Íslandi í febrúar:

## Spenntur fyrir íslenskum dönsurum



**TÓNLIST** „Hann lofar skemmtilegum tónleikum og ég er alveg viss um að þetta verður ógleymanlegt fyrir tónleikagesti," segir Unnar Helgi Daníelsson Beck hjá fyrirtækinu Reykjavík Rocks. Fyrirtækið stendur fyrir tónleikum bandaríska leikarans og tónlistarmannsins Davids Hasselhoff á Íslandi þann 24. febrúar næstkomandi.

David Hasselhoff, sem fagnaði sextugsafmælinu sínu í sumar, er einna þekktastur fyrir hlutverk sitt sem strandvörðurinn Mitch Buchannon í sjónvarpsþáttunum Baywatch. Þáttaröðin naut mikilla vinsælda víða um heim á tíunda áratugnum og var Ísland engin undantekning. Undanfarin ár hefur Hasselhoff vakið athygli sem dómari í raunveruleikaþáttunum America's Got Talent og Britain's Got Talent.

Á tónleikum syngur Hasselhoff eigið efni í bland við lög annarra. Hann kemur fram ásamt hópi dansara, en Unnar Helgi segir söngvarann opinn fyrir að skoða hvort hann geti fengið íslenska dansara til liðs við sig. **- áp /** **sjá síðu 58**





Ný heilsubúð í Smáralind - Opnunartilboð
HOLLAND & BARRETT
www.hollandandbarrett.is



SPURNING DAGSINS



*Dögg, eruð þið nokkuð í hvalalosti út af þessu?*

„Nei, jafnvel þó að það sé allt hvalafullt hérna."

Dögg Mósesdóttir stýrir stuttmyndahátíðinni Northern Wave á Grundarfirði en háhyrningavaða í höfninni hefur stolið senunni þetta árið.

Hart var tekist á í sjónvarpskappræðum forsetaframbjóðenda í Bandaríkjunum í fyrrinótt:

# Obama rétti hlut sinn í kappræðunum

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama Bandaríkjaforseti mætti vígreifur til kappræðna við mótframbjóðanda sinn Mitt Romney í fyrrinótt. Þeir tókust harkalega á um allt frá efnahagsmálum yfir í varnar- og utanríkismál og voru fleiri á því að Obama hafi staðið sig betur, sem eru góðar fréttir fyrir forsetann miðað við síðustu kappræður þar sem Romney hafði betur.

Obama deildi meðal annars á Romney vegna andstöðu þess síðarnefnda við að bjarga bílaframleiðendum frá gjaldþroti á sínum tíma. Romney lagði hins vegar áherslu á að Obama hafi mistekist við að koma efnahag Bandaríkjanna á réttan kjöl.

Skotin flugu, sérstaklega hvað varðaði umræðu um viðbrögð Obama-stjórnarinnar við árásinni á sendiráðið í Bengasí í Líbíu, sem kostaði fjóra lífið.

Ekki er enn hægt að segja með vissu hvort frammistaða Romneys og Obama í kappræðunum muni koma til með að breyta miklu í baráttu þeirra. Obama mátti sætta sig við töluvert fylgistap eftir fyrstu kappræðurnar, en hélt enn forystu hvað varðar kjörmenn, sem velja að lokum forseta. Er talið að hann hafi sem stendur 237 kjörmenn á sínu bandi og Romney 191, en 270 kjörmannaatkvæði þarf til að tryggja sigur.

Frambjóðendurnir halda nú út á völlinn í þeim lykilríkjum sem munu koma til með að ráða úrslitum í kosningunum sem fram fara hinn 6. nóvember. Þeir munu þó mætast enn einu sinni í kappræðum á mánudag. - þj



**EKKI BENDA Á MIG** Romney sakaði Obama meðal annars um að hafa mistekist að endurreisa efnahagslífið, en Obama sagði áætlanir Romneys um að rétta af ríkisbúskapinn ekki standast. NORDICPHOTOS/AFP

Rektor bregst hart við einelti:

## Árásarmenn reknir úr skóla

**LÖGREGLUMÁL** Skólameistari Menntaskólans á Ísafirði tilkynnti nemendum, foreldrum og starfsfólki í gærmorgun að hann hefði ákveðið að vísa tveimur piltum úr námi vegna árásar á samnemanda sinn. Piltarnir tveir, sem báðir eru ólögráða, börðu jafnaldra sinn inni á salerni í skólanum eftir tíma á mánudag. Til þess notuðu þeir meðal annars rörbút, en ekki hnúajárn eins og ranglega kom fram í fyrstu fréttum af málinu. Málið er í rannsókn hjá lögreglu.

Árásin var hluti af einelti sem staðið hafði um nokkurt skeið. Nemendafélag skólans hefur í kjölfarið óskað eftir námskeiði og fræðslu um einelti og afleiðingar þess. - sh

Telur kröfu Gunnars óþarfa:

## Helgi neitar að afla gagna um Guðlaug Þór

**DÓMSMÁL Helgi Magnús Gunnarsson vararíkissaksóknari hafnaði í gær beiðni verjanda Gunnars Þ. Andersen um að afla fyrir hann gagna um viðskipti þingmannsins Guðlaugs Þórs Þórðarsonar.**



GUNNAR Þ. ANDERSEN

**Gunnar sætir ákæru fyrir að hafa, sem forstjóri Fjármálaeftirlitsins, aflað sér gagna um viðskipti Guðlaugs og lekið þeim til DV. Hann hefur haldið því fram að hann geti ekki haldið uppi vörnum nema allt um viðskiptin verði leitt í ljós fyrir dómi, enda hafi hann talið að þau væru mögulega refsiverð. Helgi Magnús telur þetta ekki nauðsynlegt. Tekist verður á um þetta fyrir dómi 1. nóvember.** - sh

# Norðmenn horfa til Íslands í haustfríinu

**Reykjavík er vinsælasti áfangastaður Norðmanna í árvissum haustfríum samkvæmt uppflettingum á Dohop.no. Evrópulönd eru vinsælust, þótt sól og hiti heilli líka. „Aufúsugestir og sækja mikið hingað," segir framkvæmdastjóri SAF.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Reykjavík er efst á lista áfangastaða sem norskir ferðamenn hafa leitað á ferðaþjónustuvefnum Dohop.no fyrir árviss haustfrí þar í landi. Frá þessu er greint á norska ferðavefnum Boarding.no, en í öðru og þriðja sæti eru Lundúnir og París.

Haustfrí í Noregi eru í 40. og 41. viku ársins, og því horft til leita eftir ferðum á því tímabili í Noregi, frá 28. september og heimferð fyrir 14. október.

„Haustfríið er bara vika og áfangastaðir í Evrópu vinsælastir vegna þess að þá þarf ekki að ferðast um langan veg í leit að áhugaverðum borgum, og auðvelt að finna hlýja og sólríka áfangastaði," hefur Boarding.no eftir Davíð Gunnarssyni, sölu- og markaðsstjóra Dohop, sem er íslenskur leitar- og bókunarvefur fyrir ferðir, bílaleigubíla og hótel.

Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, segir greinileg merki þess að hér sé vetrarferðamennska að aukast, enda hafi allir þeir sem að málum koma tekið höndum saman um að svo gæti orðið.

„Þetta er annar veturinn í röð sem við erum í þeirri vinnu undir merkjum Ísland allt árið og það er auðvitað verulega verið að taka á í þessari vinnu á þessum helstu mörkuðum. Þannig að við sjáum mikla aukningu yfir veturinn." Erna segir að nokkru muni á þessu tímabili 40. og 41. viku hversu mikið sé að gera í ferðamennsku eftir því til hvaða landshluta er horft.

„Auðvitað er talsverð umferð hér í Reykjavík," segir hún. Víðast hvar úti á landi er hins vegar mjög lítið um að vera yfir vetrartímann, þótt sums staðar megi merkja aukningu. Hún áréttar að um viðkvæman markað sé að ræða því allar þjóðir vilji auka hjá sér vetrarumferð og samkeppnin því hörð um hvern ferðamann.

„Í gangi eru alls konar tilboð og lægri verð og annað slíkt til að ná í viðskiptavininn, því um leið og búið er að ná honum til landsins þá verslar hann og á alls konar viðskipti sem skipta máli fyrir þjóðarbúið." Í þessu samhengi hljóti Norðmenn að vera ofarlega á óskalista yfir ferðamenn hingað til lands. „Auðvitað er öllum ljóst að kaupgeta Norðmanna er ágæt og þeir vanir háum verðum í Noregi. Þeir eru aufúsugestir og sækja mikið hingað."

olikr@frettabladid.is



**HORFT UPP BANKASTRÆTI** Fleiri ferðamenn sækja Reykjavík heim fram eftir hausti en aðra hluta landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Áfangastaðir Norðmanna**

**Staðirnir sem Norðmenn skoða helst á Dohop.no fyrir haustfríin 2012.**

| | |
|---|---|
| 1. Reykjavík | 6. Malaga |
| 2. Lundúnir | 7. München |
| 3. París | 8. Nice |
| 4. New York | 9. Bangkok |
| 5. Barcelona | 10. Alicante |

Heimild: www.boarding.no



Auðvitað er öllum ljóst að kaupgeta Norðmanna er ágæt og þeir vanir háum verðum í Noregi.

**ERNA HAUKSDÓTTIR**
FRAMKVÆMDASTJÓRI SAF



**FJÓRAR SÓLIR** Stórmerkileg uppgötvun var gerð við reikistjörnuna PH1.

Merk stjarnfræðiuppgötvun:

## Fundu plánetu með fjórar sólir

**ALHEIMURINN Áhugamenn um stjörnufræði duttu niður á stórmerka uppgötvun á dögunum þegar þeir komu auga á reikistjörnuna PH1 sem er í nágrenni við fjórar sólir. Raunar er um að ræða tvö tvístirni, A og B, en PH1 og B snúast um A. PH1 er að öllum líkindum gasstjarna í líkingu við Neptúnus eða Úranus.**

**Áhugamenn eru óþreytandi við að fara yfir gögn úr Kepler-sjónauka NASA og benda vísindamönnum á athyglisverð frávik en þetta er í fyrsta sinn sem það starf skilar svo merkum niðurstöðum.** - þj

Málefni Ríkisendurskoðunar:

## Drög nýrra laga í næsta mánuði

**STJÓRNSÝSLA** Vonir standa til að drög að nýju lagafrumvarpi um Ríkisendurskoðun verði lagt fyrir Alþingi í nóvember, að sögn Þuríðar Bachman, formanns nefndar sem annast endurskoðun laganna. RÚV greindi frá þessu í gær.

Valgerður Bjarnadóttir, formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis, telur nauðsynlegt að ræða hvernig haga skuli samskiptum Alþingis við Ríkisendurskoðun. Nú fjalli þrjár þingnefndir um málefni Ríkisendurskoðunar; fjárlaganefnd, forsætisnefnd og stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd. - shá


Nú með bláberjabragði




Nánar um LGG+ á ms.is/lgg

Ein á dag
Fyrir fulla virkni


Unglingum sem búa hjá ömmu og afa líður áberandi verr en öðrum:

# Best að búa hjá báðum foreldrum

**SAMFÉLAGSMÁL** Unglingum sem búa hjá báðum foreldrum líður almennt betur en þeim sem búa aðeins hjá öðru þeirra. Þetta sýnir ný rannsókn Benedikts Jóhannssonar, sérfræðings í klínískri sálfræði hjá Reykjavíkurborg.

Rannsóknin leiðir einnig í ljós að þeir unglingar hafa það almennt betra en aðrir unglingar eftir skilnað ef þeir búa til skiptis hjá foreldrum sínum.

Könnunin var lögð fyrir alla nemendur í unglingadeild grunnskóla í febrúar 2010. Um 85 prósent þeirra, 10.840 nemendur, svöruðu. Af þeim bjuggu 69 prósent hjá báðum foreldrum og 5,2 prósent til skiptis hjá foreldrum.

Þátttakendur voru spurðir hvort þeir væru ánægðir með líf sitt, um samskipti sín við foreldra sína, kennara og vini, og um áfengis- og kannabisneyslu.

Niðurstaðan var í öllum tilfellum sú að það er ungmennum fyrir bestu að búa hjá báðum foreldrum sínum, þótt það hafi raunar ekki verið marktækur munur á lífsánægju þeirra og hinna sem bjuggu jöfnum höndum hjá hvoru um sig eftir skilnað.

Annað sem er áberandi í könnuninni er að þeir unglingar sem búa hjá afa sínum og ömmu, öðru eða báðum, eftir skilnað hafa það merkjanlega verst allra þátttakenda. Um sextán prósent þeirra sögðust „alls ekki" ánægð með líf sitt, sem er nærri þrefalt hærra hlutfall en hjá þeim sem búa hjá öðru foreldrinu eftir skilnað. Sá hópur virðist líka neyta langmests áfengis. - sh



**MISÁNÆGÐIR UNGLINGAR** Fjölskyldumynstur eru misjöfn og hafa ólík áhrif á unglingana. Myndin er úr safni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Kringlan 25
Fimmtudag til mánudags
Kringlukast
Opið til 21
Nýtt kortatímabil
Nýjar vörur
20–50% afsláttur
facebook.com/kringlan.is
Mán til mið 10–18.30, fim 10–21, fös 10–19, lau 10–18, sun 13–18 | Sími 517 9000

## GENGIÐ 17.10.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 122,06 | 122,64 |
| Sterlingspund | 197,29 | 198,25 |
| Evra | 160,1 | 161 |
| Dönsk króna | 21,46 | 21,586 |
| Norsk króna | 21,629 | 21,757 |
| Sænsk króna | 18,496 | 18,604 |
| Japanskt jen | 1,5498 | 1,5588 |
| SDR | 188,86 | 189,98 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
220,626

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



**HJÓLAFARGAN** Stuðmenn sungu eitt sinn um „gomm´af reiðhjólum“ í Kaupmannahöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Vandi í Kaupmannahöfn:

# Tugmilljónir í reiðhjólaförgun

**DANMÖRK** Borgaryfirvöld í Kaupmannahöfn áætla að verja jafngildi tæpra 50 milljóna íslenskra króna í ár til þess að fjarlægja reiðhjól sem hafa verið yfirgefin víðs vegar um borgina.

Yfirgefin hjól eru sérstaklega til vandræða við lestarstöðvar þar sem talið er að sjötta hvert hjól hafi verið skilið eftir.

Í frétt Berlingske segir talsmaður borgarinnar að ætla megi að um 40.000 hjól séu skilin eftir í reiðileysi í borginni ár hvert.

Borgarstarfsmenn merkja þau hjól sem grunur leikur á að séu yfirgefin, og sækja þau síðar til förgunar eða sölu á uppboði. - þj

## DÓMSMÁL

### 60 dagar á skilorði

Héraðsdómur Reykjaness hefur dæmt 25 ára mann til 60 daga fangelsisvistar, skilorðsbundið í tvö ár og til missis ökuréttinda í 20 mánuði. Hann var þrisvar gripinn við akstur undir áhrifum fíkniefna og í nokkur skipti var gert upptækt bæði amfetamín og marijúana hjá honum, alls 99,96 grömm af marijúana og 0,68 grömm af amfetamíni.

Utanríkisráðherra fundaði með aðalmálflutningsmanni Íslendinga í Icesave-málinu í gær:

# Búa sig undir ólíkar niðurstöður í Icesave

**UTANRÍKISMÁL** Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra segir að dómur í Icesave-málinu gæti fallið fyrir jól, hugsanlega í byrjun desember. Hann fundaði með Tim Ward, aðalmálflutningsmanni Íslands, í gær. Össur segir að í undirbúningi séu viðbrögð við mismunandi útkomum dómsins og brugðið geti til beggja átta.

„Ég tel þó að málflutningurinn í sumar hafi sýnt að við höfum ansi þétt rök varðandi það hvort ríkið beri ábyrgð á greiðslum innstæðutryggingarsjóðsins, og raunar á hið sama við varðandi þann þátt sem snýr að meintri mismunun Íslendinga gagnvart innstæðueigendum í Hollandi og Bretlandi. Málflutningsteymið okkar hefur staðið sig ákaflega vel og svo mun niðurstaðan koma í ljós. Við búum okkur undir hvað sem er.“

Össur undrast að mótaðilar hafi viljað láta reyna á ábyrgð ríkisins á tryggingum sjóðsins, en það gæti haft hrikalegar afleiðingar fyrir bankakerfi í löndum þar sem það stendur illa, á hvorn veginn sem dómurinn fellur.

„Ef við vinnum þá liggur fyrir að ríki ber ekki ábyrgð á lágmarksgreiðslum til innstæðueigenda, og það gæti haft ófyrirséðar afleiðingar í löndum þar sem staða bankanna er erfið. Ef við töpum þá gæti það sömuleiðis haft afleiðingar fyrir áhættu ríkja þar sem bankakerfið er í vanda, og haft bein áhrif á lánshæfismat þeirra. Þetta mál gæti því komið eins og búmerang aftan að mótaðilum Íslands.“ - kóp



**FUNDAÐ UM ICESAVE** Össur segir ómetanlegt að njóta ráðgjafar Tims Ward í undirbúningi vegna niðurstöðu dómsins.

# Staðan grafalvarleg segja skólameistarar

**Fjöldi skólameistara lýsti áhyggjum af stöðu framhaldsskólanna á fundi með menntamálaráðuneytinu á mánudag. Minnt er á að hagræðing innan skólanna hófst löngu fyrir hrun. Fjöldi skóla verður rekinn með tapi að óbreyttu.**

**MENNTAMÁL** Staða framhaldsskólanna í landinu er grafalvarleg og mikið fjármagn þarf að koma til svo mögulegt sé að reka þá á eðlilegum grunni. Hagræðing kom til innan skólanna nokkru fyrir hrun en síðan harður niðurskurður undanfarin ár. Þetta hefur sett skólana í þá stöðu að frekari niðurskurður er gott sem útilokaður.

Þetta er mat Valgerðar Gunnarsdóttur, formanns Skólameistarafélags Íslands, sem segir að stjórnendur skólanna hafi bent á þetta lengi og menntamálayfirvöldum sé þetta fullljóst. „Það er ekki af neinu að taka lengur, í raun og veru,“ segir Valgerður sem treystir sér ekki til að nefna upphæðir í þessu samhengi. Myndin sé flókin. Launaliðurinn sé hins vegar stærstur og þá húsaleiga sem greidd er til ríkisins. „Allur annar kostnaður er keyrður svo hart víða í skólunum að lengra verður ekki gengið. En það þarf að gefa vel í,“ segir Valgerður.

Valgerður kannast ekki við að skólameistarar séu almennt séð að íhuga að draga úr nemendafjölda. Hins vegar er það skoðun Kristjáns Ásmundssonar, skólameistara Fjölbrautaskólans á Suðurnesjum, að fáist ekki aukið fjármagn inn í skólann þurfi stórfelldan niðurskurð nemenda og starfsfólks, eins og Fréttablaðið sagði frá í gær.

Hjalti Jón Sveinsson, skólameistari Verkmenntaskólans á Akureyri, segir að hann hafi ekki hugsað dæmið á sama hátt og Kristján en hafi fullan skilning á afstöðu hans. „Maður þorir ekki að hugsa þá hugsun til enda. En við rekum ekki skólann með þennan fjölda nemenda fyrir það fjármagn sem okkur er ætlað til reksturs. Það er einfalt reikningsdæmi að það er ekki hægt. Við erum að ráða ráðum okkar hvernig við eigum að mæta nýju fjárlagafrumvarpi og reka hallalausan skóla,“ segir Kristján. Hann segir að í VMA hafi hagræðing staðið yfir í sex til sjö ár. „Það er eiginlega ekkert eftir. Ég held líka að þessi staða sé sú sama yfir línuna.“

svavar@frettabladid.is



**GANGA MENNTAVEGINN** Allir skólastjórnendur sem við er rætt hafa sömu sögu að segja: Hingað og ekki lengra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Skólameistarar sammála um vandann

Á mánudag hélt Félag skólameistara reglubundinn fund en þar mættu fulltrúar frá menntamálaráðuneytinu. Þar var farið yfir fjárlögin og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var það einróma álit allra skólameistaranna sem sátu fundinn að skólarnir nái vart endum saman og niðurskurður sé vart framkvæmanlegur lengur. Margir skólar verði reknir með tapi og áhyggjur skólamanna verulegur. Kerfið sé komið að þolmörkum, voru skilaboð hópsins og frekari fjárveitingar lífsnauðsynlegar.

Best treyst í forystu flokksins:

# Árni Páll nýtur mests stuðnings

**KÖNNUN Flestir vilja sjá Árna Pál Árnason leiða Samfylkinguna þegar Jóhanna Sigurðardóttir lætur af formennsku í vor. Þetta er niðurstaða nýrrar könnunar Viðskiptablaðsins á trausti til þeirra sem til greina koma í embættið.**



ÁRNI PÁLL ÁRNASON

**Um tuttugu prósent aðspurðra nefndu Árna Pál, en Katrín Júlíusdóttir og Guðbjartur Hannesson mældust með stuðning um fimmtán prósenta. Þegar aðeins er horft til stuðningsfólks Samfylkingarinnar kemur í ljós að 26 prósent þeirra treysta Árni Páli best, 24 prósent Katrínu og 17 prósent Guðbjarti.** - sh

Ný mannauðsrannsókn:

# Níu af tíu réðu fólk í fyrra

**ATVINNULÍF** Samdráttartímanum í íslensku atvinnulífi er líklegast lokið þó að ekki sé útlit fyrir mikinn vöxt á næstunni. Níu af hverjum tíu fyrirtækjum og stofnunum réðu til sín fólk á síðasta ári. Þetta er meðal niðurstaðna rannsóknar Arneyjar Einarsdóttur og Katrínar Ólafsdóttur, lektora við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík, sem verða kynntar í dag.

Fram kemur að meirihluti fyrirtækja telur litlar eða engar líkur á hópuppsögnum á næstunni, en ekki heldur mun útlit fyrir stórtækar ráðningar. Þá hefur frekar verið gripið til launalækkana og lækkunar starfshlutfalls í stað uppsagna. Hafi komið til slíks hafa fyrirtækin almennt boðið starfsfólki upp á aðstoð í kjölfar uppsagnar. - þj


Ætlar þú að breyta um lífsstíl?



Heilsulausnir henta einstaklingum sem glíma við offitu, hjartasjúkdóma og/eða sykursýki.
Hefst 22. október.

Kynningarfundur laugard., 20. október, kl. 12:00
- Allir velkomnir -

ATH! Tveir heppnir fundargestir verða dregnir út og fá 30% afslátt af námskeiðinu

HEILSUBORG
Faxafeni 14 • Sími 560 1010
www.heilsuborg.is


## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**VÍÐA BJART** eða bjart með köflum á landinu næstu daga og úrkoma í lágmarki. Næturfrost verður um mest allt land og einnig frost að deginum til í innsveitum. Má því búast við hálku á heiðum og fjallvegum.



Á MORGUN
Strekkingur með S-strönd, annars hægari.

LAUGARDAGUR
Strekkingur með S-strönd, annars hægari.

### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Alicante | 25° |
| Basel | 19° |
| Berlín | 18° |
| Billund | 14° |
| Frankfurt | 18° |
| Friedrichshafen | 19° |
| Gautaborg | 14° |
| Kaupmannahöfn | 14° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 15° |
| Mallorca | 27° |
| New York | 19° |
| Orlando | 29° |
| Ósló | 11° |
| París | 21° |
| San Francisco | 28° |
| Stokkhólmur | 11° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Einar Davíðsson einar.davidsson@365.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is, Elsa Jensdóttir elsaj@365.is, Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is



# GLÆSILEGUR TILBOÐSPAKKI!

## FUJITSU FARTÖLVA MEÐ INTEL I3 ÖRGJÖRVA, 6GB MINNI, 500GB DISK OG MICROSOFT OFFICE 2010*

Opin Kerfi mæla með Microsoft Office Home & Student 2010

FUJITSU

### Fujitsu AH530

**Örgjörvi:** Intel Core i3
**Vinnsluminni:** 6GB
**Harður diskur:** 500GB, 7200rpm
**Skjákort:** Intel HD Graphics
**Skjár:** 15.6" LED BrightView

Fujitsu AH 530 + Microsoft Office 2010*

**109.900 kr.**

verð áður: **132.900 kr.**




* **Microsoft Office Home & Student 2010**
Word, Excel, Powerpoint og OneNote leyfi fyrir allt að þrjár tölvur fylgir með.

Sértilboð sem gildir til 31.10.2012

OK búðin

*Sérfræðingar þér við hlið*

Ok búðin / Höfðabakka 9 / 110 Reykjavík / Sími 570 1140 / www.okbudin.is

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Um hve marga nemendur þarf að fækka í Fjölbrautaskólanum á Suðurnesjum vegna fjárskorts?*
2. *Hvar er listasafnið þar sem málverkum eftir Picasso, Monet, Gauguin og Matisse var stolið?*
3. *Fyrir hvaða samtök heldur hópurinn Félagsfíklarnir góðgerðaball?*

**SVÖR:**

**1.** *200 nemendum* **2.** *Í Rotterdam í Hollandi* **3.** *Samtök um kvennaathvarf*

Veikindi flugþjóna í millilandaflugi sögð innanhússmál stéttarfélags og flugfélags:

# Formaður ræðir ekki þotuveiki flugþjóna

**ÖRYGGISMÁL** „Þetta málefni er ekki til umræðu af hálfu stéttarfélagsins í fjölmiðlum,“ segir Sigrún Jónsdóttir, formaður Flugfreyjufélags Íslands, aðspurð um veikindi flugþjóna í millilandaflugi.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu á mánudag var flugþjónum í flugi Icelandair til Frankfurt í júlí gefið súrefni í flugstjórnarklefanum eftir að þeir fundu ítrekað til verulegra óþæginda í fluginu. Kvörtuðu þeir undan miklum höfuðverk, svima og doða í fótum. Haft var eftir Guðjóni Arngrímssyni, upplýsingafulltrúa Icelandair, að flugþjónar hefðu tilkynnt um viðlíka óþægindi einstaka sinnum síðan.

Sigrún ítrekar að fulltrúar Flugfreyjufélagsins ræði málið eingöngu við viðkomandi fyrirtæki en ekki við almenning. „Mér finnst að það eigi fullt erindi við fyrirtækið af hálfu stéttarfélagsins og við leysum það þannig þegar og ef það kemur upp. Þetta eru mál sem leysast innanhúss,“ segir formaðurinn.

Rannsóknarnefnd flugslysa í Þýskalandi vísar til þess í bráðabirgðaniðurstöðu varðandi uppákomuna í júlí að Boeing, sem framleiddi þotuna sem notuð var í umræddu flugi, segði vandamál í loftræstingu hafa komið upp í þessari tilteknu flugvélagerð. Guðjón sagði loftræstinguna í þotunni hafa verið hreinsaða og margyfirfarna síðan þennan dag í júlí. Mælingar hafi ætíð sýnt að loftið væri í fullkomnu lagi. - gar



**Í ÞOTU ICELANDAIR** Flugþjónar og -freyjur eru sagðar kvarta stöku sinnum undan óþægindum í flugi en formaður félags þeirra vill ekki ræða málið opinberlega.




# Vandaðri umgjörð um fjármálastöðugleika

**Þriggja manna sérfræðingahópur hefur kynnt tillögur að umbótum á regluverki fjármálakerfisins. Leggja þeir áherslu á vandaðra eftirlit með fjármálastöðugleika, nánara samstarf stofnana og aukna samkeppni á fjármálamarkaði.**

**EFNAHAGSMÁL** Nauðsynlegt er að koma á fót heildstæðri rammalöggjöf um fjármálastöðugleika hér á landi til að stuðla að skilvirku fjármálakerfi. Þá er skynsamlegt að stofna svokallað fjármálastöðugleikaráð, sem hefði yfirumsjón með málaflokknum, og að samþætta betur starfsemi Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins (FME).

Þetta er meðal þess sem þriggja manna sérfræðingahópur sem skoðað hefur lagaumgjörð íslensks fjármálakerfis leggur til. Hópurinn kynnti tillögur sínar í gær en hann er skipaður þeim Gavin Bingham, fyrrum framkvæmdastjóra Alþjóðlega greiðslumiðlunarbankans í Basel (BIS), Jóni Sigurðssyni, fyrrum ráðherra og forstjóra Norræna fjárfestingarbankans (NIB), og Kaarlo Jännäri, fyrrum forstjóra fjármálaeftirlits Finnlands.

Þremenningunum var í mars falið að kanna hvort og hvaða lagabætur væru nauðsynlegar til að efla regluverk utan um og eftirlit með fjármálastarfsemi á Íslandi.

„Að athuguðu máli komst hópurinn að þeirri niðurstöðu að veilurnar í regluverki og eftirliti með fjármálastarfsemi væru einkum þrjár,“ sagði Jón Sigurðsson á blaðamannafundi í Ráðherrabústaðnum í gær. Taldi Jón veilurnar í kjölfarið upp en að mati hópsins eru þær í fyrsta lagi að eftirliti með fjármálakerfinu sem heild sé ábótavant. Í öðru lagi að ekki sé nægur gaumur gefinn þeim hagsmunaárekstrum og misvísandi hvötum sem gegnsýra fjármálastarfsemi og í þriðja lagi að setja þurfi skýrari reglur um skilameðferð fjármálafyrirtækja.

Í skýrslunni eru svo kynntar tillögur um það hvernig megi sníða þessa vankanta af. Fyrir utan það sem þegar hefur verið nefnt leggur hópurinn til að framkvæmd allra laga um fjármálastarfsemi og opinberar stofnanir sem tengjast henni verði færð undir sama ráðuneytið.

Þá telur hópurinn að taka þurfi á þeim skipulagsvanda í fjármálakerfinu sem sé afleiðing af fákeppni og samþjöppun á fjármálamarkaðnum. Til dæmis þurfi að kanna hvernig skilja megi milli áhættusamrar fjárfestingarbankastarfsemi og viðskiptabankastarfsemi.

Steingrímur J. Sigfússon, atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra, og Katrín Júlíusdóttir, fjármála- og efnahagsráðherra, veittu skýrslu þremenninganna viðtöku í gær. Sögðu ráðherrarnir við það tækifæri að í framhaldinu yrðu settir á fót starfshópar á vegum stjórnvalda sem hefðu það verkefni að vinna lagafrumvörp úr tillögunum.

Þá sögðu ráðherrarnir stefnt að því að leggja strax á yfirstandandi þingi fram tvö frumvörp; um stofnun fjármálastöðugleikaráðs og um viðbúnað, inngrip og slit fyrirtækja. magnusl@frettabladid.is



**RÁÐHERRABÚSTAÐNUM Í GÆR** Þeir Kaarlo Jännäri, Gavin Bingham og Jón Sigurðsson kynntu skýrslu sína í Ráðherrabústaðnum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Fara þarf yfir stöðu Íbúðalánasjóðs

Í skýrslunni er lögð áhersla á að taka þurfi á fákeppni í fjármálageiranum. Meðal tillagna sem hópurinn telur að geti stuðlað að heilbrigðara samkeppnisumhverfi er að viðskiptavinum fjármálafyrirtækja verði gert auðveldara fyrir að flytja sig á milli þeirra. Þá telur hópurinn að breyta þurfi Íbúðalánasjóði þannig að samkeppnisskilyrði á fasteignalánamarkaði verði jöfnuð og skilja í því skyni félagslegt hlutverk sjóðsins frá lánastarfsemi hans. Aðspurður sagðist Jón Sigurðsson ekki telja nauðsynlegt að afnema ríkisábyrgð á Íbúðalánasjóði til að ná fram þessum markmiðum þótt ríkisábyrgðin og raunar einnig rekstrarform sjóðsins flæktu vissulega málið. Þá sagði Steingrímur J. Sigfússon nauðsynlegt að fara betur yfir stöðu Íbúðalánasjóðs og lífeyrissjóðanna á lánamarkaði. Ekki væri sjálfgefið að hlutverk þeirra yrði að öllu leyti með óbreyttum hætti til frambúðar.




Samhljómur um verkefni næstu ára í samráðshópi um peninga- og gengismál:

# Einhliða upptaka ekki talinn valkostur

**EFNAHAGSMÁL** Ekki er hægt að gera ráð fyrir upptöku annarrar myntar á næstu árum og því er mikilvægt að tryggja trausta peningastefnu á grundvelli krónunnar. Þetta er sameiginlegt mat samráðshóps allra þingflokka um mótun gengis- og peningamálastefnu sem kemur fram í nýbirtu bréfi til Steingríms J. Sigfússonar, atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra.

Hópurinn var skipaður í mars síðastliðnum en hann hefur haft til skoðunar möguleika þjóðarinnar varðandi gengis- og peningastefnu til framtíðar. Í hópnum eiga sæti Árni Þór Sigurðsson, tilnefndur af Vinstri grænum, Freyr Hermannsson, tilnefndur af Framsóknarflokknum, Illugi Gunnarsson, tilnefndur af Sjálfstæðisflokknum, Lilja Mósesdóttir, tilnefnd af Hreyfingunni og Þórunn Sveinbjarnardóttir, tilnefnd af Samfylkingunni, auk þeirra Gylfa Arnbjörnssonar frá ASÍ, Vilhjálms Egilssonar frá SA og Helgu Jónsdóttur sem falin var formennska í hópnum.

Eins og áður sagði er að mati hópsins ekki hægt að gera ráð fyrir upptöku annarrar myntar á næstu árum og er samstaða innan hans um að einhliða upptaka annarrar myntar komi ekki til álita. Hópurinn telur þess vegna mikilvægt að tryggja trausta peningastefnu á grundvelli krónunnar á næstu árum sem styrkja megi með þjóðhagsvarúðartækjum, ábyrgð í opinberum fjármálum og góðri hagstjórn.

Ekki er hins vegar samhljómur í hópnum um valkosti þjóðarinnar í gjaldmiðilsmálum til lengri tíma. - mþl



**SEÐLABANKINN** Hópurinn telur að byggja verði á sjálfstæðri peningamálastefnu á grundvelli krónunnar á næstu árum þar sem ekki sé hægt að gera ráð fyrir upptöku annarrar myntar á næstu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**NÝTT**
VISATÍMABIL

# TAX FREE

# DAGAR

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT*
AF **ÖLLUM FATNAÐI OG SKÓM**
18.-22. OKTÓBER.



*Jafngildir 20,32% verðlækkun.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út mánudaginn 22. október.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*



**FLIPPAÐUR TÍGUR** Þessi mynd náðist af tígrisdýri í dýragarðinum í Frankfurt í Þýskalandi í vikunni. Ekki fylgdi sögunni hvort kisi ullaði af reiði, var svona rosalega hissa eða ákvað bara að bregða á leik fyrir myndavélina. NORDICPHOTOS/AFP

Starfshópur leggur til að stofnað verði embætti um málefni fátækra í forsætisráðuneytinu:

# Velferðarreiknir til að eyða fátæktargildrum

**FÉLAGSMÁL** Tilmæli í nýrri skýrslu um fátækt á Íslandi falla mörg að vinnu sem þegar hefur verið lagt í af hálfu ríkisstjórnarinnar. Þetta kom fram í máli Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra þegar hún í gærmorgun veitti viðtöku skýrslunni „Farsæld: Baráttan gegn fátækt á Íslandi“ frá Samstarfshópi um enn betra samfélag.

> Við sjáum ýmis merki í samfélaginu um að gera þurfi miklu betur á vissum sviðum.
>
> JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR FORSÆTISRÁÐHERRA

Starfshópurinn er afrakstur ákvörðunar fulltrúa Hjálparstarfs kirkjunnar og Rauða krossins í Reykjavík um að leita til félaga og stofnana um samstarf til að bregðast við fátækt. Skýrslan er hluti af þeirri vinnu.

Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi hjá Hjálparstarfi kirkjunnar, sagði sérstaklega mikilvægt að taka á kerfisbundnum fátæktargildrum, svo sem þar sem styrkveiting á einum stað, til dæmis námsstyrkur, yrði til þess að drægi úr framfærslustyrk á öðrum stað. Í niðurstöðum hópsins segir meðal annars að líta þurfi dagsins ljós „velferðarreiknir“ þar sem hægt sé að sjá samspil margvíslegra félagslegra úrræða.

Þá er lagt til að stofnað verði embætti um málefni fátækra hjá forsætisráðuneyti og heilbrigðisþjónusta barna verði gjaldfrjáls með öllu.

Jóhanna sagði mikilvægt að berjast gegn fátækt í samfélaginu. „Við sjáum ýmis merki í samfélaginu um að gera þurfi miklu betur á vissum sviðum.“ Hún benti á að á vinnumarkaði væru 60 þúsund manns sem bara væru með grunnskólapróf og að í hópi atvinnulausra væri helmingurinn bara með grunnskólapróf.

„Ég fer með þessa skýrslu inn í ríkisstjórn og ræði hana þar,“ sagði forsætisráðherra og kvað ríkisstjórnina myndu styðja við tillögur hópsins. - óká



**HALDIÐ TIL ÓSLÓ** Sendinefnd Kólumbíustjórnar á flugvellinum í Bógóta. NORDICPHOTOS/AFP

Skæruliðar í Kólumbíu:

## Friðarviðræður hafnar í Ósló

**NOREGUR Friðarviðræður milli skæruliðasveitanna FARC og Kólumbíustjórnar hófust í Ósló í gær. Þetta er í annað sinn sem reynt er að semja af alvöru um frið við skæruliðana, sem áratugum saman hafa barist við stjórnarherinn í Kólumbíu.**

**Skæruliðarnir hafa verið með stórt svæði í Kólumbíu á sínu valdi, hafa tekið gísla og tekið þátt í fíkniefnasmygli í fjáröflunarskyni, en segja baráttu sína hafa miðað að því að koma á fót sósíalisma í Kólumbíu.**

**Viðræðurnar áttu reyndar að hefjast á mánudag, en drógust vegna deilna um túlk.** - gb

**DÓMSMÁL**

### Hálfs árs fangelsi

Héraðsdómur Reykjaness hefur dæmt tæplega fertugan karl í sex mánaða fangelsi fyrir að hafa ætlað að selja 289 grömm af amfetamíni. Eiturlyfin fundust á heimili mannsins í Hafnarfirði. Manninum er jafnframt gert að greiða málskostnað.

# Vopnahlé á fórnarhátíð gæti skipt sköpum

**Lakhdar Brahimi, erindreki Sameinuðu þjóðanna og Arababandalagsins gagnvart Sýrlandi, skorar á stjórnarherinn og uppreisnarmenn að leggja niður vopn í fjóra daga meðan fórnarhátíð múslima er haldin síðar í þessum mánuði.**

**SÝRLAND, AP** „Sýrlendingar eru að grafa hundruð manna á hverjum degi, þannig að ef þeir grafa færra fólk þá daga sem hátíðin stendur yfir, þá gæti það orðið upphafið að því að Sýrland snúi aftur frá því hættulega ástandi sem landið er enn að sökkva æ dýpra í,“ sagði Lakhdar Brahimi, sérlegur friðarerindreki Sameinuðu þjóðanna og Arababandalagsins gagnvart Sýrlandi. Hann skorar á stjórnarherinn og uppreisnarmenn að leggja niður vopn í fjóra daga frá og með 26. október þegar fórnarhátíð múslíma hefst.

Brahimi skorar á sýrlensku stjórnina að taka fyrsta skrefið, því uppreisnarmenn hafi heitið því að virða vopnahléið ef stjórnarherinn leggur niður vopn.

Brahimi segist reyndar ekki gera sér miklar vonir. Hann hafi enga ákveðna friðaráætlun sambærilega því sem forveri hans, Kofi Annan, reyndi að fá uppreisnarherinn og stjórnarherinn til að vinna eftir.

Bæði stjórnarherinn og uppreisnarmenn hafa áður undirritað vopnahléssamkomulag, en síðan ekki virt slíkt samkomulag þegar á reyndi.

Jafnvel hugmyndin um þetta fjögurra daga vopnahlé virðist andvana fædd, því Sýrlandsstjórn virtist hafna henni áður en Brahimi tók til máls.



**Á GÖTU Í ALEPPO** Sýrlensk kona gengur fram hjá bifreið sem eyðilagðist í sprengjuárás. NORDICPHOTOS/AFP

„Annars vegar eru fulltrúar ríkisins, stjórnin og stjórnarherinn, en hver er hins vegar?“ var spurt í leiðara ríkisdagblaðsins Al-Thawra.

Uppreisnarsveitirnar eru í reynd sundraðar. Þær hafa engan sameiginlegan leiðtoga, eru oft á öndverðum meiði og talast sumar ekki við.

Stjórnvöld í Tyrklandi, Sádi-Arabíu og Katar hafa sýnt málstað uppreisnarmanna samúð og eru talin hafa veitt þeim aðstoð við að vígbúast og jafnvel útvegað þeim vopn. Íran og Rússland styðja hins vegar Sýrlandsstjórn og hafa útvegað stjórnarhernum fullkominn vopnabúnað.

„Þessi lönd verða að átta sig á því,“ sagði Brahimi, „að þetta ástand helst ekki innan landamæra Sýrlands til eilífðar.“

Borgarastríðið í Sýrlandi hefur að öllum líkindum kostað meira en 33 þúsund manns lífið. Meira en milljón manns hefur hrakist á flótta og er á vergangi innanlands, auk þess sem hundruð þúsunda hafa flúið yfir landamærin til nágrannalandanna. gudsteinn@frettabladid.is

Mannréttindabrot í Líbíu:

## Uppreisnarliðið tók tugi af lífi

**LÍBÍA, AP** Uppreisnarmenn í Líbíu tóku tugi stuðningsmanna Múammars Gaddafí, og líklega hann sjálfan, af lífi án dóms og laga þegar þeir náðu heimabæ hans, Sirte, á vald sitt fyrir einu ári.

Þetta fullyrða mannréttindasamtökin Human Rights Watch, sem hafa sent frá sér skýrslu um mannréttindabrot uppreisnarmanna í Sirte.

Gaddafí sjálfur féll þegar hann reyndi að flýja borgina þann 20. október á lokadögum borgarastyrjaldarinnar í Líbíu. - gb

Könnun í Danmörku:

## Fimmti hver Dani gengst við ölvunarakstri

**DANMÖRK Fimmtungur Dana gengst við því að hafa ekið bíl undir áhrifum áfengis. Þetta kemur fram í könnun sem var gerð fyrir blaðið MetroXpress.**

**Um er að ræða alvarlega meinsemd í umferðarmenningu Dana. Í fyrra voru til dæmis 50 dauðsföll rakin til ölvunaraksturs.**

**Fræðimenn sem blaðið talar við leggja áherslu á að viðhorfsbreytingar sé þörf og almenningur verði að taka afstöðu gegn ölvunarakstri. Hluti af því sé að grípa í taumana þegar vinir og kunningjar hyggjast aka undir áhrifum.** - þj

www.volkswagen.is




Volkswagen Golf BlueMotion

Sparnaðarráð frá Þýskalandi

Meðaleyðsla aðeins
3,8 lítrar á hverja 100 km**

** Miðað við blandaðan akstur á beinskiptum Volkswagen Golf BlueMotion 1.6

Das Auto.

* Volkswagen Golf var sigurvegari í árlegri sparaksturskeppni Atlantsolíu 2012, í flokki dísilbíla 1.4-1.6 cc.

Komdu og reynsluaktu Volkswagen Golf

Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

HEKLA



# Frestur til að skila ársreikningi er liðinn

*Ársreikningaskrá RSK skorar á stjórnarmenn fyrirtækja sem ekki hafa skilað ársreikningum fyrir árið 2011 að gera það nú þegar. Samkvæmt lögum er skilafrestur liðinn.*

## Skil á ársreikningi

Skorað er á stjórn félaga að senda nú þegar til ársreikningaskrár RSK ársreikning félagsins og samstæðureikning, ef það á við, vegna reikningsársins 2011.
Áskorun þessi tekur einnig til skila á eldri ársreikningum hafi þeim ekki verið skilað.

## Stjórn ber ábyrgð

Stjórnarmenn bera ábyrgð á því að ársreikningi sé skilað til ársreikningaskrár.

## Viðurlög

Vanskil á ársreikningum geta varðað sektum frá 250 til 500 þúsund króna.

## Ert þú í skilum?

Unnt er að sjá hvaða fyrirtæki eru í vanskilum á heimasíðu ríkisskattstjóra
**http://www.rsk.is/fyrirtaekjaskra/arsreikningaskra/felog-i-vanskilum/**

Athugaðu hvort þitt fyrirtæki er í vanskilum og skilaðu strax ef svo skyldi vera.

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI
ÁRSREIKNINGASKRÁ

Þjóðaratkvæðagreiðsla um drög að stjórnarskrá — 3. og 4. spurning

# Persónukjör og þjóðkirkjuákvæði

**Kjósendur geta sagt hug sinn til aukins vægis persónukjörs í stjórnarskrá á laugardag. Þá eru þeir spurðir að því hvort ákvæði um þjóðkirkju eigi að vera í stjórnarskránni.**

Ekki er kveðið á um þjóðkirkju í drögum stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá. Þar segir að í lögum megi kveða á um kirkjuskipan ríkisins og verði það gert skuli leggja það mál í þjóðaratkvæðagreiðslu. Kjósendur fá hins vegar færi á að segja af eða á um slíkt atkvæði í kosningunum á laugardag, þó reyndar sé ekkert skilgreint hvernig slíkt ákvæði eigi að vera.

Þá er einnig spurt að því hvort auka eigi vægi persónukjörs til Alþingis. Löggjafans bíður, verði það samþykkt, að útfæra það nánar. Í drögum stjórnlagaráðs segir:

„Kjósandi velur með persónukjöri frambjóðendur af listum í sínu kjördæmi eða af landslistum, eða hvort tveggja. Honum er og heimilt að merkja í stað þess við einn kjördæmislista eða einn landslista, og hefur hann þá valið alla frambjóðendur listans jafnt."

**Kolbeinn Óttarsson Proppé**
kolbeinn@frettabladid.is



## Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði ákvæði um þjóðkirkju á Íslandi?

### Já



### Sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir

**vígslubiskup á Hólum**

Já, ég vil að það verði ákvæði um þjóðkirkju í stjórnarskránni vegna þess að þjóðkirkja þjónar allri þjóðinni.

Þjóðkirkja hefur skyldur við alla þjóðina án tillits til trúfélagsaðildar. Þjónar hennar spyrja ekki um hverrar trúar fólk er þegar kemur að þjónustunni.

Þess vegna þjónar kirkjan inni í innstu dölum og úti á ystu nesjum.

Margir halda að ákvæðið um þjóðkirkjuna hafi eitthvað með fjármál að gera eða framlög ríkisins til kirkjunnar. Það er á miklum misskilningi byggt.

Á Íslandi er ekki ríkiskirkja. Það er annars vegar í gildi gagnkvæmur samningur milli ríkis og kirkjunnar um ákveðnar arðgreiðslur af kirkjujörðum sem ríkið tók yfir árið 1997. Hins vegar er samningur milli ríkis og kirkju um að ríkið innheimti svokölluð sóknargjöld fyrir kirkjuna sem ríkið skilar til sóknanna. Þess vegna er ekki um bein fjárframlög frá ríkinu til kirkjunnar að ræða og því getum við ekki talist ríkiskirkja.

En hér er þjóðkirkja og það hefur allt aðra merkingu. Ef við höfum ekki lengur þjóðkirkju á Íslandi er ekki tryggt að kirkjan geti þjónað öllum sem á kirkjunni þurfa að halda.

Við getum nefnt dæmi: Í skólum landsins eru svokölluð áfallateymi. Í þessum teymum er í langflestum tilfellum fulltrúi þjóðkirkjunnar, sem er sérmenntaður í áfallahjálp og sálgæslu. Í slíkum tilfellum kemur þjóðkirkjan að áföllum með beinum hætti. Um landið allt er þéttriðið net fagfólks á sviði sálgæslu og sorgarvinnu, sem er tilbúið til að koma hvert sem er og hvenær sem er til hjálpar. Það er köllun íslensku þjóðkirkjunnar.

### Nei



### Sr. Örn Bárður Jónsson

**sóknarprestur í Neskirkju**

Fólk sem segir nei við þessari spurningu getur gert það á margs konar forsendum. Ég nefni hér nokkrar.

Sumir vilja að mínu áliti vinna gegn þjóðkirkjunni með öllum ráðum og vilja helst koma í veg fyrir allt trúarstarf á hennar vegum. Nokkrir herskáir einstaklingar hafa farið mikinn á liðnum misserum og ráðist harkalega gegn kirkju og kristni og feta þar í fótspor erlendra „trúarleiðtoga" sinna eins og t.a.m. Richard Dawkins og Christopher Hitchens sem báðir hafa tekið stórt upp í sig og flutt mál og röksemdir sem fræðimenn hafa hrakið með góðum rökum. Nefni ég í því sambandi heimspekinginn Alvin Plantinga. Áróður af þessu tagi hefur snúið sumu fólki frá kirkju og kristni en eflt aðra til enn frekari dáða fyrir hönd kirkju og kristni.

Þá eru það þau sem telja að kirkjan sé á spena ríkisins og taka engum rökum eins og þeim að eignir kirkjunnar standi undir rekstri hennar og sóknargjöldin séu meðlimagjöld sem ríkið innheimtir fyrir öll trúfélög, kristin og ekki kristin.

Svo eru það aðrir sem á forsendum jafnræðis milli trúfélaga vilja ekki að neitt trúfélag sé nefnt í nýrri stjórnarskrá.

Og loks eru það þau sem telja að þjóðkirkjunni sé fyrir bestu að vera frjáls og óháð að svo miklu leyti sem það er hægt fyrir stofnun með meirihluta þjóðarinnar innanborðs og þjónustu um land allt. Núverandi stjórnarskrárákvæði um vernd og stuðning ríkis við þjóðkirkjuna hefur litla þýðingu eins og dæmin sanna og birst hefur í því að ríkið skilar ekki nema hluta sóknargjalda sem það innheimtir fyrir öll trúfélög. Það þykir ekki gott og allra síst í ljósi boðorðanna 10 að innheimtuaðili taki sér „kött".

Ég er talsmaður frjálsrar og öflugrar þjóðkirkju og stend því með samþykkt stjórnlagaráðs. Ég óttast að stjórnarskrárgrein um þjóðkirkjuna verði henni dýrkeypt þegar til lengdar lætur. Ríki og kirkja hafa gert með sér samning um fjármál og hann hlýtur að gilda áfram. Báðir aðilar geta komið sér saman um að segja samningnum upp en ég er ekki viss um að ríkið vilji það eða að það borgi sig fyrir ríkið. Ég bendi á að í Finnlandi eru tvær þjóðkirkjur, sú lúterska með meirihluta þjóðar innanborðs og svo rétttrúnaðarkirkjan með 1,1% íbúa sem meðlimi. Hvorug þeirra er í finnsku stjórnarskránni. Hin evangelíska lúterska þjóðkirkja á Íslandi mun lifa áfram hvort sem hennar verður getið í stjórnarskrá eða ekki. Kirkjan þarf að vera öflug af og í sjálfri sér.

## Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði persónukjör í kosningum til Alþingis heimilað í meira mæli en nú er?

### Já



### Katrín Oddsdóttir

**lögfræðingur og fulltrúi í stjórnlagaráði**

Á laugardaginn fáum við einstakt tækifæri. Við getum tekið þátt í að móta söguna með því að setja Íslandi nýjan og betri samfélagssáttmála. Ég mun nýta kosningarétt minn og ætla að segja já við því að tillögur stjórnlagaráðs verði lagðar til grundvallar nýrri stjórnarskrá. Ekki bara vegna þess að þær eru betri en núverandi stjórnarskrá heldur vegna þess að ég trúi því að þær muni stórbæta íslenskt samfélag með því að auka gegnsæi, valddreifingu og ábyrgð.

Ég ætla jafnframt að segja já við spurningu nr. 4 sem fjallar um það hvort heimila eigi persónukjör í stjórnarskrá í auknum mæli en nú er. Með persónukjöri er átt við að kjósandi geti kosið einstaka frambjóðendur, einn eða fleiri, af lista á kjörseðli í stað þess að kjósa einungis á milli lista stjórnmálaflokka eins og tíðkast hefur í alþingiskosningum á Íslandi. Þess ber að geta engin ákvæði eru um persónukjör í núgildandi stjórnarskrá.

Ég tel að með því að setja inn heimild til slíkrar kosningaaðferðar verði skapað mikilvægt mótvægi við flokkakerfið sem, þrátt fyrir ýmsa kosti, hefur reynst okkur Íslendingum dýrkeypt.

### Nei



### Haukur Arnþórsson

**stjórnsýslufræðingur**

Það er í hæsta máta lýðræðislegt að almenningur hafi áhrif á val fulltrúa sinna. En það má framkvæma á margan hátt.

Slíkt val þarf fyrst og fremst að styðja stjórnmálastarf. Lýðræðislegt hlutverk stjórnmálaflokka er stórt; þeir eiga að leggja samfélaginu til stefnu, gildi og viðmiðanir, leiða stjórnkerfið og skapa samfellu í stjórnmálastarfi. Þeir þurfa að vera í nánu sambandi við almenna flokksmenn, afla samþykkis þeirra og sameina sjónarmið fólks sem deilir samfélagslegum grunngildum.

Ef álitið er að flokkarnir hér á landi sinni hlutverkum sínum illa þyrfti væntanlega að gera flokksstarf öflugra og eftirsóknarverðara. Þannig má rökstyðja að lýðræðið batni ef stofnanir þeirra og flokksmenn velji fulltrúa sem hafa staðið sig vel í flokksstarfinu fremur en að leitað sé til þjóðþekktra einstaklinga frá öðrum vettvangi.

Þótt Danir hafi farið í þessa átt, en flokkarnir þar geta valið hvort þeir raða frambjóðendum á lista eða láta kjósendur um það, er gengið lengra hér, því persónukjör verður ófrávíkjanleg regla. Tillaga stjórnlagaráðs hentar best þar sem ekki er fjölflokkakerfi. Þar er ekki kosið milli flokka, heldur frambjóðenda.

Persónukjör er algengt í engilsaxneskum ríkjum. Oftast í litlum kjördæmum sem eiga eitt eða fá þingsæti. Við þær aðstæður velja kjósendur milli persóna sem eru frá ólíkum stjórnmálaflokkum og flokkarnir hafa valið fyrir þá. Þá leið mætti fara hér á landi. Með því myndi vinnast þrennt: að kjósendur veldu milli persóna, að stjórnmálaflokkarnir veldu einstaklinga til framboðs og að fulltrúarnir yrðu tengdari kjósendum sínum en þeir eru nú í stórum kjördæmum. Það gæti unnið gegn lýðræðishættum netsins.






**Komdu og gerðu góð kaup á Ljósadögum Pfaff. Þú færð ókeypis ráðgjöf ljósahönnuðar, toppgæði og glæsilega hönnun á frábæru verði hjá okkur.**



LOFTLJÓS HALOGEN 50W — SPARAÐU 33%
VERÐ ÁÐUR 11.950,- **NÚ 8.000,-**



**ATOMITA** LJÓSAKRÓNA — **NÝTT**
VERÐ 119.900,-



SEVENTIES — **NÝTT**
VERÐ 59.900,-



LOFTLJÓS 7x20W — SPARAÐU 45%
VERÐ ÁÐUR 45.900,- **NÚ 25.000,-**



**VEGGLJÓS** — **NÝTT**
VERÐ 16.900,-



**BORÐLAMPI**
VERÐ ÁÐUR 29.900,- **NÚ 19.000,-**
**LJÓSAKRÓNA** — SPARAÐU 36%
VERÐ ÁÐUR 29.900,- **NÚ 19.000,-**



**PEARL** LJÓSAKRÓNA — **NÝTT**
VERÐ 79.900,



**DUBLIN** GÓLFLAMPI — SPARAÐU 40%
VERÐ ÁÐUR 24.900,- **NÚ 15.000,-**



**CUBE** VEGGLJÓS — SPARAÐU 45%
VERÐ ÁÐUR 12.900,- **NÚ 7.000,-**

kíktu inn á **www.pfaff.is**

Pfaff // Grensásvegi 13 // Sími 414 0400

PFAFF

DYNAMO REYKJAVÍK

FJÖGUR ÁR FRÁ EFNAHAGSHRUNI – SJÖTTA GREIN

# Stærri og færri ráðuneyti

**Umfangsmiklar breytingar hafa orðið á íslensku stjórnkerfi í kjölfar hrunsins. Ríkisstjórnin setti sér þá stefnu í stjórnarsáttmála að fækka ráðuneytum og stækka þau og sérstök úttekt var gerð á fyrirkomulaginu. Aukið vald forsætisráðherra er gagnrýnt.**



STJÓRNIN KYNNT Kveðið var á um stjórnkerfisbreytingar í stjórnarsáttmála Samfylkingarinnar og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs. Rannsóknarskýrsla Alþingis gagnrýndi veikar einingar í stjórnsýslunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Rannsóknarnefnd Alþingis komst að þeirri niðurstöðu að ýmsir þættir í íslenskri stjórnsýslu væru veikir. Nokkur óvissa ríkti um hvað séu eðlilegir starfshættir í ríkisstjórn og verkstjórnarvald forsætisráðherra væri lítt skilgreint.

Fundið var að því að í lögum væri ekki að finna á einum stað afmörkun á inntaki valdheimilda og skyldna sem felast í yfirstjórn ráðherra. „Síðustu áratugi hefur það færst í vöxt að stefnumótun ríkisstjórnar sé aðallega í höndum þeirra ráðherra sem eru formenn eða oddvitar þeirra flokka sem styðja ríkisstjórnina á Alþingi.“

Þá var einnig komið inn á ráðherranefndir og samstarf einstakra ráðherra sín á milli.

### Breytingar boðaðar

Ríkisstjórn Samfylkingarinnar og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs kynnti stjórnarsáttmála sinn 10. maí 2009. Þar var kveðið á um umtalsverðar stjórnkerfisumbætur sem ættu að gera þjónustu hins opinbera eins góða og kostur er.

Boðað var að ráðuneytum yrði fækkað úr tólf í níu, komið yrði á fót atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Þá mundi öll eignaumsýsla ríkisins færast til fjármálaráðuneytisins og í nýju ráðuneyti mannréttinda og dómsmála yrði lögð áhersla á lýð- og mannréttindi auk þess sem öll umsýsla kosninga yrði þar.

„Heilbrigðisráðuneyti og félags- og tryggingamálaráðuneyti verða óbreytt að öðru leyti en því að stefnt er að því að auka samvinnu milli ráðuneytanna um verkefni sem heyra undir bæði ráðuneyti.“ Þau ráðuneyti sameinuðust síðar í velferðarráðuneyti.

### Tillögur nefndar

Forsætisráðuneytið skipaði nefnd, undir forystu Gunnars Helga Kristinssonar, sem lagði fram ítarlegar tillögur að breytingum. Lagt var til að faglegur grundvöllur stjórnsýslunnar yrði efldur með stærri ráðuneytum og stofnunum. Þá þyrfti að bæta vinnubrögð pólitískrar forystu og skerpa á forystuhlutverki forsætisráðherra.

Huga þyrfti að samhæfingu og reglufestu í stjórnsýslunni, meðal annars með því að skýra skyldur varðandi skráningu upplýsinga.

Í fjórða lagi var lagt til að hlutverk eftirlitsaðila með fjármálamarkaði yrðu skýrð og loks að efla þyrfti aðhald Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu.

### Meira vald forsætisráðherra

Jóhanna Sigurðardóttir mælti fyrir breytingum á lögum um stjórnarráðið 11. apríl 2011 og það varð að lögum 17. september sama ár. Nokkuð var deilt um lögin og gagnrýndu ýmsir, til að mynda Jón Bjarnason, þingmaður Vinstri grænna, að með þeim væri vald forsætisráðherra aukið til muna.

Þá tafðist að afgreiða það úr nefnd þar sem Þráinn Bertelsson, þingmaður Vinstri grænna, vildi skýrari ákvæði varðandi upptökur á ríkisstjórnarfundum. Hljóðrit ríkisstjórnarfunda geymast á Þjóðskjalasafninu og verða gerð opinber eftir þrjátíu ár.

Eftir breytinguna hefur forsætisráðherra meira vald til þess að breyta verkaskiptingu á milli ráðuneyta.

Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is



**8 RÁÐUNEYTI** eru starfandi eftir breytingarnar.

**12 RÁÐUNEYTI** voru í ríkisstjórn Geirs H. Haarde sem fór frá í febrúar 2009.

**3 BANKASTJÓRAR** voru við Seðlabankann en í dag er hann 1.

„Jafnframt virðist hið pólitíska vald búa við ófullnægjandi aðhald innan úr stjórnsýslunni og utan frá, hjá þingi, fjölmiðlum og mennta- og vísindastofnunum.

SKÝRSLA STARFSHÓPS FORSÆTISRÁÐUNEYTISINS

## Brugðist við gagnrýni rannsóknarskýrslu

Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor við Háskóla Íslands skrifar



Í kjölfar hrunsins var gagnrýni á framkvæmdarvaldið og skipulag þess áberandi m.a. í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis. Segja má – ef til vill nokkuð einfaldað – að gagnrýni á stjórnsýsluna í aðdraganda hrunsins hafi aðallega verið þrenns konar. Í fyrsta lagi að stjórnsýslan væri sundurlaus og skorti samhæfingu og forystu. Í því efni var meðal annars staðnæmst við nokkuð óljóst hlutverk og ábyrgð forsætisráðherra auk þess sem upplýsingamiðlun og meðferð upplýsinga var ábótavant. Í öðru lagi var bent á að ráðuneytin væru mörg og fáliðuð sem leiddi til þess að þau voru faglega veikari en æskilegt er. Það hafði áhrif á faglegan undirbúning ákvarðana og gat leitt til þess að þau væru yfirspiluð af sterkum hagsmunaaðilum. Loks var fundið að því að sveigjanleikinn í störfum stjórnarráðsins væri ekki nægur, meðal annars vegna þess að tilvist ráðuneyta var bundin í lög, sem gerði ríkisstjórn erfitt með að forgangsraða í samræmi við pólitíska stefnumörkun á hverjum tíma.

Í stjórnarsáttmála Samfylkingarinnar og Vinstri grænna frá 10. maí 2009 var tekið á ýmsum af þessum atriðum, ekki síst með áformum um fækkun ráðuneyta og aukinni áherslu á samræmingu og samhæfingu, en jafnframt skyldi forysta og ábyrgð forsætisráðherra skýrð. Í framkvæmd hefur þetta leitt til fækkunar ráðuneyta í átta, ráðuneytin eru fá og flest sæmilega stór og átak hefur verið gert í því að auka á samhæfingu og skýra ábyrgð forystumanna í ríkisstjórn. Segja má þannig að ríkisstjórnin hafi staðið við þau fyrirheit sem gefin voru í stjórnarsáttmála.

Hvernig þessar breytingar munu reynast á hins vegar eftir að koma í ljós. Ljóst er að þrýstingur verður á fjölgun ráðuneyta og ráðherrastóla, meðal annars við stjórnarmyndanir. Það mun jafnframt taka nokkurn tíma fyrir ráðuneytin að jafna sig á þeirri röskun sem breytingunum fylgir og ekki víst að árangurinn komi í ljós fyrr en að nokkrum tíma liðnum. Hins vegar held ég að þessar breytingar séu að mörgu leyti í samræmi við það sem flestir þeirra sem um málið hafa fjallað á undanförnum árum og áratugum hafa talið skynsamlegt.



EGF

# EGF HÚÐVÖRUDAGAR Í HAGKAUP 18.-24. OKTÓBER

EGF húðvörurnar eru afrakstur íslenskrar nýsköpunar og vísindarannsókna. Þær innihalda EGF frumuvaka sem stuðlar að endurnýjun húðarinnar og gefur henni frísklegt yfirbragð.







## KAUPAUKI

**Kaupaukinn* er þinn ef keyptar eru EGF húðvörur fyrir 6.900 kr. eða meira**

* Takmarkað magn

Fylgstu með á Facebook.com/EGFhudvorur

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

markhonnun.is

# nettó
Kræsingar & kostakjör

NÝTT KORTA TÍMABIL




## LAMBASÚPUKJÖT
BLANDAÐ

**797**
ÁÐUR 896 KR/KG

# MUNIÐ HAUSTDAGA NETTÓ MJÓDD

### KALKÚNALEGGIR
LAUSFRYSTIR

30% AFSLÁTTUR



**489**
ÁÐUR 698 KR/KG

### KJÚKLINGABRINGUR
NETTÓ



**1.790**
ÁÐUR 2.295 KR/KG

### SVIÐAHAUSAR
1 HAUS/PK



40% AFSLÁTTUR

**199**
ÁÐUR 332 KR/PK

### LAX
FERSKUR
1/2 FLAK

Ópal Sjávarfang



25% AFSLÁTTUR

**1.499**
ÁÐUR 1.998 KR/KG

### ÞORSKBITAR
ROÐ- OG BEINLAUSIR
800 G



30% AFSLÁTTUR

FRYSTIVARA

**699**
ÁÐUR 998 KR/PK

### SUSHI
24 BITAR
451 G
FROSIÐ




**1.698** KR/PK

www.netto.is

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |



# KJÚKLINGA-VÆNGIR

BBQ STEIKTIR Í FÖTU

45% AFSLÁTTUR

**384**

ÁÐUR 698 KR/FATAN

# FULL BÚÐ AF FRÁBÆRUM TILBOÐUM

**SINALCO**
ORANGE
1,5 L




**199**

ÁÐUR 259 KR/STK

**MJÚKIS**
SÚKKULAÐI EÐA VANILLU
1 LTR




30% AFSLÁTTUR

**391**

ÁÐUR 559 KR/PK

**LÝSISPERLUR**
100 STK.



50% AFSLÁTTUR

**245**

ÁÐUR 489 KR/PK

**MANGÓ**



50% AFSLÁTTUR

**218**

ÁÐUR 436 KR/KG

**COLA EÐA DIET COLA**
2 LTR
CO-OPERATIVE



**169**

ÁÐUR 198 KR/STK

NÝTT KORTA TÍMABIL

**SNÚÐAR EÐA KANILSNÚÐAR**
BAKAÐ Á STAÐNUM*



50% AFSLÁTTUR

**99**

ÁÐUR 198 KR/STK

**Tilboðin gilda 18. - 21 . okt.**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# neytendur
*hagur heimilanna*

**137 PRÓSENTUM** meira, að jafnaði, kostar að láta klippa barn í dag en árið 1998. Þá var verðið um 1.300 krónur, en það er tæpar 3.100 krónur í dag. Það hefur raunar hækkað um 73 prósent síðan árið 2005, þegar verðið var 1.780 krónur að meðaltali.

## GÓÐ HÚSRÁÐ Erfiðar plastumbúðir

*Dósaopnari kann að koma að gagni*



Stundum taka framleiðendur margvíslegs varnings upp á þeim óskunda að pakka þeim í harðar plastumbúðir.

Fjölmargir hafa rifið hár sitt og skegg við að ná úr slíkum pakkningum minnislyklum, farsímum eða ýmsum öðrum smáhlutum. Mest er þó kaldhæðnin þegar vasahnífum, skærum og hnífum er pakkað í svona harðplastumbúðir.

Skæri vilja meira að segja skrika til á svona umbúðum og því ekki alveg hættulaust að beita þeim. Verkfæri sem virkar er hins vegar dósaupptakarinn. Þegar búið er að láta hann klípa sig fastan þá er komið bæði gott grip og auðvelt að snúa hnífnum sem sker sig í gegnum umbúðirnar.

**Ferðalög**

## Ekki alltaf skynsamlegt að kaupa borgarkort



Umtalsverður munur er frá einni borg til annarrar á því hversu víða borgarkort, sem veitir aðgang að markverðum stöðum og almannasamgöngum, gildir og hversu hagkvæmt það yfirleitt er að kaupa borgarkortið. Á vef Félags íslenskra bifreiðaeigenda er sagt frá könnun Euro Test þar sem borin voru saman kort sextán evrópskra borga. Langflest kortanna fengu einkunnina „í meðallagi“. Einkunnina „ábótavant“ fengu Berlin CityTourCard, The Paris Pass og The Berlin Pass. Þriðja Berlínarkortið, Berlin Welcome Card, er hins vegar í flokki hinna meðalgóðu korta. Vínarkortið Wien Card, sem er í efsta sætinu, er næstódýrasta kortið í könnuninni. Aðeins Zagreb Card kortið er ódýrara.

**Snyrtivörur**

## Tennurnar urðu dekkri af tannhvíttunarkremi



Hætt hefur verið að auglýsa tannkrem sem fullyrt var að gerði tennurnar skínandi hvítar eftir að fregnir bárust af því að tannkremið gæti einnig gert tennurnar dekkri. Í auglýsingunni sagði bresk sjónvarpspersóna að tennurnar yrðu jafnhvítar og hennar ef menn notuðu tannkremið Arm & Hammer's Advanced Whitening. Samkvæmt könnun framleiðandans fengu 39 prósent notenda hvítari tennur. Hins vegar var ekki greint frá því að fjórðungur fékk dekkri tennur, að því er greint er frá á vefnum metro.se sem vitnar í Daily Mail.

# Gera á tillögur um auðveldari póstverslun

**Innheimtir skattar og gjöld af 3.630 sendingum smápakka árið 2010 hér á landi voru lægri en 100 krónur vegna hvers pakka. Heildartekjur ríkisins af þessum pökkum voru 241 þúsund krónur. Umsýslan við innheimtuna kostaði neytendur um tvær milljónir króna í formi tollmeðferðargjalda.**



**PÓSTSENDINGAR** Aukagjöld eru í mörgum tilvikum hærri en upprunalegt verð vörunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Póstverslun á Íslandi er vanþróuð. Þetta er mat Richards Pomp, lögfræðiprófessors við fylkisháskólann í Connecticut í Bandaríkjunum. Vitnað er í erindi hans hér á landi í byrjun ársins í greinargerð með þingsályktunartillögu um aðgerðir til að efla og auðvelda póstverslun. Pomp benti á að neytendur fyndu aðrar leiðir, löglegar, svo sem verslunarflugferðir, eða ólöglegar leiðir, svo sem skipulegar sendingar „gjafa“ frá útlöndum. Samkvæmt þingsályktunartillögunni á að setja á laggirnar starfshóp sem skila á tillögum um úrbætur fyrir 1. september á næsta ári. Neytendasamtökin fagna því að þingsályktunartillagan hafi verið samþykkt.

„Við erum mjög ánægð með að koma eigi einhverju skikki á þetta. Við höfum sérstaklega viljað fá fellda niður tolla af smásendingum. Í mörgum tilvikum er kostnaður við aukagjöld mun hærri en upprunalegt verð vörunnar. Ég hef sjálf keypt á netinu bók sem kostaði um 500 íslenskar krónur. Skattur og gjöld voru hærri en verð bókarinnar. Pósturinn leggur á fast tollmeðferðargjald sem er 550 krónur og virðisaukaskatturinn af bókinni var um 30 krónur,“ segir Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur Neytendasamtakanna.

### Kaup á rafbókum, tónlist og tölvuleikjum

Erlendir aðilar sem selja rafbækur, tónlist og tölvuleiki á netinu eiga sjálfir að sjá um að innheimta og skila virðisaukaskatti til ríkissjóðs ef þeir selja fyrir meira en 1 milljón króna árlega til Íslands. Þetta kemur fram í umsögn Neytendasamtakanna um þingsályktunartillögu um auðveldun póstverslunar. Samtökin segja að ef þessum lögum verði framfylgt muni það setja tóninn fyrir einfaldara kerfi sem gæti komið íslenskum neytendum til góða.

Í umsögn samtakanna um framangreinda þingsályktunartillögu er bent á að verslun utan landsteinanna veiti seljendum innanlands mikilvægt aðhald á samkeppnismarkaði. Því sé brýnt að auðvelda neytendum hér á landi viðskipti í netverslun. Þar segir jafnframt að Neytendasamtökin leggi áherslu á að töku opinberra gjalda og umsýslukostnaði verði haldið í lágmarki og gjaldtakan gerð gagnsærri.

„Við teljum eðlilegt að setja eigi ákveðið lágmark. Hjá Evrópusambandinu eru sendingar að verðmæti undir 20 evrum undanþegnar skatti,“ segir Hildigunnur.

Fram kemur í umsögn Neytendasamtakanna að innheimtir skattar og gjöld af 3.630 sendingum árið 2010 hafi verið lægri en 100 krónur vegna hvers pakka. Heildartekjur ríkisins af pökkunum voru 241 þúsund krónur en umsýslan við innheimtuna, það er tollmeðferðargjald, hafi kostað neytendur um tvær milljónir króna.

ibs@frettabladid.is




LÁTTU FAGMENN META GULLIÐ

Sérstaða okkar hjá **Jóni og Óskari** er sú að við höfum keypt og selt gull í 41 ár og búum því yfir mikilli þekkingu, reynslu og fagmennsku á þessu sviði.

Við kaupum til endurvinnslu allar tegundir af **gullskartgripum**, gamla og nýja, gullúr, tanngull, gullpeninga, hvers kyns silfur og demanta í betri skartgripagæðum.

Við bjóðum gott og alþjóðlega samkeppnishæft verð fyrir gripina og framleiðum úr öllu gulli sem við kaupum. Þannig spörum við gjaldeyri.

Komdu til okkar á **Laugaveg 61** og leyfðu okkur að veita þér **faglega ráðgjöf** sem tryggir að þú færð rétta greiningu á þínum verðmætum. **Það skiptir mestu máli.**

Við staðgreiðum allt gull en áskiljum okkur rétt til að biðja um persónuskilríki. Aðeins í verslun okkar að Laugavegi 61, virka daga milli kl. 10–18.

Góð séraðstaða þar sem gull er metið í ró og næði.

JÓN & ÓSKAR

PIPAR\TBWA • SÍA • 121816

www.jonogoskar.is Sími 5524910 / Laugavegi 61 / Kringlan / Smáralind




**FIMLEIKAR** Dýrustu fimleikanámskeiðin eru hjá Gerplu samkvæmt könnun ASÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Könnun ASÍ á verði íþróttanámskeiða fyrir börn:

# Mikill verðmunur á námskeiðum barna

Mikill verðmunur er á hæsta og lægsta verði handbolta- og fimleikanámskeiða fyrir börn hjá fjölmennustu íþróttafélögum landsins.

Verðlagseftirlit ASÍ bar saman gjaldskrá fyrir sex til átta ára börn sem æfa tvær klukkustundir á viku og fyrir átta til tíu ára börn sem æfa fjórar klukkustundir á viku. Tekinn var saman æfingakostnaður fram að jólum. Ekki er tekið tillit til þess hvaða tegund fimleika verið er að æfa.

Dýrast er að æfa tvær klst. á viku fyrir sex til átta ára börn hjá Gerplu þar sem það kostar 40.617 krónur. Ódýrast er það á 14.500 krónur hjá Hamri. Verðmunurinn er 180 prósent. Dýrast er að æfa fjórar klst. á viku fyrir átta til tíu ára börn á 54.579 krónur hjá Gerplu en ódýrast á 22.000 krónur hjá Hamri. Verðmunurinn er 148 prósent.

Verðlagseftirlit ASÍ bar saman gjaldskrá fyrir 4., 6. og 8. flokk í handbolta fyrir allan veturinn. Ekki er tekið tillit til hversu margar æfingar er boðið upp á í viku en ekki er mikill munur á fjölda æfinga milli félaga, að því er greint er frá á vef ASÍ.

Af þeim félögum sem bjóða upp á æfingar fyrir til dæmis 8. flokk er dýrasta árgjaldið 45.000 krónur hjá Haukum en ódýrast á 22.000 krónur hjá KA. Verðmunurinn er 105 prósent.

Verðlagseftirlitið tók hvorki tillit til safnana sem íþróttafélögin standa fyrir né styrkja frá sveitarfélögunum. - ibs



Kringlukast
30% afsláttur
af völdum vörum
Kjóll
Stærðir 8-18
Fullt verð: 7.990
Með afslætti: 5.593
Kjóll
Stærðir 8-18
Fullt verð: 8.990
Með afslætti: 6.293
Hneppt peysa
Stærðir 10-20
Fullt verð: 6.990
Með afslætti: 4.893
Blússa
Stærðir 6-18
Fullt verð: 5.990
Með afslætti: 4.193
Úlpa (Fæst einni í grænu)
stærðir 10-18
Fullt verð: 12.990
Með afslætti: 9.093
Buxur fyrir stelpur
3-12 ára
Fullt verð: 3.990
Með afslætti: 2.793
Leggings
3-12 ára
Fullt verð: 1.990
Með afslætti: 1.393
Kjóll
3 mán.-5 ára
Fullt verð: 2.990
Með afslætti: 2.093
Kjóll
3-12 ára
Fullt verð: 4.990
Með afslætti: 3.493
Síðermabolur
3 mán. - 5 ára
Fullt verð: 1.990
Með afslætti: 1.393
Buxur fyrir stráka
3 mán.-5 ára
Fullt verð: 2.990
Með afslætti: 2.093
Hettupeysa fyrir stráka
6 mán.-4 ára
Fullt verð: 3.990
Með afslætti: 2.793
Hettupeysa fyrir stráka
3-12 ára
Fullt verð: 4.490
Með afslætti: 3.143
Peysa fyrir stráka
3 mán.-5 ára
Fullt verð: 2.990
Með afslætti: 2.093
Opið:
Fim: 10-21 | Lau: 10-18
Fös: 10-19 | Sun: 13-18
next
KRINGLUNNI • SÍMI 551 3200
Fylgstu með okkur á Facebook
Ráðandi - auglýsingastofa ehf

**159,2** **MILLJARÐAR KRÓNA** voru heildareignir íslenskra tryggingafélaga í lok ágúst síðastliðins en þær hækkuðu um 1% í mánuðinum.

# Félögum í fangi banka fækkar

**Félögum í óskyldri starfsemi sem fjármálafyrirtæki eiga hefur fækkað um 37 frá því í fyrra. Mun fleiri eru komin í söluferli og félögum í endurskipulagningu hefur fækkað niður í eitt. FME hefur ekki beitt viðurlögum þegar félög eru lengur en ár í eigu banka.**

Alls áttu fjármálafyrirtæki hlut í 95 félögum þann 1. september síðastliðinn. Í byrjun nóvember í fyrra áttu þau hlut í 132 félögum. Þeim hefur því fækkað um 37 á tæpu ári. Þetta kemur fram í grein eftir tvo sérfræðinga Fjármálaeftirlitsins (FME) í grein um málið sem birtist í nýjasta hefti Fjármála sem komu út í síðustu viku. Samkeppniseftirlitið hefur sett söluskilyrði á rúmlega þrjátíu félög sem hafa verið yfirtekin með þessum hætti. Af þeim eru einungis fimm óseld.

Samkvæmt lögum mega bankar einungis eiga fyrirtæki í óskyldri starfsemi í tólf mánuði án þess að leita eftir undanþágu vegna þess eignarhalds hjá FME. Alls uppfylla tólf þeirra 95 félaga sem nú eru í eigu banka það skilyrði en 83, eða 87 prósent, hafa fengið veittan frest. FME vill ekki veita upplýsingar um hversu langir frestirnir séu þar sem „slíkar upplýsingar eru mögulega til þess fallnar að skaða þann markað sem fyrirtækin starfa á“. FME vill heldur ekki veita upplýsingar um hvaða félög hafa ekki fengið framlengdan frest eða hvaða ástæður liggja þar að baki.

Eftirlitið upplýsir þó að það hafi í 52 tilvikum ekki gefið aukinn frest til eignarhalds heldur einungis aukinn frest til að ljúka sölu og að auki hefur það gert kröfu um slit á 22 félögum.

FME hefur ekki beitt viðurlögum gegn neinum sem verið hefur á skjön við lögin, en eftirlitinu er heimilt að beita dagsektum og/eða stjórnvaldssektum til að knýja fram sölu.

Félögum í söluferli fjölgar verulega á milli ára. Þau voru einungis fjórtán talsins í nóvember í fyrra en eru nú 52. Flest þeirra hafa þó verið í eigu fjármálafyrirtækis í meira en eitt ár. Þá hefur náðst mikill árangur við að klára endurskipulagningu félaga. Í fyrra voru 27 félög í slíku ferli en í byrjun síðasta mánaðar var það einungis eitt.

Athygli vekur að félög sem eru í 40-100% eigu fjármálafyrirtækja eru nánast jafn mörg nú og þau voru í fyrrahaust. Þá voru þau 50 en eru nú 48. Samkvæmt upplýsingum frá FME voru fimmtán þessara félaga líka í eigu banka fyrir ári, 35 félög fóru út af listanum og 33 ný komu inn á hann.

Samkeppniseftirlitið (SE) getur sett yfirtöku fjármálafyrirtækja á félögum skilyrði til að hraða endursölu og tryggja að þau starfi sem sjálfstæðir keppinautar á meðan á eignarhaldinu stendur. Páll Gunnar Pálsson, forstjóri SE, segir að eftirlitið hafi sett rúmlega þrjátíu yfirtökum hjá bönkum og Framtakssjóði Íslands (FSÍ) slík skilyrði. „Af þeim félögum sem sett hefur verið söluskilyrði eru einungis fimm óseld. Flest þeirra eru þó í söluferli.“ thordur@frettabladid.is

**Félög í eigu fjármálafyrirtækja**

| | 1. nóvember 2011 | | | | 1. september 2011 | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 10-20% | 20-40% | 40-100% | Alls | 10-20% | 20-40% | 40-100% | Alls |
| Félög með umsókn í skoðun hjá FME | | | | | 1 | 5 | 2 | 8 |
| Félög í endurskipulagningarferli | 8 | 3 | 16 | 27 | | | | 1 |
| Félög í söluferli | 6 | 2 | 6 | 14 | 4 | 17 | 31 | 52 |
| Félög í slitaferli | 1 | 4 | 28 | 33 | 4 | 3 | 15 | 22 |
| **Samtals veittur fjöldi fresta** | **15** | **9** | **50** | **74** | **9** | **26** | **48** | **83** |
| Félög innan tímamarka (12 mánuðir) | 10 | 11 | 37 | 58 | | 3 | 9 | 12 |
| **Samtals fjöldi félaga** | **25** | **20** | **87** | **132** | **9** | **29** | **57** | **95** |

**13%** félaga sem nú eru í eigu banka uppfylla skilyrði í lögum sem segir að bankar megi einungis eiga fyrirtæki í óskyldri starfsemi í tólf mánuði án þess að fá undanþágu hjá Fjármálaeftirlitinu.



**GÓÐUR GANGUR** FME hefur ekki beitt viðurlögum í þeim tilvikum sem félög hafa verið í eigu fjármálafyrirtækja lengur en í tólf mánuði, sem er hámarkið samkvæmt lögum. Þess í stað hafa þau fengið frest. Eftirlitinu er heimilt að beita sektum til að knýja fram sölu. Unnur Gunnarsdóttir er forstjóri FME. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM






**REYKJAVÍK** Íbúðalánasjóður bíður nú ákvörðunar stjórnvalda um eiginfjárframlag. Sigurður Erlingsson er forstjóri hans.

Íbúðalánasjóður segist geta greitt skuldbindingar sínar:

# Ríkið þarf að setja 12-14 milljarða í ÍLS

Íbúðalánasjóður (ÍLS) þarf tólf til fjórtán milljarða króna úr ríkissjóði til að ná lögbundnu eiginfjárhlutfalli, sem er fimm prósent. Sjóðurinn hefur ekki uppfyllt hlutfallið síðan á árinu 2008. Það var 1,4 prósent um mitt þetta ár þrátt fyrir að ríkissjóður hefði lagt ÍLS til 33 milljarða króna í fyrra. Fjárþörf ÍLS óx um tvo til fjóra milljarða króna á fyrstu sex mánuðum ársins.

Bloomberg-fréttaveitan birti frétt í gærmorgun þar sem haft var eftir Oscar Heeskerk, sérfræðingi hjá matsfyrirtækinu Moody´s, að hætta sé á því að ÍLS lendi í greiðslufalli grípi stjórnvöld ekki fljótt til ráðstafana til að hindra slíkt. Útistandandi skuldabréf sjóðsins nema 529 milljörðum króna að nafnverði. Eigendur þeirra eru að mestu leyti íslenskir lífeyrissjóðir.

Í tilkynningu sem sjóðurinn sendi frá sér í gær kemur fram að beðið sé ákvörðunar stjórnvalda um eiginfjárframlag. Sú ákvörðun snýst um „afskriftaþörf vegna niðurfærslu lána og hefur ekkert með greiðslugetu sjóðsins að gera“. Staða hans sé hins vegar sterk þar sem sjóðurinn hafi um 54 milljarða króna í lausu fé og hafi ekki þurft að sækja sér fjármagn á markað síðan í janúar 2012. Því standi ÍLS ekki frammi fyrir greiðslufalli með skuldbindingar sínar. Ríkisábyrgð er auk þess á öllum skuldbindingum sjóðsins.



**SIGURÐUR ERLINGSSON**

Greining Íslandsbanka fjallaði um stöðu ÍLS í Morgunkorni sínu í gær. Þar segir að lán upp á 7,5 milljarða króna séu í vanskilum hjá sjóðnum og að staða hans sé erfið. Útlán hans hafa auk þess dregist saman um nærri helming það sem af er ári.

- þsj


© Inter IKEA Systems B.V. 2012
995,-/stk.
STRÅLA inniseríur m/10 ljósum LED
Rafhlöðuknúið. Snjókorn/hvítt
HEMNES spegill 9.990,-
B90×H60cm. Ýmsir litir
SMYCKA gerviblóm 995,-/stk.
H60cm. Ýmsir litir
995,-/2 í pk.
STRÅLA kerti m/ljósi LED
Hvítt
NÄRHET kampavínsglös
595,-/stk.
Gler. 19cl. H20cm
FÖRTJUST
kertastjakar
895,-/stk.
Gler. H20cm
DIMMIG blómavasi 5.990,-
H46cm. Ál/hvítt
Verslun opin 11-20 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - www.IKEA.is


Jólin þín
byrja í IKEA
1.590,-
STRÅLA stjarna m/ljósi
Ø70cm. Ýmsir litir
3.690,-/stk.
STRÅLA útiseríur m/12 ljósum LED
Epli/hvítt
Fæst einnig í rauðu
RIBBA rammi 2.490,-
B50×H50cm. Ýmsir litir
STRÅLA útiseria
m/48 ljósum 4.490,- LED
Snjókorn/hvítt
IKEA

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Atkvæðagreiðslan veitir takmarkaða leiðsögn:

## Spurningarnar sem vantar

Íþjóðaratkvæðagreiðslunni á laugardaginn mun þjóðin ekki kjósa um nýja stjórnarskrá, sem hefur verið lögð fyrir hana í fullbúinni mynd. Atkvæðagreiðslan er eingöngu leiðbeinandi fyrir Alþingi, sem mun óhjákvæmilega þurfa að gera breytingar á þeim drögum stjórnlagaráðs sem nú liggja fyrir, sama hvernig atkvæðagreiðslan fer.

Það er ekki heiðarlegt af sumum stjórnlagaráðsmönnum að gefa í skyn að samþykki þjóðin að leggja tillögu stjórnlagaráðs til grundvallar nýrri stjórnarskrá, muni hún fara efnislega óbreytt í gegnum Alþingi.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Í fyrsta lagi fer það náttúrlega eftir því hvernig þjóðin svarar öðrum efnislegum spurningum á kjörseðlinum hvernig málið þróast. Í öðru lagi á Alþingi enn eftir að sinna þeirri skyldu sinni að rýna drögin efnislega og sníða af þeim ágalla. Í þriðja lagi er spurningalistinn, sem nú er lagður fyrir þjóðina, býsna handahófskenndur og meirihluti Alþingis hefur í raun aldrei rökstutt af hverju þjóðin á að svara þessum spurningum en ekki ýmsum öðrum í þessari stóru skoðanakönnun.

Að minnsta kosti tvær spurningar, sem augljóslega áttu að vera á kjörseðlinum, eru ekki þar. Annars vegar er sá þáttur stjórnskipunarinnar, sem helzt hefur verið deilt um bæði fyrir og eftir hrun, hlutverk og valdsvið forsetaembættisins og þá helzt málskotsréttur forsetans. Það er í raun óskiljanlegt að engin spurning þessa efnis skuli vera á kjörseðlinum.

Hins vegar hefði verið full ástæða til að spyrja þjóðina álits á þeirri ákvörðun stjórnlagaráðs að gefa svokölluðum efnahags- og félagslegum réttindum stóraukið vægi í mannréttindakafla stjórnarskrárinnar. Dæmi um slík réttindi er í 23. grein draga stjórnlagaráðs, þar sem segir að allir eigi „rétt til að njóta andlegrar og líkamlegrar heilsu að hæsta marki sem unnt er“ og að öllum skuli með lögum tryggður „rétt-ur til aðgengilegrar, viðeigandi og fullnægjandi heilbrigðisþjónustu“.

Réttindi af þessu tagi eru annars eðlis en hin klassísku borgaralegu og stjórnmálalegu réttindi, til dæmis jafn atkvæðisréttur eða tjáningar- og fundafrelsi, sem snúast fyrst og fremst um að ríkið láti þegnana í friði. Efnahagslegu og félagslegu réttindin snúast um verkn-aðarskyldur ríkisins gagnvart borgurunum og eru galopin fyrir túlkun. Ætli menn að byggja rétt á þeim fyrir dómstólum eru dómararnir í raun komnir inn á svið sem til þessa hefur tilheyrt stjórnmálunum; til dæmis að kveða upp úr um hversu miklu megi kosta til að allir njóti „fullnægjandi heilbrigðisþjónustu“.

Í ljósi þess að mannréttindakafli stjórnarskrárinnar var endurskoðaður 1995 og þá var þverpólitísk sátt um að halda sig fyrst og fremst við hin klassísku mannréttindi, hefði verið full ástæða til að spyrja þjóðina álits á þessum þætti draga stjórnlagaráðs.

Þeir sem hefðu viljað fá að svara til dæmis þessum tveimur spurningum en fá ekki eru líklegri til að segja nei við tillögum stjórnlagaráðs í heild en ella.

Það er ekki ástæða til annars en að hvetja fólk til að mæta á kjörstað á laugardaginn. Kosningaréttinn á alltaf að nota. En kjósendur verða að vera meðvitaðir um að atkvæði þeirra er eingöngu til leiðbeiningar fyrir Alþingi – og veitir meira að segja fremur takmarkaða leiðsögn.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ný söguskoðun

Vefsíðan Áttavitinn, sem á að ná til ungs fólks á aldrinum 16 til 25 ára, hefur fengið Erp Eyvindarson til að fræða áhorfendur um sögu stjórnarskrárinnar. Erpur segir frá fyrstu stjórnarskránni frá 1874 og segir síðan: „Árið 1904 fengum við heimastjórn, 1920 fullveldi og 1944 sjálfstæði Íslendinga.“ Þetta er athyglisvert, þar sem Íslendingar fengu fullveldi árið 1918. Raunar höldum við upp á það fullveldi 1. desember ár hvert, en þá er almennt talið að fullveldi hafi náðst.



### Fullveldi unga fólksins

Hins vegar tiltekur Erpur að þessi ár hafi stjórnarskránni verið breytt og er það vissulega rétt að árið 1920 var samþykkt fyrsta stjórnarskrá Íslands eftir fullveldi. Fullveldið fékkst þó 1. desember 1918, eða vilja Erpur og Áttavitinn að fullveldi unga fólksins miðist við 18. maí, þegar stjórnarskráin var samþykkt árið 1920?

### Frelsi hins eina

Árni Johnsen var á Beinni línu í DV í gær spurður að því hvers vegna Sjálfstæðisflokkurinn væri meðal annars á móti lýðræði og trúfrelsi. Eðlilega sagði hann þetta öfugmæli, enda hefði flokkurinn verið höfuðstuðningsmaður lýðræðis frá því hann barðist fyrir sjálfstæði Íslands og fyrr. Þá hefði hann, öðrum flokkum fremur, barist fyrir trúfrelsi, enda „varið þjóðkirkjuna sem höfuðstofnun trúarstarfs á Íslandi“ en það er nú einmitt það sem margir gagnrýna varðandi trúfrelsi; að eitt trúfélag sé tekið fram yfir önnur.



kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Þjóðhollusta

Ný stjórnarskrá



Mörður Árnason
ný stjórnarskrá

Á 19. öld fólst þjóðhollusta í sjálfstæðisbaráttu, framfaratrú og Danahatri. Þeir tímar eru liðnir, sem betur fer! – en kannski getur hugtakið haft gildi ennþá á 21. öld: Að vera hollur þjóð sinni, vilja veg hennar sem mestan og þó einkum sem bestan, auðvitað án nokkurra illinda við annað fólk í heiminum.

Mér sýnist einmitt þetta orð eiga vel við um þátttöku í atkvæðagreiðslunni um stjórnarskrárdrögin laugardaginn 20. október. Eftir að yfir dundu fjárhagslegar, pólitískar og sálrænar hörmungar fyrir réttum fjórum árum hefur okkur þrátt fyrir allt tekist að vinna vel á nokkrum mikilsverðum sviðum. Eitt af þessu er stjórnarskrárverkið þar sem mikill meirihluti landsmanna ákvað að endurnýja fornfálegg og gölluð grunnlög sem eiga sinn þátt í aðdraganda hrunsins og eftirmálum. Þjóðfundur, almennt kjör stjórnlagafulltrúa, einróma niðurstaða ráðsins, vinna í þinginu og svo aftur út til þjóðarinnar – þegar menn líta yfir þetta og leggja til hliðar gleraugu gremjunnar og sjónauka yfirlætisins kemur í ljós merkileg lýðræðistilraun sem hefur fætt af sér margskonar umbótatillögur í frumvarpsdrögunum frá stjórnlagaráðinu. Erlendis er mjög spurt um þetta starf, svo sem þar sem ég hef starfað á Evrópuráðsþinginu í Strassborg, og þykir til fyrirmyndar.

> Sjálfur tel ég að það eigi hiklaust að starfa áfram á grundvelli tillagnanna frá ráðinu.

Nú erum við kvödd að kjörborðinu til að veita leiðsögn um framhaldið. Sjálfur tel ég að það eigi hiklaust að starfa áfram á grundvelli tillagnanna frá ráðinu. Ég fagna líka efnisspurningunum, alveg sérstaklega þeirri um þjóðareign Íslandsauðlinda. Aðrir hafa sína skoðun á þessum álitamálum, eins og gengur.

Það sem skiptir mestu máli er að Íslendingar taki sem flestir þátt í að móta framtíð lands og fólks með því að taka nú afstöðu til stjórnarskrármálsins og greiða atkvæði hinn 20. október (eða fyrr, svo sem í Laugardalshöll 10–20 alla daga). Til þess hvet ég alla þjóðholla karla og konur.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Flökku-saga?

Trúmál

Sigurður Pálsson
fv. sóknarprestur



Valgarður Guðjónsson, félagi í Siðmennt, var á tali í Silfri Egils sl. sunnudag. Umræðuefnið var spurningin um hvort ákvæði um Þjóðkirkjuna ætti að vera í stjórnarskrá. Þar bar á góma að Mannréttindadómstóll Evrópu hefði tjáð sig um að það væri ekki brot á mannréttindum þótt eitt trúfélag nyti stuðnings ríkisvaldsins umfram önnur. Valgarður kvaðst hafa heyrt einhverjar „flökkusögur“ um þetta en ekki fengið neina tilvísun í gögn frá dómstólnum. Svo vill til að ég get vísað Valgarði á slóðina: http://www.strasbourgconsortium.org/document.php?DocumentID=4519.

Málið snerist reyndar ekki um tengsl ríkis og kirkju. Umræddur dómur var felldur í máli sem Grikki að nafni Kokkinakis höfðaði. Hann hafði gengið til liðs við Votta Jehóva og haft í frammi mótmæli gegn grísku rétttrúnaðarkirkjunni og var dæmdur til refsingar fyrir. Dómstóllinn kvað upp úr með að mannréttindi hefðu verið brotin á manninum. Í rökum fyrir dómsniðurstöðunni er rætt um stöðu grísku rétttrúnaðarkirkjunnar gagnvart gríska ríkinu og þar er yrt um að það sé ekki brot á Mannréttindasáttmála Evrópu þótt ein kirkjudeild njóti stuðnings ríkisvaldsins umfram önnur. Ítarlega umfjöllun um þetta efni má finna í bókinni Law and Religion, Current Legal Issues Volume 4, 2001, ritstýrt af Richard O'Dair og Andrew Lewis, í ritgerð eftir Javier Martinez-Torrón: The European Court of Human rights and Religion. Þá má geta þess að Hæstiréttur Íslands hefur komist að þeirri niðurstöðu að ákvæðið um Þjóðkirkjuna í stjórnarskránni sé ekki andstætt alþjóðlegum mannréttindasamningum sem Ísland er aðili að (mál nr. 109/2007).

Það er svo spurning hvort taki því að elta ólar við áróðursfrasa Valgarðs, eins og þegar hann kallar þjóðkirkjuna „ríkisrekna stofnun um einkaskoðanir fólks“, og staðhæfingar hans um að sóknargjöld séu ekki félagsgjöld heldur ríkisstyrkur og að greiðslur ríkisins til kirkjunnar séu ríkisstyrkur en ekki greiðslur til hennar fyrir kirkjujarðir sem ríkið tók yfir og aðrar ámóta áróðurstuggur. Þjóðkirkjan er ekki ríkisrekin, það er bæði skilningur ríkisvaldsins og þjóðkirkjunnar sem gerðu með sér samning þar um árið 1997, sbr. lög um Þjóðkirkjuna sett sama ár. Valgarði er að sjálfsögðu frjálst að rangtúlka þetta en það breytir ekki staðreyndum málsins.

Sama gildir um staðhæfingar Valgarðs um að sóknargjöldin séu ekki félagsgjöld sem ríkið hefur tekið að sér að innheimta fyrir þjóðkirkjusöfnuði sem og önnur trúfélög, heldur framlög úr ríkissjóði. Ef menn hirða um að hafa það sem sannara reynist er einfalt að kynna sér lög og greinargerðir sem að þessu lúta. Safnaðarfólk um allt land, bæði sóknarnefndir og aðrir sem virkir eru í kirkjustarfi, vita að Valgarður veður reyk. Söfnuðirnir eru sjálfstæðar einingar sem byggja og reka kirkjur sínar fyrir sóknargjöld og sjálfsaflafé og bera fulla ábyrgð á fjárhag safnaðanna. Þótt rangtúlkanirnar séu endurteknar æ ofan í æ verða þær ekki sannari fyrir það. Ég skora því á alla sem kjósa röklega umræðu byggða á þekkingu og sanngirni að kynna sér málin og láta áróðursblaður sem vind um eyrun þjóta.

# Ótímabær óvissuferð

Ný stjórnarskrá

Þórarinn V. Þórarinsson
hæstaréttarlögmaður



Mikil má vanmáttarkennd þeirrar þjóðar vera og skeytingarleysi um sögu sína, menningu og tungu, sem samþykkja myndi stjórnarskrá, sem gerir það brotlegt að láta menn njóta þess að tala íslensku umfram aðrar tungur. Um þessa tillögu verða þó greidd atkvæði á laugardaginn kemur.

Þessi nýlunda leiðir af því að, að stjórnlagaráð leggur til að „tungumáli“ sé bætt við upptalningu í jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar, 6. gr. í tillögunni, á því sem bannað er að mismuna eftir. Það teldist því ólögmæt mismunun að velja þann frekar til starfa sem talar íslensku, en einstakling sem mæltur er á öðru máli, ef hæfni þeirra er að öðru leyti hin sama. Þetta eru ekki óhugsuð mistök heldur ákvörðun sem rökstudd er í greinargerð með því að tillögur hafi komið fram um að telja íslenska tungu meðal grunngilda íslensks samfélags í inngangi stjórnarskrár. Þótti af því tilefni sérstök nauðsyn á að kveða skýrt á um að kunnátta í íslensku yrði ekki talin mönnum til tekna.

Íslenskan er eitt minnsta málsamfélag heims og á undir högg að sækja. Hún þarf á stuðningi að halda en ekki atlögu á borð við þá sem felst í tillögu stjórnlagaráðs. Við höfum full efni til að vera stolt af menningu okkar, sögu og tungu, sem er eitt af því mikilvægasta sem gerir okkur að sérstakri þjóð. Ég trúi að flestir landsmenn vilji verja þessi gildi og vilji að þeir útlendingar sem hingað kjósi að flytja fái skýr skilaboð um mikilvægi þess að tileinka sér íslensku. Því er hörmulegt að horfa til þess að Alþingi beiti sér fyrir atkvæðagreiðslu um tillögu að stjórnarskrá sem er svo mörkuð af hamslausri þrá til að tryggja jafnræði meðal allra manna, að það gangi út yfir eðlilega og nauðsynlega vernd á grunngildum íslensks samfélags.

Ég hef enga umræðu séð um þetta nýja réttindaákvæði eða áhrif þess. Það er enda aðeins eitt af fjölmörgum atriðum sem kemst ekki að í umræðunni fyrir upphöfnum fullyrðingum um að í tillögum sé „þjóðarviljinn“ færður í letur. Þeir sem efast eru úthrópaðir og innræti þeirra dregið í efa.

Þessi umræða er ekki boðleg. Stjórnarskrá er grundvallarlög landsins og öll önnur löggjöf þokar fyrir henni. Af þeirri ástæðu er brýnt að afleiðingar breytinga séu ljósar og að ekki sé öðru breytt en því sem vel hefur verið skoðað og greint hvaða áhrif muni hafa. Margir hneyksluðust á að bókhaldskerfi ríkisins skyldi uppfært án þess að uppfærslan væri áður prufukeyrð. Hér hefur engin slík skoðun farið fram, hvað þá greining á því hvaða breytingar gera yrði á gildandi lögum ef fyrirliggjandi tillaga yrði samþykkt sem stjórnarskrá. Það er alltaf mikilvægt að reyna að sjá fyrir afleiðingar gerða sinna en aldrei eins og þegar setja á lög sem eru öllum öðrum lögum æðri.

> Það teldist því ólögmæt mismunun að velja þann frekar til starfa sem talar íslensku, en einstakling sem mæltur er á öðru máli…

Það er miður að meirihluti á Alþingi skuli sýna þjóðinni það virðingarleysi að ætla henni að taka afstöðu til tillögu að nýjum grundvallarlögum, án fyrirliggjandi greiningar á áhrifum einstakra ákvæða á innviði íslensks samfélags, menningarlegum jafnt og efnahagslegum. Þetta eru margir tugir tillagna, sem hver um sig getur haft víðtæk og ófyrirséð áhrif. Það t.d. að bæta „aldri“ við í upptalningu í jafnræðisgreininni getur m.a. þýtt að ákvæði kjarasamninga um aldurstengd launaþrep og orlof verði ólögmæt, þótt hvorugt hafi veri verið í huga stjórnlagaráðsmanna, þegar „aldrinum“ var aukið við.

Ámælisvert er að nálgast endurskoðun stjórnarkrár af þeim hroka að segja hana svo afleitt plagg að semja verði nýja frá grunni. Þeirri afstöðu hljóta að fylgja slys og tillagan eins og hún liggur fyrir felur í sér sönnun þess, þótt inn á milli séu athyglisverðar hugmyndir. Ég tel þó að óþarft sé að festa í stjórnarskrá rétt manna til að „breyta um sannfæringu“ (sbr. 18. gr.) eða skipta um skoðun. Það er réttur sem allir hafa og vel færi á að þeir nýttu sér, sem mælt hafa með því að leggja tillögur stjórnlagaráðs óbreyttar til grundvallar nýrri stjórnarskrá.

Það er engin tímaþröng sem kallar á að samþykkja að óskoðuðu máli safn af tillögum um breytingar á réttindum og skyldum borgaranna og stórfellda útþenslu í stjórnkerfi hins opinbera. Mistök í mótun grundvallarlaga landsins getur, ef illa tekst til, vegið að grunngildum íslensks samfélags og leitt af sér hatrömm átök um hvað sé gildandi réttur í landinu á fjölmörgum sviðum.Við þurfum ekki á því að halda. Því er rétt að hafna því nú að leggja tillögu stjórnlagaráðs til grundvallar við endurskoðun á stjórnarskrá og vinna málið áfram með sæmilegum brag.

Haustdagar í Gullúrinu
Dagana 17. til 27. október Mjóddinni
GULL – STÁL – PERLU – DEMANTAR
FESTINA – TISSON – DKNY – CALYPSO – CASIO



15 - 45%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM
GULL-ÚRIÐ • MJÓDDINNI
Álfabakka 16 • sími 587 4100
Axel Eiríksson úrsmíðameistari

BOMBU DAGAR Í TÉKK-KRISTAL
÷15% ÷20% ÷25% ÷30% ÷50%
FIMMTUDAG, FÖSTUDAG LAUGARDAG & MÁNUDAG
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HNÍFAPÖRUM, RCR GLÖSUM & MATAR- & KAFFISTELLUM ÷20%





÷15% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM IITTALA VÖRUM



÷20%
Söfnunarglös 16 teg.
TILBOÐSVERÐ
T.d. kristals-hvítvínsglös 6. stk í gjafakassa frá kr. 4.275.-

Hnífaparatöskur 16 teg. Verð frá 24.990.- TILBOÐ



Hnífapör og fylgihlutir f.12manns samt. 72 hl.



÷20%
Heldur heitu og köldu í 4 tíma + - margir litir

FULL BÚÐ AF FLOTTUM VÖRUM Á TILBOÐSVERÐI
"NÝTT KORTATÍMABIL"



÷20%
Global hnífar

ÞAÐ ER STUTT TIL JÓLA
MIKIÐ ÚRVAL AF JÓLAVÖRUM Á 25% TIL 50% AFSLÆTTI
EINNIG MIKIÐ AF ÍSLENSKUM HANDUNNUM JÓLAVÖRUM
OPNUNARTÍMI
Virka daga 12 -18
Laugardaga 12 -16
ERUM EKKI Í KRINGLUNNI
EINGÖNGU Á LAUGAVEGI 178
Tékk KRISTALL
www.tk.is
Laugavegi 178 - Sími. 568 9955

# Skuldir Álftaness = Icesave Garðbæinga?

Sveitar-stjórnarmál



Jón Árni Bragason
verkfræðingur og íbúi í Garðabæ



Bragi Bragason
rekstrarhagfræðingur og íbúi í Garðabæ

Fram undan eru kosningar um sameiningu Garðabæjar við Álftanes. Upplýsingagjöf og umræða hefur verið einhliða og forsvarsmenn Garðabæjar forðast gagnrýnar spurningar.

Hér eru nokkrar tölur og staðreyndir sem gera Garðbæingum kleift að ganga upplýstari til kosninga.

Kröfuhafar Álftaness hafa mestan hag af sameiningu og sameiningarhugmyndirnar taka fyrst og fremst mið af þeirra hagsmunum.

Álftanesbær er í raun gjaldþrota og skuldar tæpa sex milljarða í dag en ekki 2-3 eins og gefið er í skyn. Skuldageta Álftaness er einn milljarður og kröfuhafar þurfa að finna aðra til að greiða tæpa fimm milljarða. Með sameiningu sveitarfélaganna munu Garðbæingar greiða 3,3 milljarða af skuldum Álftaness og skattborgarar landsins aðra 1,2 milljarða í gegnum Jöfnunarsjóð. Kröfuhafar gefa eftir samtals 0,3 milljarða ef af sameiningu verður. Eftirgjöf krafna er því ekki 32% eins og fullyrt er. Fasteign ehf. selur sundlaugina frægu á 1,5 milljarð núvirt í stað þess að eiga framvirka 2,2 milljarða leigukröfu.

Ekkert faglegt eignamat hefur farið fram til þess að meta raunverulega stöðu eigna Álftaness.

Í málflutningi sameiningarmanna eru mannvirki Álftaness metin á 3,3 milljarða, þar af sundlaugin á 1,5 milljarða. Sams konar mannvirki Garðabæjar eru í dag vannýtt með um 70% nýtingarhlutfall.

> Álftnesingar yrðu 17% íbúa í sameinuðu sveitarfélagi en stæðu undir 13% af tekjum þess. Fáir ef nokkrir langtímakostir eru í spilunum við áformaða sameiningu. Skammtímakostir eru engir.

Ráðast þarf í umfangsmiklar framkvæmdir vegna viðhalds gatna, fasteigna og fráveitna á Álftanesi. Áætlaður kostnaður nemur hundruðum milljóna. Greiðsla skulda Álftaness, fjármagnskostnaður og nauðsynlegar framkvæmdir taka um 3,5-4,5 milljarða úr sjóðum og af framtíðartekjum Garðbæinga. Sú fjárhæð verður því ekki notuð til framkvæmda og eflingar þjónustu í Garðabæ á næstu árum.

Nýting þessara fjármuna í framkvæmdir og þjónustu í Garðabæ myndi stórbæta núverandi samfélag okkar: lækka skuldir, opna möguleika á lækkun skatta og þjónustugjalda, bæta lánshæfismat Garðabæjar, auka verðmæti eigna og hagkvæmni í rekstri.

Ábyrgðir Álftaness og óútkljáð dómsmál geta aukið sex milljarða skuldir Álftnesinga um hundruð milljóna, sömuleiðis mun rekstrartap Álftaness að meðtöldum fjármagnskostnaði 2011 og 2012 þýða hundruða milljóna skuldaaukningu. Hugmyndin er að Garðbæingar borgi.

Álftanes er 7% af sameiginlegu sveitarfélagi, að hluta í einkaeigu, og búið er að skipuleggja að mestu landsvæði sem Álftanes á. Álftaneshverfið í sameinuðu bæjarfélagi er óhagkvæm rekstrareining og yrði áfram. Kostnaður við rekstur þess hverfis mun stóraukast á næstu árum.

Álftnesingar yrðu 17% íbúa í sameinuðu sveitarfélagi en stæðu undir 13% af tekjum þess. Fáir ef nokkrir langtímakostir eru í spilunum við áformaða sameiningu. Skammtímakostir eru engir.

Ekkert faglegt mat hefur farið fram á samhæfingu málaflokka, réttindum íbúa og starfsmanna, öðrum sameiningarmöguleikum eða valkostinum að sameina ekki. Tökum varfærna upplýsta ákvörðun.




# Friðlýsingar Garðabæjar – ekki allt sem sýnist

Skipulagsmál



Reynir Ingibjartsson
í stjórn Hraunavina og höfundur gönguleiðabóka

Undanfarið hefur fjöldi fólks barist gegn því að nýr Álftanesvegur verði lagður um ósnortið hraun í landi Garðabæjar. Bæjaryfirvöld halda hins vegar sínu striki og að óbreyttu munu framkvæmdir við veginn hefjast á fullu á næstu dögum.

Á sama tíma er verið að friðlýsa ýmsa hluta svokallaðs Búrfellshrauns sem er samheiti á hrauninu frá Búrfellsgíg og til sjávar við Lambhúsatjörn, gegnt Bessastöðum. Að sjálfsögðu er þetta hið þarfasta mál og allir ættu að vera glaðir og þakklátir. En ekki er allt sem sýnist.

Fyrst er að nefna Búrfell og furðusmíðina, Búrfellsgjá, sem friðlýsa á nú sem náttúruvætti. Svo vill til að Búrfell og Búrfellsgjá eru hluti af Reykjanesfólkvangi sem friðlýstur var árið 1975. Þá sá hugsjónafólk um náttúruvernd fyrir sér friðland, allt frá Elliðaárdal að Krýsuvíkurbergi og á þessum slóðum liggja mörk Heiðmerkur og Reykjanesfólkvangs saman. Friðlýsing nú bætir því litlu við.

Næst er það hraunið meðfram Vífilsstaðahlíðinni sem fólk þekkir sem vinsælt göngulandi og nefnt er Svínahraun. Þar á að friða austasta hlutann þar sem Selgjá er, en síðan kemur langur kafli niður að Maríuhellum sem ekki á að friðlýsa. Þessi hluti hraunsins er í eigu Oddfellowreglunnar og á þeim bæ er áhugi á að leggja golfbrautir í hrauninu. Nú er hér vinsæll göngustígur og þessi hluti Búrfellshraunsins er mikið augnayndi, ekki síst ef horft er yfir hraunið úr lofti. Þá er að sjá eins og hér hafi brotist fram mikið „hraunflóð“.

Neðan Maríuhella er komið að Vífilsstaðahrauni, en stór hluti þess (Urriðakotshraun) er nú horfinn undir vegi, bílastæði og verslanir með IKEA í broddi fylkingar. Þetta hraun naut á sínum tíma bæjarverndar Garðabæjar og væntanlega er svo enn með þann hluta sem ekki fór undir byggingar. Hinir framsýnu Garðbæingar, sem stóðu að bæjarverndinni, stóðu allt í einu frammi fyrir því að öllum hömlum var aflétt, vinnuvélarnar mættar á staðinn og skaðinn var skeður. Friðun nú breytir því litlu.

Loks er komið að þeim hluta Búrfellshraunsins sem samkvæmt friðlýsingunni er kallað Garðahraun-neðra. Ætla mætti í augum ókunnugra að nú sé verið að friða hraunið sem jafnan er kallað Garðahraun eða Gálgahraun. Sé hins vegar rýnt í hið friðaða svæði, sést glöggt að það mun aðeins liggja að hinum fyrirhugaða Álftanesvegi og það sem kannski er enn verra: sleppt er hrauninu þar sem fyrirhuguð tengibraut (Vífilsstaðavegar) frá Sjálandshverfi að Garðaholti, á að koma. Þessi vegur með tilheyrandi slaufum og gatnamótum við Álftanesveginn nýja í miðju hrauninu, á að liggja þar sem gamli stígurinn, Móslóði er nú.

Grandalausir íbúar í Ásahverfunum á Hraunsholtinu halda að nú sé „hraunið“ þeirra í góðum málum! Það er hins vegar þvert á móti. Þessi tengibraut er inni í aðalskipulagi Garðabæjar og hún átti að þjóna nýju íbúahverfi á Garðaholtinu. Verði af sameiningu Garðabæjar og Álftaness, mun líklega aukast þrýstingur á lagningu þessa vegar, ekki síst ef nýr Álftanesvegur verður þegar kominn úti í hrauninu.

Staðsetning þessarar tengibrautar er rétt hjá Kjarvalsklettunum og reyndar mun hún liggja yfir ýmsa þá staði í hrauninu, þar sem Kjarval málaði. Nú er talið að margar af þeim myndum sem meistarinn var sagður hafa málað á Þingvöllum, væru málaðar á þessum slóðum. Það ætti því að tala um Kjarvalshraun – ekki aðeins Kjarvalskletta.

Friðlýsingar eru af hinu góða og fagna ber áhuga ráðamanna í Garðabæ. En sá áhugi verður að ná lengra. Annars er eins og verið sé að kasta ryki í augu fólks. Nú er það í höndum yfirvalda í Garðabæ að stíga skrefið til fulls og friðlýsa allt sem eftir er af Búrfellshrauninu. Á meðan svo er ekki, verður almenningur að halda vöku sinni.

# Hugleiðingar um Álftanesveginn

Skipulagsmál



Sveinn Ingi Lýðsson
íbúi á Álftanesi

Nú loks hillir undir langþráðar vegabætur með lagningu nýs Álftanesvegar í stað gamla vegarins yfir Presthólinn sem kostað hefur bæði líf og limi vegfarenda. Vegurinn er barns síns tíma með allar sínar beygjur, hóla og hæðir og stenst engar kröfur um gæði, vegtækni, sjónlínur og öryggi vegfarenda. Fyrstu hugmyndum um nauðsyn vegabóta samfara fjölgun íbúa var hreyft á fyrri hluta tíunda áratugarins en í nærfellt 30 ár hefur í Aðalskipulagi Garðabæjar verið gert ráð fyrir nýju vegstæði þvert yfir Garðahraunið norðan núverandi vegar.

Því má segja að undirbúningur hafi staðið með hléum í nærfellt tvo áratugi. Vitað var að svæðið var viðkvæmt og vanda þyrfti mjög til verka. Taka þurfti tillit til margra þátta og ekki síst vegna þess að almennt eru eldhraun friðuð og þeim skuli ekki raska meira en nauðsyn ber til. Að vandlega íhuguðu máli og að loknu yfirgripsmiklu, vönduðu umhverfismati var ný veglína mörkuð á árinu 2002, svokölluð D-leið. Auk þess að vera í samræmi við gildandi skipulag tekur hún mið af því að sneiða hjá sérstæðum hraunmyndunum og auk þess er svokölluðum „Kjarvalsklettum“ hlíft.

Andstæðingar þessara vegabóta hafa bent á að svona rask valdi óbætanlegum skemmdum á einstæðu hrauni, gróðurfari og menningarminjum og lagt til að núverandi vegur verði endurbættur. Því miður er slíkt með öllu óraunsætt þar sem vegurinn sker í sundur núverandi íbúðahverfi auk þess að skerða nýtingarmöguleika til íbúðabyggðar á Garðaholti sem er framtíðarbyggingarland Garðabæjar. Gert er ráð fyrir allt að 22 þúsund bíla umferð á sólarhring þegar Garðaholtið og Álftanes hafa fullbyggst.

Á undanförnum árum hefur umferð um veginn stóraukist samhliða fjölgun íbúa á Álftanesi. Slysatíðni vegarins er há og óásættanleg í nútíma samfélagi. Valkostirnir voru ekki margir en sá var valinn sem minnstum spjöllum og raski myndi valda. Að vernda og verja það sem fyrir er er góðra gjalda vert en eins og oft áður stöndum við frammi fyrir því að velja og hafna. Að velja á milli hraunsins annars vegar og öryggis og velferðar íbúanna hins vegar ætti flestum að vera auðvelt val.

# KAPPAR OG KVENHETJUR




**VERÐ kr. 3.199,-**
**Hin eilífa þrá**
Guðbergur Bergsson




**VERÐ kr. 4.799,-**
**Rof**
Ragnar Jónasson




**VERÐ kr. 4.499,-**
**Augu Líru**
Eva Joly og Judith Perrignon




**VERÐ kr. 4.999,-**
**Skáld**
Einar Kárason




**VERÐ kr. 4.999,-**
**Boxarinn**
Úlfar Þormóðsson




**VERÐ kr. 2.799,-**
**Ég fremur en þú**
Jojo Moyes




**VERÐ kr. 4.999,-**
**Ljósmóðirin**
Eyrún Ingadóttir




**VERÐ kr. 3.999,-**
**Strandir**
Gerður Kristný




**VERÐ kr. 2.999,-**
**Veröldin okkar**
Alfræði handa börnum




**VERÐ kr. 3.199,-**
**Blávatnsormurinn**
Brynhildur Þórarinsdóttir




**VERÐ kr. 3.199,-**
**Aukaspyrna á Akureyri**
Gunnar Helgason




**VERÐ kr. 3.299,-**
**Samskipti foreldra og barna**
Dr. Thomas Gordon

Tilboð gildir til og með 24.10.12

„Ég veit að ég mun drepast í þessari ferð. Það er augljóst, og raunar merkilegt að við séum ekki allir dauðir nú þegar. En ég mun ekki lifa þetta af – ég mun vera í útlegð og volki þessi fáu ár sem ég á ólifuð. Ég mun drepast ... Og mér er fjandans sama!" *(Sturla Þórðarson)*

**Skáld** eftir Einar Kárason

Eymundsson
*Bóksali frá 1872*

# Verum ekki of neikvæð

Ný stjórnarskrá

Svavar Gestsson

fv. ráðherra



Nú er komið að því að greiða atkvæði um fimm atriði sem hugsanlega verða í nýrri stjórnarskrá og um meginspurninguna hvort leggja skuli tillögur stjórnlagaráðs til grundvallar nýrri stjórnarskrá. Það er algerlega sjálfsagt að taka þátt í þeirri kosningu. Það er hins vegar vandasamt a) vegna spurninganna eins og þær eru orðaðar og b) vegna túlkunar þeirra sem aðallega tala fyrir þessum breytingum eins og þær liggja fyrir í tillögum stjórnlagaráðs. Alþingi er vandi á höndum því þangað fara niðurstöðurnar. – Verður nú farið yfir spurningarnar:

Fyrst er spurt hvort kjósandinn vilji að tillögur stjórnlagaráðs verði „lagðar til grundvallar" frumvarpi að nýrri stjórnarskrá. Ég er ósammála mörgu í tillögunum um nýja stjórnarskrá, margt er óskýrt, og túlkanir stjórnlagaráðsmanna hafa ekki skýrt málin heldur flækt þau. Það er til dæmis fáránlegt að stilla málum þannig upp að Alþingi verði að fallast á tillögur stjórnlagaráðs óbreyttar. Það er enginn þess umkominn að stilla Alþingi upp við vegg. Ég hallast fremur að því að segja já en nei við þessari spurningu í trausti þess að tillögur stjórnlagaráðs verði hafðar til hliðsjónar en ekki verði litið á þær sem úrslitakosti fyrir Alþingi.

Ég mun segja já við spurningu tvö. Þessi spurning fjallar um þjóðareign á auðlindum. Ég hygg að andstaða Sjálfstæðisflokksins við atkvæðagreiðsluna í heild stafi reyndar sérstaklega af andstöðu við einmitt þetta ákvæði sem er efnislega í andstöðu við stefnu þess flokks.

Þriðja spurningin er flókin. Það er unnt að hafa ákvæði um þjóðkirkju í stjórnarskránni en jafnframt að hafa þar skýrt ákvæði um algert trúfrelsi og að enginn trúflokkur megi vera öðrum æðri í framkvæmd trúfrelsisákvæðanna. Mér finnst sérkennilegt ef þeir sem styðja þjóðkirkjuákvæðið fjölmenna ekki á kjörstað til þess að styðja þjóðkirkjuna sérstaklega. Athyglisvert er að Samband ungra sjálfstæðismanna vill einmitt segja nei við þessari spurningu. Athygli vekur reyndar að þessi samtök eru einu stjórnmálasamtökin sem þannig formlega lýsa andstöðu við þjóðkirkjuna. Er það einnig skoðun Sjálfstæðisflokksins sem flokks?

Í fjórðu spurningunni er spurt um persónukjör. Ég hef verið hlynntur persónukjöri. Ég hef lengi talið að kjósa ætti til Alþingis í tvennu lagi, annars vegar með persónukjöri þar sem menn eru kosnir í einmenningskjördæmum – eins og helmingur alþingismanna – hins vegar að landið væri allt eitt kjördæmi þegar kjósa ætti helming alþingismanna. Prófkjörin eru auðvitað eins konar persónukjör og þannig hafa einstaklingar mikil áhrif. Það styrkir líka áhrifavald einstaklinga að landinu er skipt í fleiri kjördæmi. Það dregur úr miðstýrðu valdi flokksforystunnar og getur skapað svigrúm fyrir þingmenn sem vilja fara aðrar leiðir. En gleymum því ekki að stjórnmálaflokkarnir hafa þýðingarmiklu málefnalegu hlutverki að gegna í lýðræðissamfélagi. Með því að auka vægi persónukjörs enn frá því sem nú er það við værum við að draga úr málefnalegu vægi kosninganna hverju sinni.

Ég segi nei við spurningu fimm um jafnt vægi atkvæða á öllu landinu. Landsbyggðin hefur á seinni árum lotið í lægra haldi fyrir markaðsöflunum á mörgum sviðum. Það er algerlega ljóst að yfirgnæfandi já við þessari spurningu yrði misnotað til þess að gera landið allt að einu kjördæmi. Það má ekki gerast. En það væri líka ólýðræðislegt; þar með væri forystu flokkanna fært allt vald í hendur því uppstilling á framboðslista yrði á einum stað. Það að gera allt landið að einu kjördæmi væri því ólýðræðislegt – auk þess sem það vegur að hagsmunum landsbyggðarinnar.

Ég mun svara síðustu spurningunni með jái – treystandi því að Alþingi finni þar eðlilegt meðalhóf en þar er spurt hvort setja eigi í stjórnarskrá ákvæði um að tiltekinn hluti landsmanna geti fengið þjóðaratkvæði með undirskriftum sínum.

Með þessu tali hef ég sýnt fram á að það væri ábyrgðarlaust að sitja heima. En það er sérstaklega umhugsunarvert ef það er flokkslína Sjálfstæðisflokksins að láta kylfu ráða kasti um málefni sem sá flokkur hefur talið mikilvæg eins og þjóðkirkjuákvæðið. Þessi flokkur hefur lengst af talið sig sérstakan fulltrúa þjóðkirkjunnar í stjórnmálum. Er sú tíð liðin? Ætlar Sjálfstæðisflokkurinn að snúa baki við þjóðkirkjunni? Það er einnig umhugsunarvert að flokkur sá láti sig einu gilda um hagsmuni landsbyggðarinnar og á hann þó vaska talsmenn dreifbýlis í sínum röðum.

Sjálfstæðisflokkurinn er hér nefndur oft af því að hann er eini flokkurinn sem hefur sem flokkur viljað beita sér eins og samþykkt Sambands ungra sjálfstæðismanna er til marks um.

# EKKI kjósa – eða hvað?

Ný stjórnarskrá

Þorkell Helgason

sat í stjórnlagaráði



Þjóðaratkvæðagreiðslan laugardaginn 20. október snýst um sjálfa stjórnarskrána, grunnlög landsins. Með góðri þátttöku veita kjósendur Alþingi trausta leiðsögn um hvert stefna skuli í stjórnarskrármálinu.

Atkvæðagreiðslan snýst um tillögur stjórnlagaráðs um gagngerar endurbætur á stjórnarskrá lýðveldisins, EKKI um neitt annað:

- Hún snýst ekki um það hvort ríkisstjórnin sé góð eða slæm.
- Hún er hvorki til að þóknast Jóhönnu né til að storka forsetanum, eða öfugt.
- Hún er ekki tæki til að mæla fylgi stjórnmálaflokkanna, til þess gefst tækifæri í vor.
- Hún snýst ekki um það hvort Evrópusambandið sé friðarbandalag eða ekki.
- Hún er ekki tilefni til að ergja sig yfir því sem er á undan gengið, hvort sem er ógilding stjórnlagaþingskosningarinnar eða málsmeðferðin á Alþingi.
- Hún snýst ekki um persónur þeirra sem sátu í stjórnlagaráði; þeim hvorki til lofs né lasts.

Viðfangsefnið er einungis og alfarið efni tillagna stjórnlagaráðs auk fimm álitamála í því sambandi.

**Mörgu er ranglega haldið fram um hvað felst í tillögum ráðsins:**

- Í tillögunum er ekki kveðið á um inngöngu í Evrópusambandið. Þvert á móti eru þar ákvæði sem tryggja að slík ákvörðun verður aðeins tekin af þjóðinni sjálfri í bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu.
- Það er ekki verið að vega að landsbyggðinni með því mannréttindaákvæði að allir hafi jafnan atkvæðisrétt. Þvert á móti eru settir varnaglar í kosningakerfið til að tryggja landsbyggðinni eðlilega tölu fulltrúa á þingi. Um leið er í fyrsta sinn kveðið á um að ákvarðanir skuli eftir föngum teknar í heimabyggð.
- Það er ekki verið að gera atlögu að flokkunum með persónukjörstillögum ráðsins. Flokkarnir eiga og munu eftir sem áður vera máttarstólpar lýðræðisins m.a. með því að tilnefna þá frambjóðendur sem kjósendum bjóðast.
- Það er ekki verið að rýra þingræðið enda þótt þjóðin sjálf fái aukin tækifæri til að grípa inn í lagasetninguna. Þvert á móti eru ákvæði sem efla Alþingi til mótvægis við framkvæmdarvaldið.
- Það er ekki verið að bylta uppbyggingu samfélagsins. Þvert á móti eru stoðir þess styrktar með skýrari skiptingu valdþáttanna.
- Það er ekki verið að koma á forsetaræði að franskri eða amerískri mynd. Þvert á móti er vald forsetans og verksvið hans afmarkað með skýrum hætti og honum falið eftirlits- og aðhaldshlutverk, að vera öryggisventill ef í óefni stefnir. En vissulega veldur hver á heldur.
- Það er ekki verið að koma á ríkisrekstri í sjávarútvegi, eins og heyrst hefur. Þvert á móti er frelsi til athafna óskert að virtum sanngjörnum reglum.
- Það er ekki verið að leggja þjóðkirkjuna niður, hvað þá að víkja frá kristnum grunngildum. Þvert á móti eru sjónarmið miskunnsama Samverjans leiðarljós í bættum ákvæðum um félagsleg mannréttindi.

Fyrsta og um leið meginspurningin á atkvæðaseðlinum á laugardaginn er sú hvort leggja skuli tillögur ráðsins til „grundvallar frumvarpi að nýrri stjórnarskrá".

Já við þessari grunnspurningu felur ekki í sér samþykkt á endanlegri gerð nýrrar stjórnarkrár. En jáyrði vísar Alþingi veginn um framhaldið. Þingið verður í kjölfarið að bregðast við niðurstöðunum um álitamálin fimm, við áliti lögfræðingahóps um nauðsynlegar lagfæringar en líka við þeim ábendingum öðrum sem fram hafa komið og til bóta horfa.

Jáyrði við meginspurningunni felur ekki í sér kröfu um að Alþingi breyti engu í tillögum stjórnlagaráðs heldur þvert á móti áskorun um að vinna málið áfram á uppbyggjandi hátt, en á „grundvelli" tillagnanna.

Að þessu sögðu mæli ég með eftirfarandi hrinu svara við spurningunum sex:

**Já – Já – Nei – Já – Já – Já.**

En umfram allt, tökum þátt í mótun samfélagssáttmálans og skundum á kjörstað 20. október.

# Síðasta útkall

Menning

Þór Jakobsson

veðurfræðingur og lýðveldisbarn



Orðum mínum beini ég til „lýðveldisbarna", núlifandi Íslendinga sem voru á Þingvöllum við stofnun lýðveldisins Íslands 17. júní 1944. Í kjölfar fagnaðar lýðveldisbarna í blíðskaparveðri í Almannagjá á Þingvöllum 17. júní í fyrra var ákveðið að safna endurminningum frá 17. júní 1944, hinum sögufræga degi fyrir 68 árum er lýðveldið Ísland var stofnað.

Stefnt var að því að fá um 50 minningarpistla. Mér hafa nú borist rúmlega 40 slík minningabrot, sum stutt en önnur ítarleg og fer það eins og gefur að skilja mjög eftir aldri fólks árið 1944 og minni manna núna að öllum þessum árum liðnum. Ekki vil ég hætta söfnuninni fyrr en pistlarnir eru orðnir um 50 talsins og er grein þessi eins konar lokaútkall. Það vantar herslumuninn og væri ánægjulegt að fá um tug pistla til að reka smiðshöggið á söfnunina. Að svo búnu er stefnt að söfnun mynda til fróðleiks með minningum lýðveldisbarna og útgáfa er síðan fyrirhuguð fyrri hluta árs 2014, fyrir 70 ára afmæli lýðveldisins.

Ég hef hitt allmarga sem kunnað hafa frá þessum eftirminnilega degi að segja en hafa síðan guggnað við að skrifa nokkrar línur og senda. Skora ég því á aðstandendur að hjálpa til. Það hefur verið fengur að hverjum pistli sem hefur borist og giska ég að fleiri hefðu frá einhverju skemmtilegu að segja. Myndin af 17. júní 1944 með skynjun barnsins og unga fólksins yrði fyrir bragðið enn fyllri. Slíkur dagur rennur aldrei upp aftur. Við vonum að Ísland þurfi aldrei aftur að endurheimta sjálfstæði sitt. Hvert lítið minningarbrot frá stofnun lýðveldisins er því mikils virði.

Lýðveldisbörn, vinsamlega sendið mér sem fyrst línur eða pistil. Best væri sending á netinu, sjá netfang hér með nafni mínu. Bréf í pósti gengur þó líka.

thor.jakobsson@gmail.com






# Öflugt sameinað sveitarfélag

Sveitarstjórnarmál

Kristinn Guðlaugsson

forseti bæjarstjórnar Álftaness



Laugardaginn 20. október ganga íbúar Álftaness og Garðabæjar til kosninga um sameiningu sveitarfélaganna. Þetta er lokahnykkur á ferli sem hófst í júní 2010 þegar bæjarstjórnir beggja sveitarfélaganna samþykktu að hefja formlegar viðræður um mögulega sameiningu sveitarfélaganna.

Frá því þessi samþykkt var gerð hefur verið haldinn fjöldi funda í sameiningarnefnd sveitarfélaganna. Fyrir liggur úttekt fagaðila, m.a. er lýtur að þörf á viðhaldi eigna sveitarfélaganna og uppbyggingu stjórnkerfisins. Það veigamesta er þó úttekt á fjárhagsstöðu sveitarfélaganna.

**Öflugt sameinað sveitarfélag**

Þegar horft er fram á veg verður til öflugt, sameinað sveitarfélag sem áfram getur veitt íbúum afburðaþjónustu. Sveitarfélag með sterka eiginfjárstöðu og bolmagn til að takast á við nýframkvæmdir á ýmsum sviðum. Í áætlunum er gert ráð fyrir að rekstrarafgangur sameiginlegs sveitarfélags aukist ár frá ári næstu fimm árin.

Íbúar í sameinuðu sveitarfélagi verða tæplega 14.000 og allar forsendur fyrir hendi til að þeim fari fjölgandi á næstu árum. Nýtt, sameinað sveitarfélag mun standa sterkar að vígi í hagsmunagæslu fyrir íbúana, bæði gagnvart ríkisvaldinu og eins á meðal sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.

**Horft til framtíðar**

Í sameiginlegri bókun bæjarstjórna beggja sveitarfélaganna í júní sl. segir m.a. að „menningarlega, skipulagslega og rekstrarlega sé það hagkvæmur kostur að sveitarfélögin verði sameinuð". Þess vegna hvet ég íbúa Álftaness og Garðabæjar að horfa til framtíðar og segja já í sameiningarkosningunum þann 20. október.

# Hvers vegna þjóðkirkjuákvæði í stjórnarskrá?

Ný stjórnarskrá

Hjalti Hugason
prófessor



Í tveimur greinum hér í Fréttablaðinu (18. og 27. sept.) hef ég mælt með að þjóðkirkjuákvæði verði áfram í stjórnarskránni enn um sinn a.m.k. Ég hef þó ekki mælt með óbreyttu ákvæði heldur trúmálagrein er hæfi nútímanum og kvæði á um tengsl allra skráðra trú- og lífsskoðunarfélaga við ríkisvaldið. Þar væri þjóðkirkjunnar getið sérstaklega. Margir benda á að trúmál séu einkamál í vestrænum nútímasamfélögum og því eigi ekki að kveða sérstaklega á um kirkjur, trú- og lífsskoðunarfélög í stjórnarskránni. Það er því eðlilegt að spurt sé hvers vegna mælt sé með þjóðkirkju- eða trúfélagagrein í stjórnarskrá.

**Endurkoma trúarbragða**

Á 20. öld dró úr áhrifum trúarbragða og trúfélaga á Vesturlöndum. Kirkjusókn minnkaði og trúariðkun þvarr. Á síðari áratugum hefur orðið breyting í þessu efni og margir ræða um endurkomu trúarbragðanna. Ýmislegt bendir til að starf trúfélaga muni fara í vöxt á komandi árum og þau seilast til aukinna samfélagsáhrifa. Trúarbragðaflóran mun einnig verða fjölskrúðugri og trúfélögum þar með fjölga.

Hingað til hefur þjóðkirkjan mætt þessari þróun með víðsýni þroskaðrar móður. Svo þarf þó ekki að verða áfram. Stöðugt oftar heyrist úr röðum þjóðkirkjunnar að „sótt sé að henni“. Hin virðulega meirihlutakirkja virðist skynja vaxandi ógn og öryggisleysi. — Kirkja sem telur sér ógnað skerpir línurnar, leggur aukna áherslu á sérstöðu sína, tekur að keppa við önnur trúfélög og kemur í auknum mæli fram á sama hátt og þau. Yfirbragð þjóðkirkjunnar kann því að breytast.

**Trú til góðs og ills**

Trú og trúfélög hafa haft fjölmargt gott í för með sér. Þau hafa hjálpað ótalmörgum að túlka tilveru sína, eygja tilgang í lífinu og öðlast lífshamingju. Þau hafa miðlað jákvæðum samfélagsgildum og lagt grunn að góðu mannlífi. Loks hafa þau orðið kveikja að fjölmörgum listaverkum af ólíku tagi. Þannig mætti lengi telja. Trú og trúfélög geta þó líka alið á spennu og fordómum, valdið styrjöldum og brotið niður sjálfsmynd einstaklinga og traust þeirra til annarra.

Af þessum sökum er brýnt að reiknað sé með trúfélögum sem gerendum í þjóðfélagi framtíðarinnar. Þá er mikilvægt að hlúð sé að jákvæðum hliðum þeirra og þeim gert mögulegt að leggja sitt af mörkum til að efla velferð í samfélaginu. Þar hafa þau af miklu að miðla.

Vegna skuggahliða trúarbragðanna er líka mikilvægt að samfélagið hafi innsýn í starf trúfélaga og ríkisvaldið geti jafnvel átt aðkomu að því a.m.k. sem öryggisloki ef illa fer.

**Trúmál ekki bara einkamál**

Af fyrrgreindum ástæðum virðast veigamikil rök fyrir að jafnvel í lýðræðislegum fjölhyggjusamfélögum sé ekki litið svo á að allt sem að trúmálum lýtur sé einkamál. Þrátt fyrir að ríkisvaldið eigi ekki að hlutast til um trú okkar hvers og eins er æskilegt að í gildi sé vönduð löggjöf um starf trúfélaga og þau heyri þannig undir opinberan rétt. Því eru nú í gildi lög um skráð trúfélög sem þjóna tvíþættu hlutverki: Þau setja opinberar leikreglur um störf trúfélaga en veita þeim jafnframt nokkra hlutdeild í þeirri fyrirgreiðslu sem hið opinbera veitir þjóðkirkjunni þó í ríkari mæli. Í framtíðinni þurfa þessi lög einnig að ná að fullu til lífsskoðunarfélaga sem gegna hliðstæðu hlutverki og trúfélög þótt „kenning“ þeirra sé veraldleg.

**Þjóðkirkjulög**

Rök standa einnig til að um hina stóru meirihlutakirkju — þjóðkirkjuna — gildi sérstök lög vegna yfirburðastærðar hennar, þeirra fjölþættu hlutverka sem hún gegnir umfram önnur trúfélög og vegna þeirra miklu fjármuna sem hún veltir. Þessi stóra kirkja verður að standast sömu kröfur og smærri trú- og lífsskoðunarfélög. Auk þess hlýtur samfélagið að gera ríkari kröfur til hennar en smærri trúfélaga: Ætlast til að hún þjóni fólki um land allt, sé öllum opin, ástundi vandaða stjórnsýslu, starfi í anda lýðræðis og jafnréttis og fari vel með eignir sínar sem komnar eru frá þjóðinni þó vissulega sé þar um framlag löngu genginna kynslóða að ræða þar sem eru hinar fornu kirkjueignir.

> Vegna skuggahliða trúarbragðanna er líka mikilvægt að samfélagið hafi innsýn í starf trúfélaga…

**Þjóðkirkjuákvæði verndar þjóðina**

Vissulega er mögulegt að kveða á um stöðu trú- og lífsskoðunarfélaga þar á meðal þjóðkirkjunnar í almennum lögum án þess að þeirra sé getið í stjórnarskrá. Þjóðkirkjuákvæði eða ígildi þess sem nær til allra trú- og lífsskoðunarfélaga er á hinn bóginn mikilvæg yfirlýsing um að slík lög skuli sett og þannig reiknað með trúarbrögðum í hinu opinbera rými en aðkomu þeirra að því settar skýrar leikreglur. Hlutverk slíks ákvæðis og löggjafar sem reist væri á því er því ekki einvörðungu að vernda trú- og lífsskoðunarfélög almennt og þjóðkirkjuna sérstaklega heldur einnig að vernda þjóðina fyrir ýmsum skuggahliðum trúarbragðanna sem sagt gætu til sín í auknum mæli ef trúmál heyrðu alfarið undir einkamálarétt. — Þetta eru veigamestu rökin fyrir þjóðkirkjuákvæði eða ígildi þess.



Við opnum fyrir þér dyrnar
að nýju heimili
**Gakktu í bæinn**
BÆR
Ögurhvarfi 6 | 203 Reykjavík | Sími: 512 3400

# Að leggja til grundvallar

Ný stjórnarskrá

Sveinn Andri Sveinsson
hæstaréttarlögmaður



Í kosningum þeim sem fram fara næstkomandi laugardag, þann 20. október, um tillögur stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá, hljóðar fyrsta spurningin sem kosið er um þannig:

Vilt þú að tillögur stjórnlagaráðs verði lagðar til grundvallar frumvarpi að nýrri stjórnarskrá?

Einhverjir kjósenda vilja ekki sjá neina endurskoðun á stjórnarskránni og segja einfaldlega nei eða tjá afstöðu sína með því að sitja heima. Síðan eru þeir án efa margir sem hugnast gæti einhver ákvæði í tillögum stjórnlagaráðs en greiða engu að síður gegn tillögunum, svo ekki megi túlka atkvæði þeirra sem stuðning við einhverja þvælu.

Segi meirihluti kjósenda nei við þessari spurningu, er ekki hægt að túlka þá niðurstöðu öðruvísi en svo að ekkert af þeim atriðum sem lögð eru til í hugmyndum stjórnlagaráðsins eigi að koma við sögu í hugsanlegri endurskoðun stjórnarskrárinnar, jafnvel þótt sumir þeirra sem svo greiddu atkvæði gætu hugsað sér að styðja eitthvað í tillögunum. Sama má í raun segja ef þeir sem segja nei og þeir sem sitja heima eru meirihluti kosningabærra. Málið er þá komið á upphafsreit.

Ef meirihluti kjósenda segir já við þessari spurningu, hvaða ályktun er hægt að draga af því? Úr tveimur mikilvægum spurningum þarf þá að leysa.

1. Er hægt að slá því föstu, að þeir sem segi já við þessari spurningu séu að ljá hverri einustu grein tillagnanna atkvæði sitt (undanskilin þau álitaefni sem greitt er sérstaklega atkvæði um) eða er hugsanlegt að með atkvæði sínu sé viðkomandi aðeins að lýsa yfir stuðningi við hluta tillagnanna?

Út frá sjónarmiðum aðferðafræði og almennri rökhyggju er ógerlegt að segja til um það hvert ef eitthvert af ákvæðum tillagnanna nýtur almenns stuðnings. Miðað við það hversu margar greinar er um að ræða og sem taka á mismunandi atriðum er augljóst að ekki er hægt að lesa út úr já-atkvæðum þann skilning að allar greinar tillagnanna njóti meirihlutastuðnings þjóðarinnar. Veganestið fyrir tilvonandi höfunda frumvarps að stjórnarskrá er því lítið sem ekkert.

2. Hvað þýðir orðasambandið „að leggja til grundvallar“?

Þorvaldur Gylfason hagfræðiprófessor og fulltrúi í stjórnlagaráði hefur látið hafa það eftir sér að verði niðurstaðan já eigi frumvarpið að fara orðrétt í gegnum Alþingi. Þetta er algerlega fráleitt því það eina sem er alveg ljóst af orðalagi spurningarinnar er að tillögur stjórnlagaráðs eiga ekki að verða lagðar fram í óbreyttri mynd sem frumvarp fyrir Alþingi, því þá hefði verið spurt hvort leggja ætti tillögurnar fram sem frumvarp.

Formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis kvað hins vegar upp úr með það að nefndin ætti að leggja það fram efnislega eins fyrir Alþingi, þó orðalag gæti tekið breytingum.

Orðið grundvöllur er loðið og teygjanlegt hugtak. Þannig er það mjög algengt í samningum eða samskiptum aðila þar sem setja þarf saman texta, að einn leggur fram uppkast eða hugmyndir sem menn verða ásáttir um að geti verið grunnur eða grundvöllur að samningi eða reglum. Slíkur grunnur getur síðan tekið margháttuðum breytingum, sumu er breytt að miklu leyti en öðru í litlu, eitt er tekið út á meðan öðru er bætt inn í. Með hliðsjón af almennri málvitund og beitingu orðasambandsins „að leggja til grundvallar“ er því ljóst að tillögur stjórnarskrárnefndar eru einungis uppkast eða hugmyndir sem algerlega á eftir að vinna nánar, áður en frumvarp er lagt fyrir Alþingi.

Síðan má ekki gleyma því að samkvæmt orðanna hljóðan snýst spurningin aðeins um það hvort leggja eigi tillögur stjórnlagaráðs sem frumvarp fyrir Alþingi. Ekki er spurt að því hvort kjósandinn vilji að tillögurnar eða einstök ákvæði þeirra eigi að fara inn í stjórnarskrá. Alþingi hefur skv. spurningunni sem kosið er um algerlega frjálsar hendur.

Það kemur spánskt fyrir sjónir að verk sem rétt er hafið skuli nú lagt fyrir kjósendur án þess að atkvæði þeirra hafi nokkra einustu þýðingu, hvorki lagalega né pólitískt, og veitir löggjafanum litla sem enga vísbendingu um þjóðarvilja. Að greiða atkvæði um þessar misgáfulegu tillögur stjórnlagaráðs er því tímaeyðsla og það sem verra er, sóun á almannafé.

# Loksins fáum við að kjósa

Ný stjórnarskrá

Eiríkur Bergmann
dósent



Í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslunnar 20. október næstkomandi fer nú um þjóðfélagið viðamikil og efnisrík umræða um stjórnarskrána, grundvallarlög lýðveldisins. Loksins. Við lýðveldistökuna árið 1944 var í nafni samstöðu ákveðið að bíða með heildarendurskoðun á þeim grundvallarlögum sem dönsku nýlenduherrarnir höfðu fært okkur, svo deilur um einstök stjórnarskrárákvæði myndu ekki skyggja á lýðveldishátíðina á Þingvöllum – til þess að „fylkja þjóðinni einhuga um stofnun lýðveldisins“ eins og sagði í skýringum við frumvarpið. Líkt og fram kemur í sérfræðiriti sendifulltrúans Kristjáns Andra Stefánssonar og prófessoranna Eiríks Tómassonar, Bjargar Thorarensen og Gunnars Helga Kristinssonar, Ágripi af þróun stjórnarskrárinnar (2005), ákvað Alþingi þá að breyta fullveldisstjórnarskránni með afbrigðilegum hætti, þ.e. með samþykkt eins þings og meirihluta kosningarbærra manna í þjóðaratkvæðagreiðslu. Sem var á skjön við ákvæði gildandi stjórnarskrár.

Þó svo að sú gamla danska, sem lítillega hafði breyst við heimastjórnina árið 1904 og í kjölfar fullveldis árið 1918 (fullveldisstjórnarskráin tók gildi 1920), endurspeglaði engan veginn þá grundvallarbreytingu sem orðið hafði við umskiptin frá einveldi til lýðræðis samþykkti Alþingi af þessum sökum að við lýðveldistökuna væri „óheimilt að gera með þessum hætti nokkrar aðrar breytingar á stjórnarskránni en þær, sem beinlínis leiðir af sambandsslitum við Danmörku og því, að Íslendingar taka með stofnun lýðveldis til fullnustu í sínar hendur æðsta vald í málefnum ríkisins“. Í samræmi við þetta voru ekki aðrar breytingar gerðar en að ákvæði um konung voru felld út fyrir ákvæði um forseta.

### Heit um heildarendurskoðun

Fyrirhugað var að strax í kjölfarið myndu Íslendingar setja sér sína eigin stjórnarskrá, eins og til að mynda kom fram í áliti stjórnarskrárnefndar þingsins sem þá starfaði, þar sem sagði að áfram yrði unnið „að heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar“. Í stjórnarsáttmála nýsköpunarstjórnarinnar, sem tók við völdum haustið 1944, var róttækum breytingum á stjórnarskrá lofað „eigi síðar en síðari hluta næsta vetrar“. Síðan eru liðin mörg ár eins og segir í laginu.

Það var ekki fyrr en við þó nokkurn óróa í samfélaginu í kjölfar efnahagsáfalls að Alþingi fann sumarið 2010 þá skynsömu leið út úr ógöngunum að boða til þúsund manna þjóðfundar, skipa valinkunna sérfræðinga í stjórnlaganefnd og efna til allsherjarkjörs til stjórnlagaþings að skriður komst á málið. Og nú liggur frumvarp stjórnlagaráðs loksins fyrir eftir allan þennan feril.

Hver endurskoðunartilraunin á fætur annarri hafði fram að því strandað á sérhagsmunum stjórnmálamanna. Nokkrar minni háttar breytingar hafa að vísu verið gerðar auk nýs mannréttindakafla árið 1995. Stjórnarskrárbreytingin 1959 var barin í gegn í bullandi ágreiningi svo þekkt orðalag sé notað, líkt og í eiðrofsmálinu svokallaða árið 1942. Hinn bitri sannleikur er sá að íslenskir stjórnmálamenn hafa aldrei náð neinni sátt í málinu og munu ekki gera það í fyrirsjáanlegri framtíð klúðrist málið nú.

### Við meðmælum öll

Aðferðin við yfirstandandi endurskoðun stjórnarskrárinnar varð ekki til í tómarúmi og á sér meðal annars fyrirmynd í stjórnlagaþinginu í Lærða skólanum árið 1851 sem starfaði einmitt undir nafni þjóðfundar. Þá var það útsendari Danakonungs, Trampe greifi, sem í skjóli vopnavalds stöðvaði Íslendinga í að setja sér sína eigin stjórnarskrá. Þeirri valdníðslu mótmælti Jón Sigurðsson með frægum orðum: „Við mótmælum allir.“ Nú, rúmlega einni og hálfri öld síðar, fá Íslendingar loksins að segja álit sitt á nýrri og framsækinni íslenskri stjórnarskrá.

# Aukið frjálsræði og afnám viðskiptahindrana

Viðskipti

Bjarni Már Gylfason
hagfræðingur Samtaka iðnaðarins og fulltrúi Íslands í ráðgjafanefnd EFTA/EES



Innri markaður Evrópu á 20 ára afmæli um þessar mundir. Árið 1993 varð Ísland fullgildur aðili að markaðnum með EES-samningum. Aðild Íslands var umdeild á sínum tíma og þótti mörgum víst að hún fæli í sér talsvert afsal fullveldis og að margvísleg atvinnustarfsemi á Íslandi yrði undir í frjálsri samkeppni á vissum sviðum. Það reyndist rétt að nokkru leyti. Á móti kemur að þær breytingar sem orðið hafa á síðastliðnum tveimur áratugum hafa gjörbreytt íslensku viðskiptaumhverfi til hins betra og við orðið samkeppnishæfari á nýjum sviðum.

Þrátt fyrir djúpa efnahagskreppu á Íslandi síðustu árin er ekki hægt að líta fram hjá þeirri staðreynd að árlegur hagvöxtur hefur verið tæp 3% frá því Ísland tengdist innri markaðnum. Aukinn útflutningur og alþjóðavæðing, fjölbreyttara atvinnulíf og efnahagslegar framfarir er ekki síst að þakka þeirri umgjörð sem aðild að innri markaði Evrópu hefur fært okkur. Tilvist innri markaðarins hefur raunar breytt því hvernig viðskipti eiga sér stað, hvernig ferðalögum og námi er háttað og hvernig margvísleg löggjöf er innleidd.

Fyrir aðild skuldbindum við okkur nefnilega til að taka upp alla löggjöf ESB sem varðar innri markaðinn fyrir utan sjávarútvegs- og landbúnaðarmál. Þetta þýðir að viðskiptaumhverfi okkar er að mestu leyti það sama og hjá helstu viðskiptavinum og keppinautum okkar. Þetta kallar á visst valdaframsal en á móti fáum við aðgang að vandaðri lagasetningu en við sjálf hefðum ráðrúm til að hanna.

Í raun má segja að með aðgangi að innri markaðnum hafi eitt stærsta viðskiptatækifæri okkar fram að þessu verið opnað. Erfitt er að ímynda sér íslenskt atvinnulíf í dag ef við værum ekki að starfa í sömu umgjörð og löndin í kringum okkur. Innri markaðurinn felur í sér að viðskipti með vörur og þjónustu, fjármagn og flutningur fólks er frjáls í 27 aðildarríkjum svæðisins þar sem um 500 milljónir manna búa og 23 milljónir fyrirtækja eru starfrækt. Þrátt fyrir þetta eru miklar áskoranir fram undan. Hætt er við að innri markaðurinn sjálfur verði fórnarlamb kreppunnar sem nú ríkir enda þekkt að viðbrögð sumra ríkja við kreppu eru að draga saman seglin og byggja varnarmúra í kringum sig. En það mun ekki skila neinum árangri fyrir íbúa svæðisins í heild sinni enda mun hvers kyns verndarstefna og einangrun draga úr umsvifum efnahagslífsins.

Aukið frjálsræði og flæði í viðskiptum samhliða afnámi óæskilegra viðskiptahindrana er ævinlega uppskrift að aukinni hagsæld. Af þessum sökum felst leið Evrópu út úr kreppunni m.a. í að styrkja enn frekar innri markaðinn sem nú fagnar 20 ára afmæli sínu.



# DEBENHAMS

**20%**
**AFSLÁTTUR**

af öllum barnafatnaði og leikföngum*

Gildir út sunnudag **NÝTT KORTATÍMABIL**




**HAUSTÚTSALAN HELDUR ÁFRAM**

**50-70%**
**AFSLÁTTUR**

**ENN MEIRI AFSLÁTTUR**

Gerðu lífið skemmtilegra

*Gildir ekki með öðrum tilboðum

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS – Lífstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# Jafnt vægi atkvæða

Ný stjórnarskrá
Guðmundur Gunnarsson
stjórnlagaráðsmaður

Það er grundvallaratriði í lýðræðislegu stjórnskipulagi að allir þegnar samfélagsins hafi jafna möguleika til þess að hafa áhrif á stjórn landsins. Atkvæði allra kjósenda vegi jafnt þegar gengið er til kosninga. Á þetta var lögð mikil áhersla á Þjóðfundinum og hefur þetta verið áberandi krafa á öllum stigum við endurnýjun stjórnarskrárinnar. Andstæðingum þessa brýna máls hefur tekist að gera þetta að deilumáli milli landsbyggðar og þéttbýlis á SV-horni landsins. Þetta misvægi er að hluta til afleiðing búsetuflutninga frá dreifbýli til þéttbýlis, ekki meðvitað pólitískt markmið. En það veldur aftur á móti að mikil völd eru í höndum flokksmaskínanna, sakir þess að núgildandi kosningakerfi er þannig að allt að 2/3 þingsæta eru fyrir fram örugg og tryggir núverandi flokkakerfi.

Landsbyggðin hefur alltaf átt fleiri fulltrúa á þingi en íbúahlutfall segir til um. Miklar breytingar voru gerðar til bóta með kjördæmabreytingunni árið 1959 og síðar með nýrri kjördæmaskipan. Í alþingiskosningum 2009 voru um 2.400 kjósendur á kjörskrá að baki hverjum kjörnum þingmanni í Norðvesturkjördæmi en tæplega 5.000 í Suðvesturkjördæmi. Þingmaður í Suðvesturkjördæmi þurfti þannig að fá ríflega tvöfalt fleiri atkvæði en þingmaður í Norðvesturkjördæmi til að ná kjöri.

Eftirlitsmenn Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) voru hér á landi og fylgdust með síðustu alþingiskosningum. Í skýrslu ÖSE um kosningarnar var bent á að misvægi atkvæða milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar væri alltof mikið. Reglur ÖSE kveða á um að misvægið milli einstakra kjördæma sé innan 10% og aldrei meira en 15%. Mismunurinn hér fór aftur á móti upp í 100% og taldi ÖSE að tímabært væri að huga að endurskoðun á viðkomandi lagaákvæði um dreifingu þingsæta.

Í umræðum um stöðu dreifbýlis gagnvart þéttbýlinu á SV-horninu er málum gjarnan stillt upp með þeim hætti, að dreifbýlið búi við einhvers konar samsæri af hálfu þéttbýlinga. Til þess að vinna gegn þessu samsæri verði að viðhalda mismunandi vægi atkvæða. Með því sé stuðlað að öflugri atvinnutækifærum í dreifbýlinu og launakjör bætt, samfara því að minnka atvinnuleysi og slaka félagsleg stöðu í dreifbýlinu. Þessu er haldið fram þrátt fyrir að um áratugaskeið hafi verið mikið misvægi atkvæða og atvinnuleysi og slök félagsleg staða hér á landi er mest í úthverfum höfuðborgarsvæðisins.

Í tillögum Stjórnlagaráðs er lagt til í 39. grein að öll atkvæði á landinu vegi jafnt. Alþingi geti ákveðið hvort landið verði eitt kjördæmi en skipt því upp í allt að átta kjördæmi. Í tillögum stjórnlagaráðs er gert ráð fyrir að hægt sé að setja lágmörk sem tryggi hverju kjördæmi lágmarksfjölda þingmanna í réttu hlutfalli við fjölda kjósenda viðkomandi kjördæmis. Þetta er lágmarkstrygging því kjördæmin munu fá að jafnaði fleiri þingmenn en svarar til kjósendafjölda, sérstaklega ef þar eru frambjóðendur sem höfða til kjósenda utan síns kjördæmis. Ástæða er að benda á að langflestir íbúa SV-hornsins eiga rætur í öðrum landsvæðum og eru með miklar tengingar þangað. Það er líklegt að sum kjördæmi fái fleiri þingsæti en svarar til kjósendatölu. En það er þá að vilja kjósenda annars staðar að af landinu, en ekki fyrir skikkan kosningakerfisins eins og nú er.

Listar verða boðnir fram á kjördæmavísu en líka landsvísu. Frambjóðandi á kjördæmislista má jafnframt vera á landslista síns flokks eða samtaka, en þar mega líka vera frambjóðendur utan kjördæma. Kjósandi getur valið einstaklinga, jafnvel af mörgum listum. Gagnvart kjósendum er landið því sem eitt kjördæmi. Frambjóðandi hlýtur að jafnaði að tala til kjósenda í kjördæmi sínu en líka höfða til allra landsmanna, vilji hann hljóta stuðning utan kjördæmis síns. Þannig nást kostir landskjörs, sem kallar fram ábyrgð þingmanna gagnvart öllum landslýð, en um leið er trygging fyrir því að rödd hverrar byggðar heyrist á Alþingi.

Misvægi atkvæða hér á landi hefur leitt til þess að við búum við klúðurslegt kosningakerfi, þar sem reynt er að tryggja jöfnuð milli flokka með flóknu jöfnunarsætakerfi. Með jöfnu atkvæðavægi geta úthlutunarreglur orðið einfaldari. Í stjórnarskrám er það grundvallarregla að allir eigi að vera jafnir fyrir lögum og njóta sömu mannréttinda. Lýðræðið getur ekki verið stigskipt. Það er stjórnarskrárbrot að tala um hálf mannréttindi í kosningarrétti og í öðrum lýðréttindum.

# Um sambandsslit og stjórnarskrá 1944

Ný stjórnarskrá
Þorsteinn Vilhjálmsson
fv. prófessor í vísindasögu og eðlisfræði og ritstjóri Vísindavefsins

Því hefur verið haldið fram í undanförnu í mikilvægum fjölmiðlum á borð við Kastljós RÚV að stjórnarskrá íslenska lýðveldisins frá 1944 hafi verið samþykkt í góðri sátt og eindrægni. Mikil kjörsókn og hátt hlutfall atkvæða með stjórnarskránni sé til marks um þetta. Af þessu tilefni er rétt að rifja upp nokkur atriði sem finna má í handbókum eins og Öldinni okkar eftir Gils Guðmundsson eða Ísland á 20. öld eftir Helga Skúla Kjartansson, auk heimilda á Veraldarvefnum.

Það er vissulega rétt að kjörsókn var mikil (98,61%) í þjóðaratkvæði um slit sambandsins við Dani og nýja stjórnarskrá, sem haldið var 20.-23. maí 1944. Rúm 97% þeirra sem atkvæði greiddu lýstu samþykki við sambandsslitin og 95% við lýðveldisstjórnarskrána. En þar með er ekki nema hálf sagan sögð.

Tvö mál voru á dagskrá þessa þjóðaratkvæðis og leikur enginn vafi á því að það var fyrra málið, sambandsslitin, sem olli þessari óvenjulegu kjörsókn. Samkvæmt sambandslögunum frá 1918 mátti segja þeim upp eftir 25 ár og íslenska þjóðin var nær einhuga um að fylgja því eftir nú, þegar fresturinn var liðinn, enda mæltu allar aðstæður með því.

Stjórnarskrárfrumvarpið sem Alþingi hafði samþykkt og var borið undir þjóðina í atkvæðagreiðslunni fól nær eingöngu í sér breytingar sem tengdust sambandsslitunum, til dæmis að Ísland skyldi vera lýðveldi með þjóðkjörnum forseta í stað Danakonungs. Atkvæðin með sambandsslitunum voru um 1.500 fleiri en með stjórnarskránni. Með hliðsjón af umræðum á þessum tíma má ætla að í þeim hópi hafi til dæmis verið kjósendur sem vildu að landið yrði sjálfstætt konungsríki í stað lýðveldis, eða að forseti yrði þingkjörinn. Atriði sem tengdust ekki sambandsslitunum voru einfaldlega ekki ofarlega í huga fólks þegar slíkt stórmál var annars vegar.

Stjórnarskrárfrumvarpið var undirbúið í sérstakri nefnd sem hafði í upphafi það hlutverk að fjalla um alla stjórnarskrána. Þegar nefndin skilaði af sér sagði hún:

„[Nefndin skilar] með þessu stjórnarskrárfrumvarpi og greinargerð fyrri hluta þess verkefnis, er henni var falið, en mun áfram vinna að seinni hluta verkefnisins, sem sé að „undirbúa aðrar breytingar á stjórnskipulaginu, er þurfa þykir og gera verður á venjulegan hátt“.“ (Alþingistíðindi A 1944 bls. 11–12).

Hér þarf ekki frekar vitnanna við: Höfundurinn sjálfur, nefndin sem undirbjó frumvarpið, hefur litið svo á að verki hennar væri ekki lokið og hún ætlaði sér að vinna áfram að því. Þannig hófst þrautagangan sem enn er ekki lokið, um heildstæða samningu og samþykki stjórnarskrár fyrir lýðveldið Ísland. Vonandi berum við gæfu til að ljúka henni á næstu mánuðum eða misserum.

En hvernig stendur á því að menn berja höfðinu við steininn í umræðunni núna, kjósa að neita staðreyndum og halda því fram að stjórnarskráin hafi ekki verið hugsuð til bráðabirgða? Hverja gleymir við frekar að spyrja um það en höfundana sjálfa? Er ekki nær að verja tíma, orku og prentsvertu í að ræða eitthvað annað?

Niðurstaðan úr þessu greinarkorni er kristallstær: Mikil kjörsókn í þjóðaratkvæðagreiðslunni 1944 er aðeins til marks um einhug þjóðarinnar um sambandsslitin. Hvorki kjörsókn né atkvæðatölur um stjórnarskrána segja okkur nokkuð marktækt um afstöðu kjósenda til annarra ákvæða í stjórnarskránni sem voru að langmestu leyti óhögguð og voru ekki í brennidepli enda stóð til að breyta þeim fljótlega. Og almennt var litið á nýju stjórnarskrána sem bráðabirgðaáfanga sem þó væri nauðsynlegur vegna þess sem mest var; sambandsslitin sjálf. Starfinu að stjórnarskrá hins nýja lýðveldis yrði haldið áfram.

# Almenningur ræður framámönnunum

Ný stjórnarskrá
Andrés Magnússon
var í stjórnlagaráði

Rithöfundurinn Charles Bukowski var eitt sinn inntur eftir því hvers vegna hann væri ekki meira þjóðfélagslega meðvitaður í skrifum sínum. Hann svaraði að í raun og veru hefði þetta verið miklu betra áður en lýðræðið kom til, þá skipuðu yfirvöldin þér fyrir í einu og öllu; nú þarftu fyrst að kjósa þá og svo skipa þeir þér fyrir! Bukowski blessaður var ekki sá eini sem hafði litla trú á að almenningur fengi nokkru að ráða þótt „stjórnmálaflokka tilhögun“ (einnig kallað lýðræði) væri komið á. Þegar Grikkir til forna voru að þreifa sig áfram með þróun lýðræðis þá komust þeir fljótt að því að fulltrúalýðræðið væri svo gallað að þeir aflögðu það og tóku í staðinn upp aðrar aðferðir sem þeim fannst endurspegla betur vilja almennings. Skoðanakannanir á Íslandi hafa til dæmis um langt árabil sýnt að 70-80% þjóðarinnar eru á móti kvótakerfinu, samt hafa breytingar á því alltaf verið stoppaðar af kjörnum fulltrúum þjóðarinnar á Alþingi. Alls konar sérhagsmunir og peningar hafa greiðan aðgang að kjörnum fulltrúum og stundum virkar fulltrúasamkundan sem flöskuháls fyrir vilja almennings frekar en farvegur fyrir hann.

Prófkjör er ein af þeim tilraunum sem gerðar hafa verið til þess að tempra einveldi stjórnmálaflokka og ljá almenningi meiri áhrif. Það eru ekki nema nokkrir mánuðir þar til að næsta prófkjörshrina hefst. Lítum á nokkra galla við prófkjör:

Hver flokkur fyrir sig semur flóknar prófkjörsreglur, flókin og óljós kæruferli, engin utankjörfundakosning, langir framboðsfrestir, mismunandi aldurstakmörk, tímafrekt, fjárfrekt fyrir frambjóðendur o.s.frv. Smölun tíðkast, menn sem ætla sér ekki að kjósa viðkomandi flokk kjósa samt í prófkjöri hans. Stundum er reynt að koma í veg fyrir smölun með því að láta kosta að ganga í flokkinn fyrir kosningar, þ.e. menn greiða fyrir að taka þátt í prófkjöri; stundum greiðir sá sem er að smala flokksgjaldið fyrir hinn smalaða og þannig geta fjársterkir aðilar smalað meira í prófkjör en aðrir. En aðalgallinn er að aðeins hinir flokksbundnu geta kosið í prófkjöri, allir hinir sem munu kjósa flokkinn í næstu kosningum en eru ekki meðlimir í flokknum ráða engu um hverjir verða efstir og fara inn á þing.

Nýja stjórnarskráin tekur á þessu vandamáli, reyndar er rauði þráðurinn í henni einmitt að tempra einveldi stjórnmálaflokkanna og færa valdið nær almenningi, í þessu tilviki með því að almenningur, sérhver kjósandi í kjörklefanum krossar við þá einstaklinga sem hann vill að verði efstu mennirnir á sínum lista. Þá leysast öll vandamálin varðandi prófkjörin sem að ofan eru rakin, í reynd verða prófkjörin færð inn í kjörklefann. Þetta er reyndar svo sjálfsögð lýðræðisbót að hún hefur fyrir löngu verið tekin upp í mörgum nágrannalöndum okkar. Þetta er bara eitt dæmi um þau fjölmörgu atriði í nýjum stjórnarskrárdrögum sem færa almenningi meiri áhrif í stjórn landsins; önnur eru t.d. að almenningur getur knúið fram þjóðaratkvæðagreiðslur o.s.frv.

Þann 20. okt. verður þér boðið að hafa völdin sjálf/ur.



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## RÓMANTÍK Í LOFTINU

**Brúðarkjólasýning fyrir árið 2013 fór fram í New York í vikunni. Þar sýndi meðal annars Vera Wang sem hefur snúið aftur til rómantíska útlitsins. Sýndir voru blúndu- og pallíettuskreyttir, glæsilegir brúðarkjólar sem tilvonandi brúðir geta skoðað á netinu og fengið hugmyndir.**


GAMLI GÓÐI



Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
10-14 laugardaga

Teg 4457 - í stærðum B,C,D á kr. 5.800,-
aðhaldsbuxur í stíl á kr. 2.995,-

Vertu vinur



Eirberg



Rafknúnir lyftihægindastólar

Opið kl. 9 - 18 • laugardaga kl. 11 - 16 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is



BUXNABOMBA

10-40% afsláttur af öllum buxum





Fullt verð 13.980
Kringlukastsverð
9.980

Fullt verð 18.980
Kringlukastsverð
12.980

TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777

Vertu vinur okkar á Facebook




# PÖNK OG INDÍÁNAR

**HÖNNUN OG HANDAVINNA** *Fatastíll Svanhildar Steinarrsdóttur er sóttur í bæði pönk- og indíánamenningu. Hún hannar bæði föt og skartgripi.*

Svanhildur Steinarrsdóttir hefur lengi haft áhuga á hvers kyns hönnun og handavinnu. „Mér hefur alltaf fundist gaman að mála og teikna og hef gert mikið af því frá því ég var lítil. Í framhaldsskóla fór ég að hafa áhuga á tísku og þá fór ég að sauma og breyta fötum,“ segir Svanhildur.

Hún segist vera með fjölbreyttan og persónulegan stíl sem eigi rætur sínar bæði í pönki og indíánastíl. „Ég blanda þessum tveimur stílum þó ekki saman. Þegar ég fer á djammið eða eitthvað út er ég meira í pönkaðri stíl. Hversdags er ég í víðari og þægilegri fötum og nenni ekki að vera uppstríluð í vinnunni fyrir framan tölvuna. Ég er litafrík og er yfirleitt alltaf í litum og finnst gaman að nota til dæmis gulan og appelsínugulan til að poppa hlutina upp. Það fer svolítið eftir því í hvernig skapi ég er hvernig ég klæði mig. Indíánastíllinn hefur verið mjög lengi í gangi hjá mér. Ég er mikið náttúrubarn og dýravinur og hef lengi verið í hestum. Menning indíána heillar mig og list þeirra, hvernig þeir skreyta sig með hlutum úr náttúrunni.“

Svanhildur hefur verið að taka að sér ýmis verkefni, svo sem förðun fyrir ljósmyndir og málverkagerð. „Ég set myndir af verkunum inn á bloggsíðuna mína, Svanhildursteinarrs.blogspot.com. Ég er að safna í möppu sem ég get notað þegar ég hef fundið út hvað mig langar að gera í framtíðinni. Ég ætla að læra eitthvað tengt hönnun hvort sem það verður fatahönnun eða arkitektúr.“

„Ég hanna mikið sjálf og geri oft eitthvað sem mér dettur í hug með stuttum fyrirvara, sauma til dæmis jólakjólinn korter í jól. Undanfarið hef ég verið í því að breyta gömlum fötum af mömmu og nota þá fatamálningu, klippi til og sauma eftir eigin höfði. Þegar ég versla mér föt fer ég yfirleitt í þessar venjulegu búðir, til dæmis Topshop og Gallerí 17 en mest gaman finnst mér að finna einhverjar gersemar á stöðum þar sem ég átti ekki von á að finna þær.“

lilja.bjork@365.is

**INDÍÁNASTELPA** Á myndinni er Svanhildur í uppáhaldsflíkinni sinni, gollu úr Forynju. „Það er alltaf jafn þægilegt að fara í hana, hún er einmitt í mínum stíl og er hlý en ekki of þykk.“
MYND/STEFÁN




Gerðu gæða- og verðsamanburð

12 mánaða vaxtalausar greiðslur*

ÝMIR, SAGA, FREYJA, ÞÓR OG ÓÐINN
Hágæða svæðisskiptar heilsudýnur



ÝMIR rúm 153x203 aðeins kr. 124.900

LOKAÐ
laugardaginn 13. október
vegna árshátíðar starfsmanna

FINNDU MUNINN

Svefn & heilsa
www.svefn.is
*3,5% lántökugjald

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 · Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 · Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 · laugardaga 12.00 - 16.00

NÝ ÚLPUSENDING

DÚNÚLPUR MEÐ EKTA SKINNI




Skoðið sýnishornin á laxdal.is/yfirhafnir

BERNHARD LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422


## HLÝTT Í VETUR

**SKJÓLGOTT**
Fallegir, stórir treflar verða vinsælir í vetur. Þeir mega vera hvort sem er einlitir eða litríkir, jafnvel í mörgum litum. Á myndinni er kasmír-trefill frá Donnu Karan, mjúkur og þægilegur. Höfuðföt; hattar, húfur og eyrnaskjól, eru sömuleiðis vinsæl í vetur. Hægt er að skoða vetrartísku Donnu á dkny.com en margar íslenskar konur eru hrifnar af hönnun hennar. Aðrir hönnuðir hafa einnig sýnt ýmis höfuðföt og trefla og má þar nefna Vivienne Westwood sem er mikið með sixpensara fyrir dömur og Marc Jacobs sem býður stór og mikil höfuðföt.



## TÍSKUBLOGGARINN | ELÍSABET GUNNARSDÓTTIR



# TÓK ÁSTFÓSTRI VIÐ SÆNSKAR VERSLANIR

**Hvað ert þú að starfa um þessar mundir og hvar?** Ég er starfandi í nokkrum hlutverkum í nýju frönsku landi. Handboltafrú, mamma og bloggari ásamt því að vera annar eigenda nýju bloggveraldarinnar Trendnet.is. Einnig er ég viðskiptafræðinemi í fjarnámi. Það er því nóg að gera og hver dagur er mjög vel skipulagður.

**Hefur þú alltaf haft áhuga á tísku?** Ég hef haft þann áhuga mjög lengi en vitið kom ekki fyrr en ég byrjaði að vinna í Centrum (heitinni), þá 16 ára gömul. Þar jókst og myndaðist áhuginn enn frekar og síðan hefur tíska verið mitt helsta áhugamál og er stór hluti af mínu lífi í dag.

**Hvað leggur þú áherslu á þegar þú bloggar?** Það tekur tíma að þróa sig sem bloggari. Þegar ég blogga reyni ég eftir fremsta megni að vera 100% ég sjálf og vona að það skili sér til lesandans. Áður en ég byrjaði að blogga á Trendnetinu þá bloggaði ég á sjálfstæðri heimasíðu í þrjú ár. Ég hef tekið þá ákvörðun að vera hæfilega persónuleg að mínu mati. Deili tískufréttum, dresspóstum og mínu daglega lífi. Það eru mínir áherslupunktar sem ég sé að eru að virka fyrir mig og vonandi fyrir þá sem lesa bloggið.

**Hvaða hönnuðir eru í uppáhaldi?** Það er misjafnt eftir tímabilum og finnst mér alltaf jafn erfitt að svara þessu. Um þessar mundir eru Acne, Wang, Kenzo og Balmain dálítið góð blanda að mínu mati.

**Er einhver flík sem þú stenst ekki?** Ég stenst ekki fallegar og vel vandaðar flíkur yfir höfuð. Einhverra hluta vegna kaupi ég mest af yfirhöfnum en þó er það alveg óviljandi. Í augnablikinu langar mig rosalega mikið í flotta húfu og góða leðurhanska, reyndar langar mig líka í almennilegt haustvetur til Frakklands svo að ég geti notað þess konar flíkur.

**Einhver skemmtileg tískuupplifun?** Ég fæ svo mikinn innblástur af allavega fólki. Mín síðasta skemmtilega tískuupplifun var að ganga um götur Parísar þegar tískuvikan stóð sem hæst. Þar sér maður allar gerðir af fólki sem er jafn mismunandi og það er margt. Dásamleg upplifun sama hversu oft maður upplifir hana.

**Áttu þér uppáhaldsverslanir?** Ég bjó í þrjú ár í Svíþjóð og tók þar ástfóstri við sænskar verslanir. Sú sem fylgdi mér til Frakklands, sem betur fer, er verslunin COS sem er eitt af börnum H&M-risans. Hún er nokkuð fullkomin að mínu mati, vandaðar flíkur, basic snið og gott verð.

**Eyðir þú miklu í fatakaup?** Ég er og hef alltaf verið mjög skynsöm þegar ég versla mér föt. Kaupi ekkert nema ég eigi fyrir því og hef til dæmis aldrei borgað með vísakorti eða yfirdrætti. Ég elska að kaupa mér á mörkuðum eða í fallegum second hand-verslunum en leyfi mér dýrari flíkur þegar ég sé mikinn endingartíma í þeim.

**Hvort verslar þú meira á Íslandi eða í útlöndum?** Þar sem ég bý fyrir utan landsteinana þá fara flest mín kaup fram þar. Netverslanir, hvort sem þær eru erlendar eða íslenskar, eru líka fastur liður í mínum nethring.

**Hvað gerir þú í þínum frístundum?** Ég eyði öllum mínum frístundum með litlu fjölskyldunni minni hér í Frans. Við erum dugleg að hjóla um nýju borgina og uppgötva nýja staði og skoða mannlífið. Þegar ég á frí á Íslandi nota ég það til hins ýtrasta með vinum og fjölskyldu. Besta frí sem ég veit er þegar ég kemst í sumarbústað í ferskri, íslenskri sveit. Sem bloggari er ég aldrei í fríi og leita stöðugt eftir innblæstri.

■ elin@365.is



**Í NÁMI OG STARFI**
Elísabet Gunnarsdóttir býr í Frakklandi ásamt fjölskyldu sinni og heldur úti vinsælu bloggi.

**EIFFEL TURNINN**
„Mín síðasta tískuupplifun var að ganga um götur Parísar þegar tískuvikan stóð sem hæst.“


VETRARDAGAR

15% afsláttur af öllum Basler vörum

Úrval af peysum, buxum, drögtum, kjólum og yfirhöfnum.

BASLER Parísar TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770



NÁMSKEIÐ

Hekl fyrir lengra komna
24. október kl. 19-22
Skráning í síma 511-3388

Ármúla 18, 108 Reykjavík
Sími 511-3388
Opið mán - fös 9 - 18, lau 11-15




FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | SPORT | UMRÆÐAN | ÚTVARP | LÍFIÐ | SJÓNVARP

ÞJÓÐFÉLAGSUMRÆÐAN

vísir - oft á dag



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is**, s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is**, s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is**, s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



# FRÍSKAR UPP Á FÖT

**TAULITUN** *Sólveig Sigurvinsdóttir textílkennari skellti sér á taulitunarnámskeið og frískar nú reglulega upp á fataskápinn með nýjum litum.*

Ég hafði aðeins verið að fikta við að lita föt en það hafði ekki alltaf heppnast hjá mér. Ég ákvað því að skella mér þegar ég sá auglýst námskeið í taulitun hjá Kristínu Berman," segir Sólveig Sigurvinsdóttir textílkennari.

„Taulitun er alltaf svolítil tilraunastarfsemi eftir því hvernig efni maður hefur í höndunum. Hitastigið á vatninu skiptir líka miklu máli og ég hafði ekki alltaf notað nógu heitt. Litirnir höfðu því oft orðið frekar daufir. Eins hafði ég stundum ekki látið flíkina liggja nógu lengi í litnum. Það var farið vel yfir öll þessi atriði á námskeiðinu og nú breyti ég gjarnan fötum og endurnýti þau með því að lita upp á nýtt," segir Sólveig.

Hún notar yfirleitt þvottavélina til að lita þar sem fíngert litaduftið getur smogið út um allt og litað eitthvað sem ekki stóð til að lita.

„Það er mjög þægilegt að lita í þvottavélinni og tekst líka yfirleitt mjög vel ef farið er eftir leiðbeiningunum á pakkanum. En ég væri alveg til í að eiga stóran litunarpott ef ég fyndi hann einhvers staðar, og góða aðstöðu."

**Er hún þá ekki búin að taka fataskápinn algerlega í gegn og skipta um lit á öllu?**

„Jú, nánast, og fataskápa annarra líka," segir hún hlæjandi. „Ég hef verið að gera tilraunir á fötum sem ég hef fengið gefins frá öðrum. Það er líka í lagi þó eitthvað mistakist og þannig læri ég betur. Náttúruefnin þola hita vel og taka vel við lit og ég vissi til dæmis ekki að viskós tæki vel við lit en það er unnið úr trjákvoðu og er því af náttúrulegum grunni. Eins lærði ég að það er hægt að geyma litinn í krukku í ísskáp eftir að búið er að lita flík, og nota hann aftur með því að hita hann upp í potti. Ég hef líka litað mikið af því sem ég hef heklað eða prjónað, eins og hyrnur og sjöl, og gef gjarnan í gjafir eitthvað sem ég hef heklað og litað sjálf."

Spurð hvaða flík sé í uppáhaldi nefnir Sólveig forláta ullarkápu sem hún fékk fyrir slikk. „Við máttum taka eina flík með á námskeiðið til að lita og kennarinn litaði kápuna fyrir mig fjólubláa. Hún hefur verið í uppáhaldi síðan."

■ heida@365.is

**FJÓLUBLÁA KÁPAN** Sólveig fékk kápuna fyrir slikk og kennarinn á námskeiðinu litaði hana fjólubláa. Kápan er nú í uppáhaldi í fataskápnum.
MYND/STEFÁN



**TILRAUNASTARFSEMI** Sólveig litar gjarnan hyrnur og sjöl sem hún heklar og prjónar úr einbandi.
MYND/STEFÁN

## MARTIN MARGIELA HANNAR FYRIR H&M

**Hið vel kunna franska tískuhús Martin Margiela var fengið til að hanna nýja haustlínu fyrir verslunarkeðjuna H&M. Margiela hefur verið starfandi í um þrjá áratugi og unnið fyrir þekkt merki eins og Diesel og fleiri í gegnum tíðina. Árið 2009 gekk hann þó út úr tískuhúsi sínu af ókunnum ástæðum. Það er þó enn starfrækt undir hans nafni með öflugu hönnunarteymi og slær hvergi slöku við. Haust- og vetrarlínan eftir hönnunarteymi Margiela kemur í 230 verslanir H&M víðs vegar um heim þann 15. nóvember næstkomandi. Allir tísku- og H&M-unnendur ættu því að bóka flug sem fyrst og arka inn í næstu H&M-verslun og líta þessa glæsilegu hönnun augum.**









# JÓGA Á FULLT ERINDI VIÐ NÚTÍMANN

**HUGARRÓ** *Eldri borgarar eru farnir að stunda jóga af kappi hérlendis. Jóga hentar þeim hópi vel í bland við aðra líkamsrækt. Öðruvísi áherslur eru í jógatímum ætluðum eldra fólki og meiri áhersla lögð á slökun og öndun.*

Vinsældir jóga hafa vaxið mikið undanfarin ár hérlendis. Ein tegund jóga sem nýtur sívaxandi vinsælda er jóga ætlað eldri borgurum. Fáein ár eru síðan sá hópur fór að stunda jóga með skipulögðum hætti. Eva Rún Þorgeirsdóttir er einn þeirra jógakennara sem kennir eldri borgurum jóga með góðum árangri. Hún segir vinsældir jóga hafa aukist mikið með tilkomu hot jóga fyrir fáeinum árum sem hafi opnað augu margra fyrir þeim möguleikum sem jóga býður upp á. „Auðvitað er jóga ekkert nýtt af nálinni enda um nokkur þúsund ára heimspeki að ræða. Það sem hefur hins vegar breyst er hvernig jóga er nýtt á fjölbreyttari hátt en áður og fyrir ólíka hópa.“

### AÐRAR ÁHERSLUR

Eva segir jóga ætlað eldra fólki hafa aðeins öðruvísi áherslur. „Við erum fyrst og fremst að skapa jafnvægi í víðum skilningi. Það snýst um að liðka líkamann og liðamótin og gera um leið styrktaræfingar, á meðan jóga í líkamsræktarstöðvum er miklu kröftugra. Við höldum líkamanum meira í jafnvægi og notum einnig öndun og slökun í meira mæli en hefðbundnir jógatímar.“

Í tímunum er einblínt á einfaldar æfingar að sögn Evu. Engar dýnur eru notaðar eins og í hefðbundnum jógatímum heldur einungis stólar. „Það eru ekki margir sem ráða við allar æfingar en allir geta þó stundað slökun og öndunaræfingar. Þessi hugarró er kjarninn í jóga þótt búið sé að markaðssetja jóga sem fyrst og fremst tæki fyrir líkamsrækt, en grunnurinn í spekinni er að skapa jafnvægi hjá sjálfum sér og tengja saman líkamann og hugann.“

### SLÖKUN ER GÓÐ

Eva segir flestalla hreyfingu og líkamsrækt vera af hinu góða hjá eldra fólki. „Á meðan flest fólk lítur á líkamann og hugann sem aðskilda hluti þá sameinar jóga þessa tvo þætti. Öll hreyfing er góð, sama á hvaða aldri þú ert. Jóga færir fólki meðvitund um að það skiptir máli hvernig það andar og hvernig öndun hefur áhrif á líðan þess. Einnig að slökun sé góð og að fólk geti haft mikil áhrif á það hvernig líkaminn slakar á.“

Að hennar sögn er til dæmis jóga, ganga og sund frábær blanda fyrir eldra fólk og í raun fyrir alla aldurshópa. „Þar blandast saman ferska loftið, hreyfingin og mýktin úr sundinu og þessi meðvitund um líkamann og hugarróin sem kemur úr jóganu.“

Fyrsti tíminn hjá Evu var í síðustu viku og hafa móttökurnar verið góðar. „Það er skemmtilegt tækifæri að kenna þessum aldurshópi. Ég er nú þegar að kenna krökkum jóga, ungu fólki í leiklistardeild Kvikmyndaskóla Íslands og flottum konum í Baðhúsinu. Það er svo gaman að vinna með sömu tæknina og sjá hvernig hún virkar á ólíka hópa. Allir eiga það þó sameiginlegt að finna einhvers konar hugarró.“

### INN Á MÖRG SVIÐ

Eva segir sívaxandi vinsældir jóga ekki síst eiga við um nýja hópa, til dæmis eldri borgara og börn. „Ég held að jóga sé almennt að færa sig inn á mörg svið samfélagsins, til dæmis börn og eldri borgara og í raun alls kyns hópa sem hafa ólíkar þarfir sem þarf að huga að en passa þó ekki inn í þessa klassísku jógatíma.

### MARGT SPENNANDI

Það eru margir spennandi möguleikar í boði og fullt af skapandi fólki sem kennir jóga hér á Íslandi sem hefur alls kyns reynslu og menntun og er að gera spennandi hluti. Þótt að jóga sé gömul speki á hún svo sannarlega fullt erindi við nútímann. Það er gaman að hugsa til þess hvað við hugsum mikið um nýjungar en svo er jóga hundgamalt fyrirbæri sem þó er enn hægt að móta fyrir margs konar ólíkar þarfir.“

starri@365.is



**ÞETTA VIRKAR**
„Það er svo gaman að vinna með sömu tæknina og sjá hvernig hún virkar á ólíka hópa,“ segir Eva Rún Þorgeirsdóttir jógakennari.
MYND/ANTON




# Hvað getur þú gert fyrir þína heilsu?

**Líkamleg og andleg endurhæfing hjá HNLFÍ**

Dvöl á Heilsustofnun gefur einstakt tækifæri til að huga að andlegri og líkamlegri líðan og t.d. koma reglu á hreyfingu, næringu og svefn.

Læknisfræðileg endurhæfing á Heilsustofnun er góður kostur og miðar að því að ná mestri mögulegri færni og lífsgæðum og viðhalda þeim.

**Hafðu samband við lækninn þinn og kannaðu þína möguleika.**

HEILSUSTOFNUN NLFÍ HVERAGERÐI

Nánari upplýsingar í síma 483 0300 og á vefsíðunni www.hnlfi.is

*- berum ábyrgð á eigin heilsu*


## VONT AÐ SLEPPA MORGUNMAT

**Heilalínurit þeirra sem sleppa morgunmat rennir frekari stoðum undir ókosti þess.**

**MORGUNMATUR DREGUR ÚR LÖNGUN Í ÓHOLLUSTU**

Heilalínurit fólks sem sleppir morgunmat gefur til kynna að það sæki frekar í fituríkan mat síðar um daginn. Þetta kemur fram í breskri rannsókn sem greint var frá á taugavísindaráðstefnu sem haldin var í New Orleans á dögunum.

Rúmlega tuttugu manns tóku þátt í rannsókninni. Einn daginn fengu þátttakendur morgunmat sem innihélt 730 kaloríur en þann næsta engan. Þeim var annars vegar sýnd mynd af fituríkum mat og hins vegar fitusnauðum á meðan heilalínurit var tekið og kom í ljós að breytinga varð vart í þeim hluta heilans sem stjórnar matarlyst hjá þeim sem slepptu morgunmat þegar þeir sáu fituríkan mat. Sams konar breytinga varð ekki vart er þeir sáu mynd af fitusnauðum mat.



Að heilaskanninu loknu var boðið upp á hádegismat og borðuðu þeir sem höfðu sleppt morgunmatnum tuttugu prósentum meira en þeir sem borðuðu morgunmat.

Því hefur löngum verið haldið fram að morgunmaturinn sé mikilvægasta máltíð dagsins en með því að borða staðgóðan morgunmat helst blóðsykurinn stöðugur sem dregur úr löngun í óhollustu. Rannsóknin rennir frekari stoðum undir þá fullyrðingu.


# Hornsófinn þinn útfærður eftir þínum óskum

Veljum íslenskt



**Roma**
Takmarkað magn
Aðeins 159.900 kr
Verð áður ~~227.900 kr~~



**Aspen-Paris**
Verð frá 276.900 kr



**Mósel**
Verð frá 342.900 kr



**Rín**
Verð frá 285.900 kr



**Basel**
Verð frá 327.900 kr

Verslun okkar er opin:
Virka daga kl. 9-18
Laugardaga kl. 11-16
Sunnudaga lokað

Patti HÚSGÖGN
Patti verslun | Dugguvogi 2, 104 Reykjavík
Sími: 557 9510 | Vefsíða: www.patti.is

# KARLMENN

**Kynningarblað**
Gleraugu, sjónvarpspakkar, karladekur, mannasiðir, hreyfing og karlaklúbbar.

FIMMTUDAGUR **18. OKTÓBER 2012**





# Besta myndavél í heimi
## gerir ekkert gagn ef hún er ekki með!



**Kynnum með stolti Fujifilm X seríuna, myndavélar sem þú skilur ekki eftir heima.**

*Frábærlega vel hannaðar*
*Léttleiki og lítil fyrirferð*
*Framúrskarandi myndgæði*

**X10 – 99.900**
**X100 – 199.000**
**X-Pro 1 – 269.000 (án linsu)**



*X100 TIPA verðlaunin 2011 og X Pro 1 TIPA verðlaunin 2012*

FUJIFILM

LJÓSMYNDAVÖRUR
Skipholti 31, sími 568-0450 ljosmyndavorur.is

BETRI MYNDIR!

# Umgjarðir fyrir herra

PLUSMINUS OPTIC býður mikið úrval af gleraugum þar sem allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Hönnun gleraugna hefur breyst mikið og möguleikarnir orðnir fleiri.

Guðmundur Örvar Hallgrímsson, sjónfræðingur hjá PLUSMINUS OPTIC í Smáralind, segir að í dag sé til mjög mikið úrval af herragleraugum. „Það er af sem áður var að fjórtán ára sonurinn og 75 ára afinn séu með sömu umgjörðina því ekki myndi fjórtán ára strák detta í hug að ganga í sömu fötum og afinn,“ segir Guðmundur Örvar.

„Við hjá PLUSMINUS OPTIC erum með mikinn fjölda af umgjörðum þar sem allir karlmenn geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Mikið er um svipmeiri umgjarðir í dag í svokölluðum retro-stíl en látlausar og léttar umgjarðir eru alltaf flottar líka. Silhouette er gamall og góður framleiðandi umgjarða sem eru þrælflottar og látlausar. Við getum hannað formið á glerjunum þannig að gleraugun passa alltaf mjög vel þar sem þau eru sérhönnuð fyrir hvern og einn.“

PLUSMINUS OPTIC er með margra ára reynslu í sportgleraugum. „Við höfum staðið okkur mjög vel í sportgleraugum með styrkleika fyrir þá sem nota gleraugu. Þannig fær maður allt það besta sem sportgleraugu hafa upp á að bjóða,“ segir Guðmundur Örvar.



Guðmundur Örvar, sjónfræðingur hjá PLUSMINUS OPTIC, býður upp á mikið úrval flottra gleraugna fyrir alla karlmenn. MYND/ANTON

Hönnun í heimi gleraugna hefur breyst mikið og í dag eru fleiri möguleikar sem ekki voru til staðar fyrir nokkrum árum. „Efnin sem notuð eru í dag eru bæði léttari og sterkari en áður og eru nú án nikkels og annarra eiturefna sem fóru illa með bæði húð og augu manna.“

„Yfir 75 prósent af því sem við upplifum kemur í gegnum augun. Góð sjóngler skipta því mjög miklu máli. Góð sjóngler eru með þykkri glampavörn og góðri rispuvörn þannig að þau eru hrein og tær að horfa í gegnum og fyrir aðra að sjá í augun á manni. Við hjá PLUSMINUS OPTIC veitum góðar ráðleggingar um val á sjónglerjum og bjóðum upp á mjög góð sjóngler frá NOVA sem skiptir miklu fyrir sjónheilsu manna,“ segir Guðmundur Örvar.

„Flott gleraugu bæta manninn og karlmaður með flott gleraugu fær meiri athygli út á flott hönnuð gleraugu en allt annað sem hann klæðist, því það fyrsta sem tekið er eftir eru augun. Það er nú bara þannig að konur reyna við menn með flott gleraugu.“

# Sjónvarpsveisla á góðu verði

Frábært verð og fjölbreyttir sjónvarpspakkar eru í boði hjá versluninni Satis.is í Fákafeni. Viðskiptavinir njóta hágæða sjónvarpsstöðva á háskerpuskjáum.

Verslunin Satis.is í Fákafeni hefur á skömmum tíma fest sig í sessi hérlendis sem söluaðili fyrir móttakara og erlendar áskriftarstöðvar á frábærum kjörum. Hallur Ólafur Agnarsson, framkvæmdastjóri Satis.is, segir viðtökurnar hafa verið vonum framar. „Landsmenn hafa tekið okkur vel enda erum við að bjóða upp á frábærar vörur á góðu verði. Við seljum fyrst og fremst móttakara og áskriftarpakka fyrir erlendar sjónvarpsstöðvar frá Sky. Við seljum allan búnað, móttakara, diska, veggfestingar og allan nauðsynlegan búnað sem þarf.“

Verslunin selur þrjár gerðir móttakara sem Sky býður upp á. Þeir eru allir eins að flestu leyti segir Hallur, hafa til dæmis eins fjarstýringu og bjóða upp á sömu gæði. „Eini munurinn er sá að minnsti móttakarinn í línunni er ekki með hörðum diski. Sá næsti í stærð hefur innbyggt 500 GB geymslurými. Hann er einmitt á frábæru tilboði hjá okkur þessa dagana og kostar einungis 39.500 kr. ef áskrift er keypt en kostaði áður 64.990 kr.“ Stærsti móttakarinn hefur 1,5 TB geymslurými og er sá dýrasti sem verslunin býður upp á.

Verð á myndlyklum og öðrum móttökubúnaði hefur lækkað mikið hjá versluninni síðan hún var opnuð í fyrra. „Allar vörur okkar hafa stórlækkað. Þegar við komum inn á markaðinn í fyrra var ekki hægt að fá þennan búnað undir 150 þúsund krónum. Í dag bjóðum við hann á 65 þúsund krónur og hafa samkeppnisaðilar okkar ekki náð að fylgja okkur í verði. Viðskiptavinir okkar hafa líka tekið vel í verðlækkanir okkar og njóta nú hágæða sjónvarpsstöðva í háskerpu með hágæða dagskrá.“




„Landsmenn hafa tekið okkur vel enda erum við að bjóða upp á frábærar vörur á góðu verði,“ segir Hallur Ólafur Agnarsson, framkvæmdastjóri Satis.is. MYND/STEFÁN

Allir sem kaupa móttakara hjá Satis.is fá strax aðgang að 200 sjónvarpsstöðvum og 100 útvarpsstöðvum. Grunnáskrift, sem kostar 6.900 kr. á mánuði miðað við gengi dagsins í dag, inniheldur 100 sjónvarpsstöðvar til viðbótar. „Sá pakki inniheldur mikið afþreyingarefni, til dæmis kvikmyndastöðvar en Sky sendir út 1800 kvikmyndir í mánuði. Auk þess eru þetta gamanþættir og spennuþættir í bland við raunveruleikaþætti. Næsta áskriftarstig veitir síðan aðgang að fimmtíu fleiri sjónvarpsstöðvum og þar bætast barna- og fræðslustöðvarnar við. Svo er það vinsælasti pakkinn frá Sky sem inniheldur allar fótboltarásirnar, til dæmis Meistaradeildina, enska boltann, spænska boltann og fleiri stöðvar. Með þeirri tækni sem búnaður okkar býður upp á er hægt að horfa á allt að átta leiki í einu á skjánum, velja sér myndavélar inn á vellinum eða fylgjast með uppáhaldsleikmanni sínum. Fótboltinn er auk þess oft sendur út í þrívídd.“



Heilsulindum fyrir karlmenn hefur fjölgað á undanförnum árum. Algengara er að strákar fari í alls kyns meðferðir eins og til dæmis andlitsböð. NORDIC PHOTO/GETTY

# Karladekur

Það er alltaf að verða algengara að karlmenn leggi leið sína á snyrtistofur og láti dekra við sig.

Sífellt fleiri karlmenn fara nú á snyrtistofur og í heilsulindir. Nú er svo komið, samkvæmt alþjóðlegum samtökum heilsulinda, að næstum einn þriðji hluti viðskiptavina heilsulinda er karlkyns. Karlmenn fara ekki lengur einungis í handsnyrtingu eða meðferðir með karlmannleg heiti eins og íþróttanudd heldur fara þeir líka í andlitsböð, líkamsskrúbb og fleiri meðferðir.

Ástæðan fyrir þessu er talin vera sú að starfsfólki heilsulinda hefur tekist að skapa andrúmsloft sem höfðar til beggja kynja, þar sem bæði konum og körlum líður vel. Einnig að byrjað var að bjóða upp á meðferðir með karlmannlegri nöfn eins og til dæmis „Andlitsbað fyrir herra“.

Willow Stream-heilsulindin á Fairmont Scottsdale Princess-hótelinu í Arizona í Bandaríkjunum hefur stigið næsta skref og hefur útbúið herbergi þar sem karlmenn geta sinnt vinnu eða verkefnum á meðan þeir eru í nuddi eða einhvers konar meðferðum.

Svo eru til heilsulindir sem ganga alla leið og bjóða einungis karlmönnum aðgang. Nickel Spa í New York er ein slík. Þar er andrúmsloftið afslappað en jafnframt karlmannlegt. Heilsulindin stærir sig af því að hafa verið sköpuð af karlmönnum fyrir karlmenn. Hún var stofnuð árið 1996 og gekkst nýlega undir miklar breytingar. Þar er meðal annars boðið upp á andlitsmeðferðir, nudd, vaxmeðferðir og lúxus hand- og fótsnyrtingu. Mikið er lagt í innréttingar og húsgögn og þar má finna þrjá svokallaða „Nickel Cabs“.

„Nickel Cabs“ eru litlir klefar sem eru notaðir fyrir hinar ýmsu meðferðir eða fyrir menn að blunda í. Í þessum litlu klefum er auðvelt að drekka í sig friðsæld en þar má stilla tónlist, náttúruhljóð, lýsingu og jafnvel lykt sem hentar svefnvenjum hvers og eins. Þegar tímanum í klefanum er lokið, yfirleitt eftir tuttugu til fjörutíu mínútur, eru LED-ljós notuð til að líkja eftir sólarupprás til að vekja menn af værum blundi.

## *Kanntu mannasiði?*

Það þótti drengilegt að vera heiðursmaður á árum áður og víst mætti herða á góðum mannasiðum meðal nútímakarla.

- Vertu kurteis. Jafnvel þótt þér líki ekki við fólk. Það sýnir manngæsku.
- Talaðu fallega. Ruddalegt tal ljóstrar upp vanhæfni þína til rökræðna.
- Ekki blóta. Blótsyrði eru dónaleg og gefa til kynna að þig skorti orðaforða til að koma hugsunum þínum í orð.
- Stilltu skapið. Láttu aðra ekki sjá að þú hafir ekki stjórn á tilfinningunum.
- Ekki grípa fram í. Leyfðu öðrum að ljúka máli sínu áður en þú kemur þínum athugasemdum að. Framígrip bera vott um lélega mannasiði og slaka félagshæfni.
- Ekki hrækja. Hráki er andstyggilegur ásýndar. Skyrptu ekki á almannafæri nema þú viljir gefa í skyn uppvöxt þinn í skolpræsi.
- Sýndu samúð. Ekki hlæja að óförum annarra. Þegar fólki verður á í messunni vill það síst meiri athygli og verða að fífli.
- Sýndu eldra fólki virðingu. Þótt þú þykist hafa svör við öllu er auðvitað alls ekki svo. Lífið þroskar mann og reynir.
- Ekki vera í útifötum inni. Sýndu lágmarksmannasiði og farðu úr úlpunni.
- Ekki borða á undan hinum. Bíddu þar til allir hafa sest til borðs. Borðaðu með lokaðan munn.
- Lokaðu klósettsetunni og hafðu klósettið snyrtilegt eftir klósettferð þína. Konum þykir annað mjög fráhrindandi.
- Segðu „gjörðu svo vel“ og „takk“ eins og mamma þín kenndi þér. Það er dugandi veganesti út lífið og gildir hvar sem er og hvenær sem er. Sjálfsögð kurteisi kostar ekki krónu en gleður aðra og eykur álit þeirra á þér.



Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmenn auglýsinga: Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is, s. 512-5427 Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

2012

# Villibráð

*Villibráðarhlaðborð Perlunnar byrjar þann 25. október*

**Elgurinn er kominn í hús!**

## Forréttir

Villibráðarsúpa
Blinis og kavíar
Hreindýra paté m/títuberjasultu
Reykt súla elduð í Guinnesbjór
Gæsa og kjúklingafrauð
Skelfisksalat
Krabbasalat í sweet chilli sósu
Reyktur áll á eggi
Heitreyktur silungur m/piparrót
Sushi
Reyktur lax með wasabi majónes
Hvala carpaccio m/parmisan
Graflax
Síldar salöt
Parmaskinka með rjómaosti
Dúfu-terrin með foie gras
Grafið lamb m/balsamico og sultuðum lauk

## Aðalréttir

Villigæsabringa
Heilsteiktur hreindýravöðvi
Hreindýrabuff
Sultuð gæsalæri
Villisveppir í smjörkænu
Gufusoðinn kræklingur
Hnetufylling
Krónhjörtur
Kryddlegin elgur
Pottréttur
Rauðvínssósa
Kóngasveppasósa.

*8.990 kr.*
*tilboð mánud.-miðvikud*
*7.990 kr.*

## Eftirréttir

Ostaterta
Úrval osta
Heit eplakaka
Ferskt ávaxtasalat
Rjómalagaður ítalskur ís
Crème Brullée
Fylltir súkklaðibollar
Kókostoppar
Enskt krem
Karamellusósa
Súkkulaðiterta
Skyrkaka
Tapioka búðingur
Fylltar vatnsdeigsbollur.





# Jólahlaðborð

*8.790 kr.*
*tilboð mánud.-miðvikud*
*7.790 kr.*

**Gjafabréf Perlunnar**
**Góð gjöf við öll tækifæri!**

*Jólahlaðborð Perlunnar byrjar þann 15. nóvember*

*Opið í hádeginu 2 helgar í vetur*

*Föstudaginn 7. desember og laugardaginn 8. desember*

*Föstudaginn 14. desember of laugardaginn 15. desember*

*Aðeins 5.290 kr.*



Mekka verður með vínsmökkun á eðalvínum fyrir mat, á hlaðborðum Perlunnar.



Frábærir tónlistamenn flytja tónlist í Jólahlaðborðinu. Grétar Örvarsson og Sigga Beinteins á fimmtudögum og sunnudögum. Þórir Baldursson og Sveinn Óli Jónsson spila á föstudögum og laugardögum.

Veitingahúsið Perlan
Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207
Netfang: perlan@perlan.is
Vefur: www.perlan.is

PERLAN



## ALVÖRU KARLAKLÚBBUR?

Flestir þekkja hina hefðbundnu saumaklúbba þar sem konur hittast hver heima hjá annarri, baka kökur, búa til rétti og skrafa um það sem gengur á í lífi þeirra. Fáheyrðir eru sambærilegir karlaklúbbar þar sem þeir opna dyr að heimilum sínum og útbúa rétti í massavís til að bera á borð. Þeir hittast frekar á barnum, horfa á bolta og drekka bjór. Eða koma saman í einhverjum öðrum tilgangi, sem oft snýst um að keppa í einhverju; fótbolta, körfu, póker eða öðru. Það væri ekki óvitlaust að brjóta upp gamla staðalímynd karlmennskunnar og hóa gömlum vinum og kunningjum saman, skipa hverjum og einum að koma með heimagert og eiga góða stund án aðstoðar kappleikja í sjónvarpi eða keppni í einhverju.



## 150 MÍNÚTNA HREYFING Á VIKU

**Alþjóða** heilbrigðismálastofnunin mælir með því að fólk eldra en 65 ára hreyfi sig í 150 mínútur á viku. Mínútunum á helst að skipta niður á daga og þarf hver hreyfingarlota að taka að minnsta kosti tíu mínútur og fela í sér talsverða áreynslu. Oft er mælt með þrjátíu mínútum á dag, fimm sinnum í viku.

Sýnt hefur verið fram á ávinning þess að eldra fólk fylgi þessum leiðbeiningum í fjölmörgum rannsóknum. Það hefur almennt lægri dánartíðni, fær síður hjartaáföll, heilablóðföll, háan blóðþrýsting, sykursýki tvö, ristilkrabbamein og brjóstakrabbamein. Það hefur meiri vöðvamassa, tekur virkari þátt í lífinu, á síður á hættu að detta og brjóta bein og tapar síður minni. Karlmenn ættu sérstaklega að taka þetta til sín enda lifa þeir að meðaltali skemur en konur.



# *Smáforrit fyrir karlmenn*

Margir karlmenn eiga snjallsíma sem nota má þegar afla þarf nauðsynlegra upplýsinga. Mörg smáforrit eru í boði sem létta þeim lífið.

Fjöldi nauðsynlegra smáforrita eru í boði fyrir Android- og iPhone-síma sem eru ætluð karlmönnum á öllum aldri. Hver hefur til dæmis ekki lent í því að vera í vandræðum með bindishnútinn eða jafnvel viljað skipta um bindishnút þegar stemningin nær hámarki? Þá má fletta í gegnum How to Tie a Tie eða Tie-a-Tie Deluxe og finna skemmtilega hnúta. Þegar karlmenn grilla saman á fallegu sumarkvöldi lenda þeir stundum í vandræðum. Hvað á að grilla ferska maísinn lengi? Hvað tekur þykka nautalundin langan tíma? Og hvað með sósuna, gleymdum við henni? Svörin má meðal annars finna á Grill Guide, Weber's On the Grill og Grill Recipes. Stundum vilja karlmenn vera örlítið lífsreyndari og smekklegri kringum hitt kynið. Þá er tilvalið að blanda góðan kokteil en hver kann slíkt nú til dags? Þá er gott að fletta í Cocktails Made Easy og finna ljúffenga drykki. Ef von er á gestum má gjarnan hressa upp á vínskápinn áður en þeir koma í hús. Allir karlmenn þurfa að safna yfirvaraskeggi einhvern tímann um ævina en ungir karlmenn þekkja ekki vel til tískustrauma á því sviði. Þá er gott að fletta í gegnum Stachetastic og útbúa eina góða mottu.



Lendi karlmenn í vandræðum við grillið má alltaf grípa í snjallsímann og finna gagnleg ráð og uppskriftir.




**100% HEILSA**

# Njóttu AlphaDaily á hverjum degi!




**Margnota læsing:**
Vandaður postulínstappi með spennu úr ryðfríu stáli

**Umbúðir:**
Glerflaska, endurnýtanleg og umhverfisvæn

**Innihald:**
Lífrænt villiblóma hunang, "Mother" eplaedik, lífræn krydd

**Merkingar:**
Miði prentaður á endurunninn pappír

**AlphaDaily:**
100% heilsuvara sem bragð er að

Síðan ég fór að drekka AlphaDaily daglega finn ég ekki fyrir bjúg. Ég er líka laus við slen sem háði mér stundum seinnipart dags.

*Marý Lind Jóhannsdóttir*
*grunnskólakennari*

Eftir að hafa neytt AlphaDaily í nokkra mánuði er ég laus við magaóþægindi sem ég þjáðist af og meltingin er mun betri. Svo hef ég alltaf haft viðkvæma húð en hún er ekki eins þurr þegar ég drekk AlphaDaily daglega.

*Björn Ingi Stefánsson*
*Kríunesbóndi*

Hún móðir mín ráðlagði mér að drekka mikið magn af AlphaDaily á stuttu tímabili. Ég drakk heil ósköp og viti menn, ég losnaði endanlega við þursabitið því AlphaDaily mýkti alla vöðva. Einnig sló drykkurinn á svengdartilfinningu og hef ég því grennst.

*Jón Ármann Steinsson*
*hönnuður og rithöfundur*

Ég tek AlphaDaily með mér í golf því drykkurinn er orkugefandi. AlphaDaily hefur mjög jákvæða virkni og góð áhrif á meltinguna.

*Örn Jónsson*
*sjúkranuddari*



Mæli eindregið með neyslu þessarar heilsuvöru.

*Hallgrímur Þ. Magnússon*
*læknir*

Framleiðandi: hpHeilsa ehf.
s: 555 2122 www.hpHeilsa.is

**Útsölustaðir:** Hagkaup, Iceland, Víðir, Fjarðarkaup, Kostur, Melabúðin, Heilsuhúsið, Lifandi markaður, Garðheimar, Blómaval.
*Hægt er að skila tómum flöskum og fá áfyllingu hjá Hpheilsu ehf, Smiðjuveg 38 (rauð gata) Kópavogi.*

# DEKKJA-TILBOÐ

SVÖRUM SAMKEPPNI OG LÆKKUM VERÐ ENN MEIRA!

TOYO TIRES Harðskeljadekk | HERCULES The strong silent type | SAILUN High Performance Tires | IRONMAN TIRES

## HEILSÁRSDEKK

TILBOÐIÐ MIÐAST VIÐ FJÖGUR DEKK & UMFELGUN

| TILBOÐ NR. 1 | TILBOÐ NR. 2 | TILBOÐ NR. 3 | TILBOÐ NR. 4 |
|---|---|---|---|
| STÆRÐ 175/70 R 13 | STÆRÐ 175/65 R 14 | STÆRÐ 195/65 R 15 | STÆRÐ 205/55 R 16 |
| VERÐDÆMI: | VERÐDÆMI: | VERÐDÆMI: | VERÐDÆMI: |
| TILBOÐ: 41.720 KR. | TILBOÐ: 43.525 KR. | TILBOÐ: 52.717 KR. | TILBOÐ: 59.943 KR. |

Bjóðum einnig allar aðrar stærðir á frábæru verði

## JEPPASDEKK

TILBOÐIÐ MIÐAST VIÐ FJÖGUR DEKK & UMFELGUN

| TILBOÐ NR. 1 | TILBOÐ NR. 2 | TILBOÐ NR. 3 | TILBOÐ NR. 4 |
|---|---|---|---|
| STÆRÐ 215/60 R 16 | STÆRÐ 235/70 R 16 | STÆRÐ 235/65 R 17 | STÆRÐ 255/55 R 18 |
| VERÐDÆMI: | VERÐDÆMI: | VERÐDÆMI: | VERÐDÆMI: |
| TILBOÐ: 80.601 KR. | TILBOÐ: 93.078 KR. | TILBOÐ: 109.078 KR. | TILBOÐ: 156.441 KR. |

Bjóðum einnig allar aðrar stærðir á frábæru verði

## SMURSTÖÐ

20% AFSLÁTTUR AF VINNU

olís

Einn aðal þáttur í reglulegu viðhaldi bíls er að passa að **vélin sé smurð á réttum tíma**. Láttu okkur um að smyrja bílinn, -notum aðeins hágæða olíu frá Olís. Tökum Olískort.

STAÐGREIÐSLUKORT

Tökum Olískort.

Havoline | Castrol

TILBOÐ

## BREMSUKLOSSAR

20% AFSLÁTTUR AF VINNU

Bremsuklossaskipti á réttum tíma er gríðarlega mikilvægur þáttur í öryggismálum bifreiðar. Skipti á réttum tíma tryggja endingu bremsudiska og veita ökumanni og farþegum aukið öryggi í umferðinni og við notkun bifreiðar.

mintex

TILBOÐ

## TOYO TIRES

driven to perform

OVERALL #1 IN CONSUMER AND MEDIUM TRUCK TIRES

FRÁBÆRT VERÐ!

Bjóðum nú Toyo harðskeljadekkin á frábæru verði.

GRAFIKER.is

**Komdu núna og fáðu fría vetrarskoðun í leiðinni!**

Í vetrarskoðun pössum við að frostlögur sé í lagi, perur og rúðuþurrkur í toppstandi. Að auki álagsprófum við rafgeyma

FRÍTT

# BÍLKÓ

Þjónustumiðstöð bílsins

Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | www.bilko.is | *Sími 557-9110*

**Málarameistari**

Tek að mér alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Egill s. 868 5171.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899-4254.

PVC - U PLAST GLUGGAR & HURÐIR
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
Ekkert viðhald
Kjarnagluggar
Selhellu 13 Hafnarfirði
Sími: 554 2800
www.kjarnagluggar.is

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

## Spádómar

**Spásíminn 903 3090**

Ertu á tímamótum? Hvað viltu vita? Tarot og spilalestur. Trúnaður.

Spái í spil, ræð drauma, ekkert mínutu gjald. Tímapant. s. 891 8727 Stella.

## Rafvirkjun

**Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.**

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Raflagnir Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**

Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

## Nudd

NUDD NUDD NUDD Slökunarnudd 101 RVK. S. 866 5039. Irena Kontulová.

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vinnum að því að börn eigi ætíð réttindum

## Til sölu

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

**VÖRUBRETTI TIL SÖLU**

Allar nánari upplýsingar hjá orn. solvason@rfl.is Rúmfatalagerinn.




Cessna 185F SkyWagon, TF-VHH. Nýleg skrúfa. Árg 1973. Verð. US$ 120.000.- Uppl. Walter Ehrat. S. 840-2170

# Þjónustuauglýsingar

**Sími 512 5407**

Mikið úrval auka og varahluta í flestar gerðir hjóla.
www.4h.is
Fjórhjólalagerinn
Stapahrauni 7 • 220 Hfj • Sími 588 3355

SANDTAK
RAUÐHELLA 3 • SÍMI 565 5636
SANDBLÁSTUR • GLERBLÁSTUR
EPOXYHÚÐUN • IÐNAÐARMÁLUN
POLY-URETHAN LÖKKUN
ZINK- OG ÁLHÚÐUN • VÖRUBÍLAR
VINNUVÉLAR • BODDYHLUTIR
FELGUR O.M.FL.

Síðan 1980
Victor Munoz
Antikviðgerðir
Sími
868 4904 · 893 4192

Eftirlitsmyndavél fyrir sumarbústaði og heimili.
• Tekur venjulegt GSM SIM kort.
• Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
• SMS og MMS viðvörun í síma og netf.
• Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
• Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
• Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
• Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.
Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir@internet.is

Nýjar vörur frá Vanity Fair og nýir litir
Ynja UNDIRFATAVERSLUN
HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS

CMT ORANGE TOOLS
CMT sagarblöð og fræsitennur
Ásborg vélar verkfæri
Smiðjuvegi 11 S 5641212

PALLAR.IS
Ál hjólapallar / veggjapallar
Veðurnet / Öryggisnet
Áltröppur / stigar
SALA LEIGA
altrex
KVARNIR
Akralind 8
www.kvarnir.is Sími: 564 6070

• Steypusögun
• Kjarnaborun
• Múrbrot
• Hellulagnir
• Jarðvegsvinna
• Öll almenn- verktakavinna
BROTAFL
STEINSÖGUN - BORUN - BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

Rafvirkjar - Smiðir
Flísalagnir - Múrarar
Málarar - Píparar
LP VERK ehf.
BYGGINGAFÉLAG
Allar almennar húsaviðgerðir!
698 6738
www.lp-verk.is
Leitaðu tilboða hjá okkur

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
SMIÐJUVEGUR 2 • KÓPAVOGUR
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

· Hjólbarðaviðgerðir
· Smurþjónusta
· Bremsur
· Demparar
· Rafgeymar
· o.fl.
HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR
AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

Allt á einum stað
BREMSUVIÐGERÐIR
BREMSUKLOSSAR
SPINDILKÚLUR
ALLAR PERUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

www.gottbon.is
GOTT BÓN
ÓDÝRT EN GOTT
Sækjum • Bónum
Skilum
Sími 776 6662
Höfði • 110 Reykjavík

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist
Parketlagnir og viðhald

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR
ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?
HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ
FRÉTTABLAÐIÐ
Sími 512 5407 | thjonusta@365.is

BÍLAÞJÓNUSTA BJARKA ehf
alhliða bílaviðgerðir
Tímapantanir s: 445 4540/697 4540
viðarhöfði 2 · 110 reykjavík · sími 445 4540 / 697 4540
bilathjonustabjarka@gmail.com
http//www.facebook.com/bilathjonustabjarka

**Alla fimmtudaga og laugardaga**

steinunnsg@365.is arnarut@365.is sigrunh@365.is

## Til sölu




**Hrekkjavakan nálgast ertu klár?**
Búningar, fylgihlutir og skraut í úrvali. Mættu á svæðið eða skoðaðu úrvalið í vefverslun okkar www.hokuspokus.is sendum um allt land. Hókus Pókus Laugavegi 69 s-551 7955.



Til sölu Peningaskápur Rosengrens. Upplýsingar í síma 860 4460.




Lausfrystar, kæli- og frystiklefar. Hægt er að fá klefana með eða án vélakerfis. Íshúsið ehf, www.ishusid.is ,S:566 6000




Landins mesta úrval af viftum og blásurum. Tilboðsverð. Íshúsið ehf, www.ishusid.is S:566 6000

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Óskast keypt

**Carat - Haukur gullsmiður Smáralind - Kaupum gull og silfur**
**Staðgreiðum gull og silfur í verslun okkar.**
**Upplýsingar í s. 577 7740**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

**NUDD OG HEILSA**
DETOX - ÚTHREINSUN á öllum líkamanum. NUDD upp f. hné á eftir. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

Slökunarnudd/heilnudd, Nuddstofan svæði 112. Uppl. S: 693 0348.

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

Býð upp á gott nudd. Afslappandi og gott umhverfi. Opið til 21 á kvöldin. 105 Rvk/Hlíðar S. 894 4817.

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## Þjónusta



Dóra Dröfn Skúladóttir, hefur opnað samtalsmeðferðarstofu að Skipholti 50b. Með Diploma í Hugrænni atferlismeðferð. Viðtalspantanir alla daga í síma 841-7010. Netfang: hamir@simnet.is.

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsnæði í boði

Herbergi í 101 til leigu. Nálægt HÍ. Sími 773 3182.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Tvö fullbúin herbergi til leigu fram að áramótum í 101 Reykjavík, nálægt Háskóla Íslands. Tvö eldhús og allur aðbúnaður til staðar. Upplýsingar í síma: 897 1016.

## Námskeið

**Smáskipa - og skemmtibátanámskeið í fjarnámi byrja mánudaginn 22. okt. 2012.**
**Skráning á netinu: http://www.tskoli.is/namskeid og í síma: 514 9602. Nánari upplýsingar um námskeiðið veitir Kjartan Örn í síma 665 1100.**
Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

## Atvinnuhúsnæði

**51,6 m2 iðnaðarbil**
Nokkur bil af þessari fágætu og eftirsóttu stærð til sölu eða leigu. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060 og 661-6800

**Skammtímaleiga/Miðbær**
70 fm verslunarhúsnæði á götuhæð til skammtímaleigu á Skólavörðustíg 22a. Í 2-6 má, frá 1. nóv. Uppl. í s. 691 1963.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

Fellihýsa og tjaldvagnageymsla á Smiðjuvegi í Kópavogi getur bætt við sig nokkrum vögnum. Mjög gott húsnæði upphitað Uppl. Jóhannes 897-2000.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## Atvinna í boði

**Vilt þú sjá um afgreiðslu í veitingasal og verslun?**
**Aðeins duglegir, hressir og ábyrgir einstaklingar koma til greina.**
**íslenska er skilyrði.**
**Upplýsingar í síma 820 5887 og 820 3413**

Bakarameistarinn

**Bílstjórar**
**Óska eftir bílstjórum í útkeyrslu fyrir Bakarameistarann. Þarf að vera röskur, reglusamur, stundvís og með hreint sakavottorð. Annað starfið starfið laust nú þegar og annað um áramót. Vinnutími frá kl. 05-13 ca. og aðra hverja helgi og frá kl. 05:30-13 ca.**
**Umsóknir sendist á ottar@bakarmeistarinn.is ásamt ferilskrá.**
**Einnig má finna umsóknir á bakarameistarinn.is**

Jói Fel

**FRAMTÍÐARSTÖRF**
**Óskum eftir að ráða fólk til afgreiðslustarfa. Tvískiptar vaktir. Íslenskukunnátta nauðsynleg.**
**Vinsamlega hafið samband**
**Linda 863-7579 eða linda@joifel.is**

**ÞJÓNAR ÓSKAST**
**Caruso veitingarhús óskar eftir faglærðum þjónum og / eða mjög vönu fólki 20ára og eldri í aukavinnu á kvöldin.**
**Uppl. gefur vetingarstjóri í síma 562-7335 eða á caruso@caruso.is**

**Drive in / Wilsons express leitar af fólki í eftirfarandi stöður:**
**-Afgreiðslu í lúgu**
**-Pizzubakara**
**-Pizzusendla**
**-Símsvörun.**
**Um er að ræða fullt og hlutastarf.**
**Vinsamlegast sendið umsókn með ferilskrá og mynd á: atvinna@wilsons.is og takið fram hvaða starf og starfshlutfall er sótt um.**

Óska eftir vönum málara, góð laun í boði fyrir réttan aðila. Sími 618 5286.

Pitstop óskar eftir að ráða starfsmenn í komandi vertið. Möguleiki á framtíðarstarfi. Sendið umsóknir á siggi@pitstop.is

Fiskvinnsla í Hafnarfirði óskar eftir starfsfólki í snyrtingu og pökkun. Hafið samband í gegnum mail kambur@kambur.is

Malbiksviðgerðir ehf. óskar eftir mjög öflugum starfsmanni til að vinna við malbiksviðgerðir. Mikil vinna í boði fyrir réttan aðila! Meirapróf og þekking á viðgerðum véla skilyrði. Frekari upplýsingar og umsókn í síma 823 3446 - Þorvarður.

## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.**
**Starfsmannaþjónustan S. 661 7000.**

KK 33 ára óskar eftir starfi helst við út útkeyrslu eða lagerstörf. Uppl. s. 846 8602

Ég er að leita að vinnu (frumvarpið BE CE próf og ökutæki próf) Ef þú ert með starf fyrir mig, vinsamlegast hafðu samband við okkur á 8239173 eða sendu i jarekjasinski13@interia.pl

## Einkamál




Eldri mann vantar ráðskonu. Svar sendist Fréttablaðinu með nafni og símanúmeri, merkt skapgóður.

## Tilkynningar

### AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL Í UPPSVEITUM ÁRNESSÝSLU OG FLÓAHREPPI

### Bláskógabyggð,Grímsnes-og Grafningshreppi,Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi og Flóahreppi

Þegar vinna hefst við gerð aðalskipulagsbreytingar skal taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem fram kemur hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við skipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli.

**Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að lýsingu skipulags fyrir eftirfarandi aðalskipulags-breytingu:**

1. Breyting á Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 í landi Öndverðarness. Frístundabyggð.
2. Breyting á Aðalskipulagi Hraungerðishrepps 2003-2015, Flóahreppi, í landi Bitru. Verslun- og þjónustusvæði við gatnamót Skeiða- og Hrunamannavegar og Suðurlandsvegar.

Áður en tillaga að breytingu á aðalskipulagi er tekin til formlegrar afgreiðslu í sveitarstjórn skal tillagan og forsendur hennar kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum.

**Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt eftirfarandi tillaga að breytingu á aðalskipulagi:**

3. Breyting á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 á spildu úr landi Vorsabæjar 1. Land búnaðarsvæði breytist í Iðnaðarsvæði til orkuvinnslu og íbúðarsvæði.

**Samkvæmt 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst niðurstaða sveitarstjórna varðandi breytingar á aðalskipulagi.**

4. Breyting á Aðalskipulagi Hraungerðishrepps 2003-2015 á svæði í landi Stóra- og Litla-Ármóts í Flóahreppi. Íbúðarsvæði í stað landbúnaðar- og frístundasvæðis.
5. Breyting á Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015 á spildu úr landi Miðfells 3. Nýtt svæði fyrir verslun- og þjónustu.
6. Breyting á Aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012 innan þéttbýlisins Reykholt í Bláskógabyggð. Stækkun á athafnasvæði fyrir dælustöð.
7. Breyting á Aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012 í landi Heiðar við fossinn Faxa í Bláskógabyggð.

Áður en tillaga að deiliskipulagi er tekin til formlegrar afgreiðslu skal tillagan og forsendur hennar kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum.

**Samkvæmt 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar eftirfarandi tillögur að deiliskipulagi**

8. Tillaga að deiliskipulagi á um 8,4 á spildu úr landi Egilsstaða í Flóahreppi. Nýbýlið Egilsstaðatjörn.
9. Deiliskipulag fyrir Langholt 2 (lnr 166249) og Langholt 3 (lnr. 166248) í Flóahreppi.

**Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:**

10. Tillaga að deiliskipulagi í landi Húsatófta 2 (lnr. 166472) í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Nýtt íbúðarhús og stækkun/endurgerð útihúsa.
11. Deiliskipulag fyrir smábýlalóðina Leiti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu viðkomandi sveitarfélags og skrifstofu skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 9-16. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögunum og tillögurnar sjálfar á http://granni.is/uppsveitirogfloahr/. Skipulagstillögur nr. 1, 2, 3, 8 og 9 eru í kynningu frá 18. til 26 október 2012, en tillögur nr. 10 og 11 eru í kynningu frá 18. október til 30. nóvember 2012. Athugasemdir og ábendingar við tillögur nr. 1, 2, 3, 8 og 9 þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 26. október en athugasemdir við tillögur nr. 10 til 11 þurfa að berast í síðasta lagi 30. nóvember 2012. Athugasemdir skulu vera skriflegar.

**Pétur Ingi Haraldsson**
**Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps**

# Að skapa nýja trú hjá fólkinu

Ný stjórnarskrá

Ólafur Hannibalsson
blaðamaður



Brynjar Níelsson, fv. formaður Lögmannafélags Íslands, skrifar grein á Pressunni nýlega og kýs að opinbera þar fáfræði sína um þá sögu sem býr að baki núverandi stjórnarskrá. Hann segir það alkunna að gildandi stjórnarskrá hafi aldrei verið „hugsuð til bráðabirgða“ og lætur að því liggja að um hana hafi verið sátt frá upphafi sem staðfest hafi verið með þjóðaratkvæðagreiðslu 1944 og allar breytingar á henni síðan verið gerðar með sátt og samlyndi stjórnmálaflokkanna.

Hið rétta er að stjórnarskráin var í upphafi samin af dönskum embættismönnum og einhliða neytt upp á Íslendinga sem samstundis hófu baráttu gegn henni og um það snerist stjórnmálabarátta þjóðarinnar meira eða minna allt fram til 1918, þegar Ísland var viðurkennt fullvalda ríki í konungssambandi við Danmörku og stjórnarskránni breytt til samræmis við það (1920). Brynjar fullyrðir að rangt sé að „lýðveldisstjórnarskráin frá 1944 hafi aðeins verið hugsuð til bráðabirgða“. Það er þó borðleggjandi og hingað til ágreiningslaust að ráðandi öfl í landinu ákváðu að gera einungis þær breytingar á þágildandi stjórnarskrá konungsríkisins Íslands sem nauðsynlega og óhjákvæmilega leiddi af því að stofnað væri lýðveldi í landinu. Þannig var lýðveldið stofnað á grunni konunglegrar danskrar stjórnarskrár með fáeinum orðalagsbreytingum. Svona var að málum staðið til þess fyrst og fremst að ágreiningur í þessum efnum yrði ekki til að sundra þjóðinni um meginviðfangsefnið: sambandsslitin við danska konungdæmið og stofnun sjálfstæðs lýðveldis. Allur almenningur taldi réttilega þá stjórnarskrá til bráðabirgða og gert var ráð fyrir að Alþingi mundi hefjast handa um að semja nýja stjórnarskrá fyrir lýðveldið strax á fyrstu mánuðum eftir sambandsslitin. Gunnari Thoroddsen var falið að leiða það verk. Um það segir ævisöguritari hans, Guðni Th. Jóhannesson: „Flestir þeir sem höfðu komið að samningu lýðveldisstjórnarskrárinnar sáu fyrir sér að hún gilti aðeins til bráðabirgða.“ Ennfremur fullyrðir Guðni: „Stjórnmálamenn úr öllum flokkum hefðu gjarnan viljað vinna að gagngerum breytingum á stjórnarskránni um leið og landið varð lýðveldi. Þeir hagsmunir vógu þó þyngra að einhugur ríkti þegar Íslendingar fengju á ný sjálfstæði. Og ennfremur: „Í aðdraganda hennar [lýðveldisstofnunarinnar] var illdeilum, þessvegna afstýrt með því að breyta að sinni sem allra minnstu í stjórnarskrá Íslands.“ Og enn: „Að sjálfstæðisheimt lokinni skyldi endurskoðun stjórnarskrárinnar aftur á móti hefjast. Þá mættu stjórnmálamennirnir leggja fram róttækar breytingar og berjast sín á milli.“

Guðni víkur svo að stjórnarsáttmála nýsköpunarstjórnarinnar og minnir á að í honum hafi verið gefin fyrirheit um að í breyttri stjórnarskrá yrðu meðal annars „ótvíræð ákvæði“ um réttindi allra landsmanna til atvinnu, almannatrygginga og menntunar. Þá yrði „jafn kosningaréttur“ tryggður og sett „skýr fyrirmæli um verndun og eflingu lýðræðisins og um varnir gegn þeim öflum, sem vilja vinna gegn því“. Stefnt var að því að frumvarp um þessar breytingar yrði lagt fram fyrir næstu alþingiskosningar.

Nýsköpunarstjórnin tók við stjórnartaumum 21. október 1944 og næstu þingkosningar fóru fram 30. júní 1946. Það er því ljóst að stjórnin ætlaði þinginu aðeins tvö ár til að ljúka samningu stjórnarskrár hins íslenska lýðveldis. Það gekk aldeilis ekki eftir. Lítið mun Gunnar hafa grunað þá að nær 40 árum síðar mundi hann sem forsætisráðherra og formaður stjórnarskrárnefndar Alþingis leggja fram og mæla fyrir fullbúnu frumvarpi til stjórnskipunarlaga – sem svo Alþingi gerði ekkert með fremur en fyrri daginn. Enn bættist nær aldarfjórðungur við sem Alþingi reyndist ófært um að setja lýðveldinu viðeigandi stjórnarskrá og það var með herkjum að það viðurkenndi loks þann vanmátt sinn með því að setja málið í hendur stjórnlaganefndar, þjóðfundar og loks stjórnlagaþings, sem síðan skilaði af sér uppkasti að stjórnarskrá til Alþingis, en samkvæmt gildandi stjórnarskrá verður það að eiga síðasta orðið um samþykkt nýrrar stjórnarskrár. Ég hygg að Ásgeir Ásgeirsson, síðar forseti, hafi komist réttilega að orði um samningu slíks plaggs í bréfi til tengdasonar síns sumarið 1945: „Annað hvort verður stjórnarskrárbreyting að vera bara það nauðsynlegasta – eða þá verulega radikal svo skapi nýja trú hjá fólkinu.“

Og það er um það sem málið snýst. Enginn kennir okkar gömlu bráðabirgðastjórnarskrá um það hrun, sem hér varð. En hún stuðlaði að þeirri lausung í stjórnarfari, sem átti verulegan þátt að hruninu og gerði afleiðingarnar verri viðureignar en þurfti. Við þurfum nýja stjórnarskrá sniðna að stjórnarfari lýðveldisins með skörpum skilum milli löggjafarvalds, framkvæmdarvalds og dómsvalds, til að „skapa nýja trú hjá fólkinu“. Rjúfum því þá pattstöðu sem samning stjórnarskrár fyrir lýðveldið hefur verið í í höndum Alþingis í 65 ár og sýnum þinginu með ótvíræðum hætti að við kunnum að meta að verðleikum þau vel unnu störf, sem innt voru af hendi á skömmum tíma af stjórnlaganefnd, þjóðfundi og stjórnlagaráði. Það er ekki fullkomið plagg í öllum atriðum, en ef þjóðin fylkir sér að baki því mun Alþingi ekki geta vikið sér undan því að ljúka því mikla og góða verki sem þar hefur verið unnið.

Fjölmennum á kjörstað og sýnum þinginu hvað þjóðin vill.





„Siemens-tækin eru margreynd á Íslandi. Þau eru fallega hönnuð, endingargóð og þægileg í notkun. Smith & Norland er eins og Siemens: traust fyrirtæki með mikla reynslu þar sem viðskiptavinurinn er í fyrirrúmi. Þannig vil ég hafa það.“

*Örn Arnarson, íþrótta- og ökukennari, hefur keypt öll heimilistækin sín hjá Smith & Norland.*

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is



69 **FRIÐRIK SOPHUSSON,** fyrrverandi alþingismaður, á afmæli í dag.
*„Pólitísk ábyrgð snýst ekki um að kjörinn fulltrúi eigi að sitja sem fastast þrátt fyrir mistök hans sjálfs eða undirmanna, heldur hið gagnstæða.“ DV apríl 2011*

## Merkisatburðir

1009 Grafarkirkjan í Jerúsalem er eyðilögð af Al-Hakim bi-Amr Allah kalífa.

1016 Játmundur járnsíða lýtur í lægra haldi fyrir her Knúts mikla í orrustunni við Ashingdon.

1618 Sænska ríkisskjalasafnið er stofnað með kansellískipun Axels Oxenstierna.

1906 Stórbruni á Akureyri: Sjö hús brenna og um áttatíu manns missa heimili sín. „Mesti húsbruni á Íslandi,“ segir blaðið Norðurland.

1913 Á Seyðisfirði er vígð rafveita, sem er ein sú fyrsta á Íslandi sem nær til heils bæjarfélags.

1922 Breska ríkisútvarpið BBC er stofnað.

1968 Umdæmi kaþólsku kirkjunnar á Íslandi er gert að sérstöku biskupsdæmi.

1980 Sjötta lota Kröfluelda hefst og stendur í fimm daga. Þetta er þriðja lotan á sama árinu.

1989 NASA skýtur Galileo-geimfarinu á loft.

---



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**BIRGIR HELGASON**
**Melahvarfi 1, Kópavogi,**

lést 12. október. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 18. október kl. 15.00.

**Kristín Birgisdóttir** **Erik Ingemann Jansen**
**Helgi Pétur Birgisson** **Gitte Dolberg**
**Birgir, Stine, Björg, Katrine og Celine.**

---



Elskuleg móðir okkar, amma og langamma,

**INGIBJÖRG E. WAAGE**
**Sléttuvegi 13, Reykjavík,**

lést á Landakoti 12. október síðastliðinn. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 19. október kl. 13.00.

**Sigríður Regína Waage**
**Edda Waage Pedersen**
**Kristín Helga Waage**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGURVEIG BRYNHILDUR SIGURGEIRSDÓTTIR**
**Gránufélagsgötu 37, Akureyri,**

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar laugardaginn 13. október. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 19. október kl. 10.30. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Heimahlynningu á Akureyri.

**Páll Jónsson**
**Sigurgeir Pálsson** **Jórunn Agnarsdóttir**
**Rósa Pálsdóttir** **Pálmi Vilhjálmsson**
**Anna Kristín Pálsdóttir** **Jón Frímann Ólafsson**
**ömmu- og langömmubörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**KRISTJÁN SÓLBJARTUR ÓLAFSSON**
**Aflakór 20, Kópavogi,**

lést að heimili sínu föstudaginn 12. október. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju föstudaginn 19. október kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð heimahlynningar Landspítalans, sími 543 1159 eða Krabbameinsfélag Íslands.

**Kolbrún Óðinsdóttir**
**Hrafnhildur Kristjánsdóttir** **Jóhannes Bjarni Björnsson**
**Hrund Kristjánsdóttir** **Ágúst Jensson**
**Hulda Sigríður Kristjánsdóttir** **Gunnar Björn Gunnarsson**
**og barnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

---



**KEMUR ÚT Í DAG** Hin mörgu andlit kristninnar er að sögn Þórhalls sjálfstætt framhald bókarinnar Hin mörgu andlit trúarbragðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**ÞÓRHALLUR HEIMISSON:** BÓK UM HIN MÖRGU ANDLIT KRISTNINNAR

# Trúarbragðastríð, krossferðir, gralinn og dulræn reynsla

„Ég gaf út árið 2005 bók sem heitir Hin mörgu andlit trúarbragðanna, þar sem ég tók saman öll trúarbrögð heims, og þeirra átakasögu, nema kristnina. Þessi bók heitir Hin mörgu andlit kristninnar og þar fer ég á gagnrýninn hátt í gegnum sögu kristninnar og helstu þætti í 2000 ára sögu hennar,“ segir séra Þórhallur Heimisson um bók sína sem í dag kemur út hjá Sölku. „Þetta er mjög átakamikil saga og ég fer í gegnum hana alveg frá upphafi. Þarna er til dæmis kafli um útrýmingarstríð gegn gyðingum á fyrstu öld eftir Krist, trúarbragðastyrjaldir og krossferðir og þá meðal annars musterisriddarana og tengsl þeirra við frímúrarahreyfinguna, gralinn og allt það sem honum tengist. Einnig fjalla ég um ýmis átakamál í samtímanum eins og umræðuna um samkynhneigð, jafnrétti og fleira sem tengist því.“

Eitt vekur sérstaka athygli. Síðasti kaflinn fjallar um dulræna reynslu sem þú hefur orðið fyrir í lífi og starfi. Viltu útskýra það? „Já, oft þegar verið er að fjalla um trúarbrögð reyna menn að vera alveg hlutlausir og segja bara frá, en mér finnst þetta snerta mann persónulega og ákvað því að hafa þarna með kafla um dulræn málefni. Þar fjalla ég meðal annars um hvað nær-dauða-reynsla er og hvað dulspeki er og síðan segi ég einfaldlega bara reynslusögur úr eigin starfi í gegnum tíðina. Bæði það sem ég hef upplifað sjálfur og með öðrum.“

Og þú ert búinn að vera að vinna að þessu lengi? „Ég hef verið að vinna að þessum tveimur bókum undanfarin átta ár. Ég var alltaf ákveðinn í að halda þessu aðskildu, enda erfitt að blanda þessu öllu saman. Ég hef annars vegar unnið mikið að trúarbragðafræðslu og hins vegar auðvitað innan kirkjunnar og ég leit alltaf á þetta sem hvort sitt verkefnið. En í þessari bók, Hin mörgu andlit kristninnar, er líka kafli um íslam þar sem ég fjalla um það hvernig kirkjan og íslam hafa mótað hvert annað í 1.500 ára átakasögu.“

Ertu fluttur af landi brott? „Ég er í ársleyfi og bý úti í Svíþjóð þar sem ég er kirkjuhirðir í Falun í Dalarna. Þetta er stórt prestakall með 120 starfsmenn og fimm söfnuði sem innihalda 40.000 manns. Mér finnst þetta mjög spennandi og hlakka til að dvelja þarna og starfa næsta árið.“ fridrikab@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST 18. OKTÓBER 1967**

## Disney-myndin Frumskógarlíf frumsýnd

Frumskógarlíf, teiknimynd frá Walt Disney sem byggir á sögu Rudyards Kipling, var frumsýnd í Bandaríkjunum þann 18. október 1967. Myndin var sú síðasta sem Disney framleiddi sjálfur en hann lést áður en hún var tilbúin til sýningar. Frumskógarlíf skilaði 73 milljónum Bandaríkjadala í kassann í þessari fyrstu útgáfu og er ein vinsælasta teiknimynd Disney-samsteypunnar.

Í fyrstu drögum fylgdi myndin söguþræði Kiplings nokkuð nákvæmlega, en Disney þótti undirtóninn of dökkur fyrir fjölskyldumynd og sagði upp bæði handritshöfundinum, Bill Peet, og tónskáldinu, Terry Gilkyson. Í stað þeirra var ráðinn hópur af stjórnum, bæði leikarar og tónlistarmenn, og ekki minni menn en Phil Harris, Sebastian Cabot, George Sanders og Louis Prima tóku þátt í gerð myndarinnar. Sögunni var breytt töluvert og hlutur tónlistarinnar aukinn. Myndin hlaut feikigóðar viðtökur, ekki síst tónlistin sem var eftir Sherman Brothers og Terry Gilkyson.

Seinna sendi Disney-samsteypan frá sér framhaldsmyndina Frumskógarlíf 2 en hún naut ekki viðlíka vinsælda.



Frumskógarlíf var síðasta teiknimyndin sem Walt Disney framleiddi. Hann lést áður en gerð hennar var lokið.

---



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför

**RAGNARS HALLVARÐSSONAR**
**Höfða, Akranesi.**

Alúðarþakkir til starfsfólks Höfða fyrir góða umönnun.

**Guðrún Hallvarðsdóttir**
**Jón Sævar Hallvarðsson** **Jóhanna Arnbergsdóttir**
**Halla Guðrún Hallvarðsdóttir** **Ásgeir Samúelsson**
**Arnfinnur Hallvarðsson** **Guðrún Berta Guðsteinsdóttir**
**Einvarður Hallvarðsson**
**og systkinabörn.**

---



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**KRISTMUNDUR HERBERT HERBERTSSON**
**Borgarhrauni 6, Grindavík,**

lést þriðjudaginn 9. október sl. á sjúkraheimilinu Víðihlíð í Grindavík. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Kristín Kristmundsdóttir** **Sverrir Ragnarsson**
**Herdís Kristmundsdóttir** **Peter Marnen Easton**
**Þór Kristmundsson**
**Sigurður Kristmundsson** **Ragnheiður Eyjólfsdóttir**
**Jóhann Kristmundsson** **Svava Björg Mörk**



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Nýtt kortatímabil OPNUM KL.11 Nýtt korta
SJÓFRYST ÝSUFLÖK
ROÐ OG BEINLAUS
1259 KR.KG
KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1879 KR.KG.
NAUTA Veisla
NAUTAVEISLU FROSNAR
NAUTARIBEYE SNEIÐAR
2998 KR.KG.
FERSK NAUTA-PIPARSTEIK
1998 KR. KG
NAUTAVEISLU FERSK
NAUTGRIPA PIPARSTEIK
FERSKT NAUTGRIPAHAKK
100% KJÖT
1295 KR. KG
NAUTAVEISLU FERSKT
NAUTGRIPAHAKK 100% KJÖT
1998 KR. KG
NAUTAVEISLU NAUTA
MÍNÚTUSTEIK ÚR FILE
HOLLENSK PAPRIKA
295 KR.
AVOCADO 750 GR
459 KR.
BAJONSKINKAN ER UNNIN ÚR GRÍSA-INNRALÆRI
998 KR.KG.
BÓNUS BAJONSKINKA
698 KR.KG.
ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
HAUST SLÁTRUN 2012
BÓNUS
1389 KR.KG
AF NÝSLÁTRUÐU FERSKT LAMBALÆRI
NÝJAR ÍSLENSKAR RÓFUR Í LAUSU
NÝ UPPTEKNAR
198 KR.KG
NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR
Í LAUSU; GULLAUGA OG RAUÐAR
169 KR.KG
HAUST SLÁTRUN 2012
BÓNUS
1879 KR.KG
AF NÝSLÁTRUÐU FERSKUR LAMBAHRYGGUR
Nýtt kortatímabil OPNUM KL.11 Nýtt kortatímabil OPNUM KL.11
DIAPERS MIDI 4-9 KG
DIAPERS MAXI 9-18 KG
DIAPERS JUNIOR 15-25 KG
BABY-WIPES
1398 KR.PK.
EUROSHOPPER BLEIUR 3 TEG. 1398 KR.PK
BABYWIPES/BLAUTKLÚTAR 72 STK. 175 KR.
RAUÐ MELÓNA
FRÁ BRASELÍU
195 KR.KG.
ISIO4 MATAROLÍA
20% MEIRA MAGN- SAMA VERÐ
545 KR. 1,2 LTR
Neutral
NEUTRAL STURTUSÁPA
Í LÍTRI
598 KR.
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur



†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**INGIBJÖRG LÝÐSDÓTTIR FRANTZ**
**Gaukshólum 2, Reykjavík,**

lést á líknardeild Landspítalans mánudaginn 15. október og verður jarðsungin frá Bústaðakirkju mánudaginn 22. október kl. 11.00.

**John Joseph Frantz**
**James Daníel Frantz** — **Christine Chiaffino Frantz**
**John Haraldur Frantz** — **Sigurlaug Helga Emilsdóttir**
**Maria Loana Tovey** — **Deforest Tovey**
**Kristín Frantz** — **Glenn Tarbox**
**og barnabörn.**



†

Hjartans þakkir færum við öllum þeim sem studdu okkur og sýndu okkur vinarhug við veikindi og fráfall ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**VIÐARS KORNERUP-HANSEN**
**Birkihæð 2, Garðabæ.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Karitas og á deild 11E á Landspítalanum fyrir góða umönnun og einstaklega hlýtt viðmót.

**Hólmfríður Egilsdóttir**
**Halldóra Viðarsdóttir** — **Jóhann Úlfarsson**
**Kristín Viðarsdóttir** — **Timothy H. Spanos**
**Björn Leví Viðarsson** — **Ásta Lára Sigurðardóttir**
**Erik Hirt** — **Katrín I. Jónsdóttir Hjördísardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SESSELJA JÓNSDÓTTIR**
***Æsufelli 4,***

lést á heimili sínu að kvöldi 9. október. Útförin fer fram frá Laugarneskirkju föstudaginn 19. október kl. 15.00.

**Guðbrandur Gimmel** — **Ingunn Þórðardóttir**
**Anna Karlsdóttir** — **Óskar Elíasson**
**Karl Jón Karlsson** — **Winut Somsri**
**Lísa María Karlsdóttir** — **Trausti Guðjónsson**
**Jón Sigurfinnur Ólafsson**
**barnabörn og langömmubarn.**



†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**INGVELDUR EINARSDÓTTIR**
**Álfabergi 14,**

verður jarðsungin frá Víðistaðakirkju föstudaginn 19. október kl. 13.00.

**Trausti Sveinbjörnsson**
**Björn Traustason** — **Helga Halldórsdóttir**
**Bjarni Þór Traustason** — **Sigrún Ögn Sigurðardóttir**
**Ólafur Sveinn Traustason** — **Eydís Eyþórsdóttir**
**og barnabörn.**



†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**AUÐUR EINARSDÓTTIR**
**kaupmaður,**
**Jökulgrunni 27,**

lést á bráðadeild Landspítalans aðfaranótt 15. október. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 18. október kl. 15.00.

**Hulda Halldórsdóttir** — **Eiríkur Þorsteinsson**
**Lilja Halldórsdóttir Veigele** — **Hartmut Veigele**
**Hafliði Halldórsson** — **Guðfinna Hauksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**KRISTÍN PÁLÍNA ÓLAFSDÓTTIR**
**Siglufirði,**

sem lést á Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar á Siglufirði sunnudaginn 7. október, verður jarðsungin frá Siglufjarðarkirkju laugardaginn 20. október kl. 14.00.

**Guðrún Pálsdóttir** — **Magnús Eiríksson**
**Þröstur Ingólfsson** — **Guðfinna Skarphéðinsdóttir**
**Elínbjörg Ingólfsdóttir** — **Vigfús Markússon**
**Esther Ingólfsdóttir** — **Halldór Birgisson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Menningararfur og hönnun rædd



**HALLA HELGADÓTTIR** Segir umræðu um hönnun skammt á veg komna hér á landi.

Efnt verður til málþings í Listasafni Reykjavíkur í kvöld um menningararf og hönnun. Halla Helgadóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands, er meðal þeirra sem taka munu til máls á þinginu. Halla mun fjalla um birtingarmynd menningararfsins í íslenskri hönnun. „Umræðan um menningararfinn og hönnun hefur verið óskynsamleg. Lopapeysurnar frá Farmers market eru dæmi um það. Þar áttar fólk sig ekki á því í hverju þeirra hönnun liggur. Hún liggur ekki í mynstrinu, það er hluti af menningararfinum, heldur liggur hún í sniðinu og fráganginum. Og það hversu vel flíkurnar eru hannaðar á þátt í vinsældum þeirra. Sama á við um vegglímmiða Ólafar Jakobínu sem á stendur Drottinn blessi heimilið. Þar liggur hönnunin í framsetningu setningar sem er vissulega ekki verk Ólafar Jakobínu," segir Halla og bætir við að almennt sé umræðan um hönnun skammt á veg komin hér á landi. „Danir til dæmis búa við ríkari hefð í hönnun og þurfa ekki að ræða það hvað er hönnun. Við erum hins vegar enn á því stigi að við þurfum að útskýra í hverju hönnun felst og að maður verður ekki hönnuður bara með því að ákveða það einn daginn. Hönnun þarf að læra rétt eins og lögfræði."

Halla segir enn fremur að handverk og hönnun séu ekki andstæðir pólar. „Stundum hefur málum verið stillt þannig upp en hönnunarsenan þarf á handverki að halda og handverki stendur ekki ógn af hönnun."

Málþingið hefst klukkan átta. Auk Höllu taka til máls Egill Viðarsson, þjóðfræðingur og tónlistarmaður, sem ræðir menningararf og höfundarrétt, Sunneva Hafsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Handverks og hönnunar, sem ræðir sérstöðu íslensk handverks og handverksfólks, Lovísa Jónsdóttir, lögfræðingur hjá Tego hugverkaráðgjöf, sem ræðir um höfundarrétt og hönnunarvernd út frá lögfræðilegu sjónarmiði og Bergþóra Guðnadóttir, hönnuður og annar af stofnendum Farmers Market, en hún ræðir um framleiðslu og rekstur fyrirtækis sem selur íslenska hönnun, sem meðal annars hefur tilvísun í íslenskan menningararf og er að hluta til úr íslensku hráefni.

Stjórnandi málþingsins er Ólöf Gerður Sigfúsdóttir mannfræðingur og forstöðukona rannsóknarþjónustu við Listaháskóla Íslands.



†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÁSGEIR KARLSSON**
**málarameistari,**
**Reynimel 80, Reykjavík,**

lést á Hrafnistu Hafnarfirði þriðjudaginn 16. október sl. Hann verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju 31. október kl. 13.00.

**Þórarinn Ragnar Ásgeirsson** — **Hildur Friðriksdóttir**
**Erla María Ásgeirsdóttir** — **Jón Einarsson**
**Lúðvík Jóhann Ásgeirsson** — **Guðrún Björg Berndsen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð við andlát og útför

**ELÍSABETAR EINARSDÓTTUR**
**frá Kárastöðum í Þingvallasveit.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk á hjúkrunarheimilinu Mörk fyrir góða aðhlynningu. Guð blessi ykkur.

**Ása Jóhannesdóttir**
**Ari Jóhannesson** — **Jóhanna F. Jóhannesdóttir**
**Einar Jóhannesson** — **Ívar Ólafsson**
**Einar Örn Jónsson** — **Birna Ósk Hansdóttir**
**Jóhannes Arason** — **Bjarney Bjarnadóttir**
**Árni Gautur Arason** — **Sólveig Þórarinsdóttir**
**Egill Arason**
**Teitur Arason**
**Daði Einarsson** — **Ingibjörg Agnes Jónsdóttir**
**og barnabarnabörn.**



†

Ástkær faðir minn, tengdafaðir og afi,

**KRISTJÁN JÓNSSON**
**Hlégerði 23, Kópavogi,**

lést þriðjudaginn 16. október á Hjúkrunarheimilinu Holtsbúð Vífilsstöðum. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 23. október kl. 13.00.

**Ingvar Kristjánsson** — **Halla Ágústsdóttir**
**Ágústa Kristrún Ingvarsdóttir**
**Ragnhildur Björk Ingvarsdóttir**



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**AÐALSTEINN VALDIMARSSON**
**skipstjóri, Eskifirði,**

lést á fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað, sunnudaginn 14. október. Útförin fer fram frá Eskifjarðarkirkju föstudaginn 19. október kl. 14.00.

**Elínborg Þorsteinsdóttir**
**Valdimar Aðalsteinsson** — **Unnur Eiríksdóttir**
**Þorsteinn Aðalsteinsson** — **Ásta Guðný Einþórsdóttir**
**Atli Rúnar Aðalsteinsson** — **Berglind Eiríksdóttir**
**Áslaug Katrín Aðalsteinsdóttir**
**Aðalsteinn Helgi Aðalsteinsson** — **Mie Brorson Andersen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, fósturfaðir, tengdasonur, tengdafaðir og afi,

**BJÖRN HALBLAUB**

lést 13. október. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 22. október kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir og þeim sem vilja minnast hans er bent á Barnahjálp ABC.

**Ása Jónsdóttir**
**Magnús H. Björnsson** — **Sigrún Þórólfsdóttir**
**Ágúst H. Björnsson** — **Ragna Sif Þórsdóttir**
**Torfi Halblaub**
**Grímur Ásgeir Björnsson** — **Alexandra P. Barkardóttir**
**Erla Björnsdóttir** — **Leifur Eiríksson**
**Daníel Ragnarsson** — **Agnes Helga Martin**
**Ása Þöll Ragnarsdóttir** — **Þorsteinn Óli Eggertsson**
**Jón Guðgeirsson og barnabörn.**



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**GUÐNÝ STEFÁNSDÓTTIR**

andaðist að Sólvangi í Hafnarfirði 5. október 2012. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Jón Eiríksson** — **Erla Guðríður Jónsdóttir**
**Helga Eiríksdóttir** — **Sigurður Smári Einarsson**
**Stefán Eiríksson** — **Ragnheiður Torfadóttir**



†

Okkar ástkæra móðir, dóttir, tengdamóðir, systir og amma,

**ERLA SIGURDÍS ARNARDÓTTIR**

verður jarðsungin frá Guðríðarkirkju mánudaginn 22. október kl. 15.00.

**Halla Karen Jónsdóttir** — **Andri Már Óttarsson**
**Elín Klara Jónsdóttir** — **Kolbeinn Lárus Sigurðsson**
**Hjálmar Gauti Jónsson**
**Halla Hjálmarsdóttir**
**Helga Eygló Guðjónsdóttir**
**Jóna Hlín Guðjónsdóttir**
**Embla Eir Oddsdóttir**
**Hekla Andradóttir**



†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**SIGRÚN EINARSDÓTTIR (SIMMA)**
**áður til heimilis að Efstasundi 74,**

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði föstudaginn 12. október. Jarðsett verður frá Langholtskirkju í Reykjavík mánudaginn 22. október kl. 13.00.

**Sigurhanna Erna Gísladóttir**
**Einar Jóhann Gíslason** — **Diljá Erna Eyjólfsdóttir**
**Halldór Gíslason** — **Anne May Sæmundsdóttir**
**Gísli G. Sveinbjörnsson** — **Guðrún Bergmann**
**Guðlaug Ingibergsdóttir**
**barnabörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**

# SKÁLDIÐ STÍGUR FRAM



Með *Skáldi* lýkur Einar Kárason Sturlungasögu sinni. Í *Óvinafagnaði* var Þórður kakali í sögumiðju, í *Ofsa* þeir Gissur Þorvaldsson og Eyjólfur ofsi en hér er það skáldið Sturla sem lifði þessa róstusömu tíma og færði okkur þá í frásögnum sínum.



EINAR KÁRASON




1.
Sæti
Íslensk skáldverk: 10.10.–16.10.12
METSÖLULISTI EYMUNDSSON




MÁL OG MENNING

*„Hefur hann ekki aðeins skapað nýtt verk, verðugt lestrar, heldur einnig gefið Sturlungu sjálfri nýtt líf.“*
GAUTI KRISTMANNSSON (um *Ofsa*)

*„Mikill og nútímalegur sagnamaður sem stendur þó styrkum fótum í íslenskri sagnahefð.“*
LITTERATUREN

*www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu*

## krossgáta

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | 15 | |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** óregla, **6.** stefna, **8.** sægur, **9.** frostskemmd, **11.** hljóta, **12.** langt op, **14.** fet, **16.** strit, **17.** fjallaskarð, **18.** tálknblað, **20.** nafnorð, **21.** dugnaður.

**LÓÐRÉTT**
**1.** grjótfylling, **3.** kringum, **4.** örvandi efni, **5.** bar, **7.** fjarskiptatæki, **10.** yfirbreiðsla, **13.** sarg, **15.** feiti, **16.** ái, **19.** ónefndur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2.** sukk, **6.** út, **8.** mor, **9.** kal, **11.** fá, **12.** klauf, **14.** skref, **16.** at, **17.** gil, **18.** fön, **20.** no, **21.** iðni.
**LÓÐRÉTT:** **1.** púkk, **3.** um, **4.** koffein, **5.** krá, **7.** talstöð, **10.** lak, **13.** urg, **15.** flot, **16.** afi, **19.** nn




# Klám er klám er klám

**BAKÞANKAR**
**Friðriku Benónýs**



Erótíska bókabylgjan sem 50 gráir skuggar hrundu af stað er sögð munu hafa áhrif á bókmenntir eftir og fyrir konur næstu árin. Sölutölur eru svimandi háar og forleggjarar jafnt sem höfundar dansa um með dollaramerki í augum við tilhugsunina um allt það fjármagn sem klámsveltar konur munu færa þeim. Setja upp kryppu ef minnst er á klám í þessu samhengi og veifa orðinu erótík – sem enginn skilur, rétti kvenna til að tjá sig út frá kynferði sínu og ég veit ekki hverju og hverju.

**JAFNVEL** hörðustu femínistar hafa látið hafa sig út í það að verja þessa þróun á þeim forsendum að konur eigi rétt á að skrifa og lesa klám „á sínum forsendum". Engu virðist skipta í þeirri umræðu að þær „erótísku" senur sem lesa má í 50 gráum skuggum eiga sér allar beinar fyrirmyndir í klámiðnaðinum og sömu sögu má segja um hinar „alíslensku" Fantasíur sem safnað var nafnlaust og gefnar út sem vitnisburður um kynlegan hugarheim kvenna.

**Á** sama tíma kemur fram hver vitnisburðurinn á fætur öðrum um þær skaðlegu afleiðingar sem klámneysla hefur á viðhorf og hegðun þeirra sem þess neyta. Allar hugmyndir um kynlíf skrumskælast og allt niður í sex ára börn beita hvert annað kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi vegna áhorfs á klám, samkvæmt nýjustu upplýsingum. Konur eru þar eingöngu kynferðisleg viðföng eins og speglast í þeirri áráttu að birta kynferðislegar myndir af bæði nafngreindum og ónafngreindum konum í fjölmiðlum og á vefsíðum, samanber frábæra grein Kira Cochrane, Creepshots and revenge porn: how paparazzi culture affects women, sem birtist í breska blaðinu Guardian nýlega. Sá sem heldur því fram að klámmenningin hafi ekki áhrif á líf okkar allra eftir lestur þeirrar greinar þyrfti að fá sér ný gleraugu.

**HVERS** vegna gangast konur inn á þessa undarlegu röksemdafærslu um að klám fyrir konur sé undir einhverjum allt öðrum formerkjum en annað klám? Spyr sú sem ekki veit. Aldalöng kynferðiskúgun er ekki nógu sterk rök fyrir því að gangast inn á kvensýn klámiðnaðarins og þykjast vera að gera hana að sinni. Og hverjar eru hinar sértæku forsendur kvenna þegar kemur að klámi? Er ekki klám bara klám og kominn tími til að hætta að fegra það með frösum eins og „frelsi til tjáningar", „endurspeglun á eðli mannskepnunnar" og „erótík"?

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR
SKOÐAÐU NÝJASTA BÆKLINGINN Á WWW.TOLVUTEK.IS
8BLS BÆKLINGUR STÚTFULLUR AF GLÆSILEGUM TILBOÐUM
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
FRÍTT WINDOWS 8 PRO MEÐ ÖLLUM TÖLVUM Í TÖLVUTEK
WINDOWS 8 PRO
Fylgir frítt með öllum nýjum tölvum í Tölvutek með Windows 7 Home Premium eða PRO
FRÍTT!
MEÐ ÖLLUM TÖLVUM Í TÖLVUTEK
NÝ KYNSLÓÐ HRAÐVIRKARI OG ENN GLÆSILEGRI!
NÝ KINDLE LESTÖLVA
Enn glæsilegri Kindle lestölva frá Amazon með 15% hraðari síðuflettingum og skýrari leturgerðir
16.900
ÓTRÚLEGT KYNNINGARVERÐ!
SMELLTU Á KÖRFUNA
NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP
10 ÞÚSUND AF ÖLLUM 10" FISTÖLVUM
ASUS 10" FISTÖLVA
Þessi er fislétt og frábær í skólann með örþunnum 10,1" LED skjá, 320GB disk og Windows 7 Starter
39.900
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer ASUS DELL hp lenovo packard bell SAMSUNG SONY TOSHIBA

# menntun

menntun@frettabladid.is

**4.203** **FIMM ÁRA BÖRN** voru í leikskólum landsins í desember síðastliðnum.

## Fræddir um jafnrétti

Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar og skóla- og frístundasvið með stuðningi Jafnréttisstofu hafa tekið höndum saman um jafnréttisfræðslu fyrir kennara í leik- og grunnskólum og starfsfólk í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum borgarinnar. Þetta er tveggja ára verkefni sem ná mun til um 3.500 starfsmanna að því er fram kemur á heimasíðu Reykjavíkurborgar.

Þetta er meðal annars gert í ljósi þess að jafnrétti er ein af grunnstoðum menntunar í nýrri aðalnámskrá grunnskóla.

Jafnréttisfræðslan mun fara þannig fram að haldnir verða fyrirlestrar og efnt til umræðu um jafnrétti á Íslandi á starfsmannafundum frístundaheimila, félagsmiðstöðva og leikskóla og á kennarafundum í grunnskólum. Fyrirlestrunum er ætlað að vera fræðandi en einnig að kveikja áhuga kennara og starfsfólks félagsmiðstöðva og frístundaheimila á málefninu.




# Vettvangur fyrir frjóa umræðu um menntamál

**Krítin.is er nýtt veftímarit um menntamál sem Edda Kjartansdóttir og Nanna Kristín Christiansen ritstýra. Krítin er hugsuð sem vettvangur fyrir umræðu um skóla- og menntamál og Edda segist sjá fyrir sér að hún vaxi og dafni þannig að fólk finni fyrir því að hún sé alvöru tímarit.**



**FRJÓR VETTVANGUR** Edda Kjartansdóttir segir Krítina kjörinn vettvang til að gera starf kennara sýnilegra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

„Markmiðið með síðunni er fyrst og fremst að reyna að efla samræðu um skólamál og menntun," segir Edda Kjartansdóttir, annar tveggja ritstjóra veftímaritsins Krítarinnar. „Við viljum að Krítin virki sem millistig á milli fræðilegra tímarita um menntamál og léttari umfjöllunar. Að þetta sé vettvangur þar sem frjó umræða um menntamál í víðum skilningi á sér stað."

Þetta er þá hugsað fyrst og fremst fyrir kennara? „Já, þetta er hugsað fyrir kennara en foreldrar hafa líka örugglega gagn af þessu og þeir geta auðvitað tekið þátt í samræðunni þarna líka."

Þær Edda og Nanna Kristín eru báðar starfandi að menntamálum. Nanna er verkefnastjóri hjá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar og Edda er forstöðumaður stofnunarinnar SRR (Símenntun, rannsóknir og ráðgjöf) hjá menntavísindasviði Háskóla Íslands. Hún segir skóla- og menntamál vera bæði atvinnu og áhugamál þeirra beggja. „Alla daga erum við vaknar og sofnar yfir skólamálum og menntunarmálum kennara."

Þú kallar þetta að efla samræðu, hvernig virkar það? „Ég á auðvitað ekki við samræðu í hefðbundnum skilningi, síðan er ekki gagnvirk, en við viljum gjarnan fá upplýsingar frá kennurum um það sem þeir eru að glíma við og fá upplýsingar um kennara sem eru að gera góða hluti. Þannig finnst okkur við geta aukið samræðu og þá um leið auðvitað líka sýnileika þess starfs sem er þess virði að fjalla um. Okkur finnst kennarar ekki fá mörg tækifæri til að bera starf sitt á borð. Svo erum við með Facebook-síðu líka þar sem við setjum allar greinar sem birtast á Krítinni og þar hefur fólk tækifæri til að kommentera og ræða það sem við erum að fjalla um. Svo vekur þetta kannski umræður á kennarastofunni og við fáum viðbrögð bæði frá skólastjórnendum og kennurum sem eru ánægðir með þetta framtak. Þannig að til lengri tíma litið vonum við að þetta verði til þess að umræðan aukist."

> Við viljum að Krítin virki sem millistig á milli fræðilegra tímarita um menntamál og léttari umfjöllunar.

Eitt af því sem er fastur liður á Krítinni er kennari mánaðarins. Hvernig er það hugsað? „Það er mikilvægt að það komi fram og sé alveg á hreinu að þetta er ekki keppni. Þetta er ekki hugsað sem starfsmaður mánaðarins eða neitt í þá veruna. Það sem við gerum er að leita uppi kennara sem eru að gera góða hluti og kynna það sem þeir eru að gera. Þetta heitir kennari mánaðarins einfaldlega vegna þess að við kynnum einn kennara á mánuði, það þýðir alls ekki að það sé kennarinn sem stóð sig best þann mánuðinn."

Hvernig hafa viðbrögðin við síðunni verið? „Viðbrögðin hafa verið mjög góð. Við fáum pósta frá ánægðu fólki og alls konar ábendingar frá lesendum síðunnar sem við erum mjög þakklátar fyrir. Við sjáum það fyrir okkur og vonumst til þess að síðan vaxi og dafni og við fáum fleiri penna til að skrifa þannig að fólk finni fyrir því að þetta er alvöru tímarit."

Slóð veftímaritsins er Kritin.is.

**fridrikab@frettabladid.is**

## Á söguslóðum skálda á lestrardögum

Nemendur í Vesturbænum hafa haldið lestrarhátíð í vikunni sem skipulögð er í tengslum við Reykjavík bókmenntaborg UNESCO. Í Vesturbæjarskóla hefur meðal annars verið haldið upp á hátíðina með því að nota tímann í skólanum í yndislestur en einnig hafa nemendur haldið í upplestrarferðir.

Nemendur sjötta bekkjar fóru til að mynda á Elliheimilið Grund í vikunni og lásu fyrir heimilisfólk þar. Sjötti bekkur í Vesturbæjarskóla fór einnig á stúfana í gær og skoðaði bókmenntamerkinguna sem sett hefur verið upp í Aðalstræti til heiðurs Elíasi Mar.

„Við erum ekki að fjalla um Vögguvísu eftir Elís Mar í sjötta bekk en skoðuðum merkið og notuðum tækifærið til að ræða um sögusvið bóka almennt. Það er svo mikið til af sögum sem gerast hér í Vesturbænum og því af nógu að taka í umræðum um sögusvið bóka á slóðum sem krakkarnir þekkja og við höfum verið að velta því fyrir okkur," segir Sigríður Nanna Heimisdóttir kennari í Vesturbæjarskóla.



**ÞAR VAR LANGIBAR** Nemendur úr sjötta bekk Vesturbæjarskóla lesa sér til um Adlon eða Langabar sem stóð við Aðalstræti 6-8 þegar Vögguvísa eftir Elías Mar kom út.



Vnr. 52221901-2
Loftljós, 40 cm þvermál,
svart eða stállitað.
7.990 kr.



Vnr. 65103207
SINBO brauðrist, stál, 700W.
1.990 kr.



Vnr. 41130200
Pönnukökupanna fyrir
allar gerðir af hellum.
2.790 kr.



28 STK. TOPPAR OG SKRÚFBITAR

Vnr. 74804108
EINHELL rafhlöðu-
skrúfvél, 4,8V.
1.990 kr.

VERÐVERND BYKO
LÆGRA VERÐ

LÁGT VERÐ
– ALLA DAGA

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.
1962-2012
50

BYKO KLÚBBURINN

BYKO KLÚBBURINN
TEKUR ÞÁTT Í BLEIKUM OKTÓBER
Í OKTÓBER RENNA 10% AF ANDVIRÐI VARA Á KLÚBBTILBOÐI TIL KRABBAMEINSFÉLAGSINS.



KLÚBB verð
9.990 kr.
Vnr. 50698063
RACER barnabílstóll
fyrir 9-36 kg börn.
16.990 kr.



Vnr. 74800300
EINHELL föndurfræsari og
aukahlutasett fylgir með.
9.690 kr.
KLÚBB verð
6.990 kr.



Vnr. 41100105
Matar- og kaffistell,
4 manna, alls 20 stk.
5.990 kr.
KLÚBB verð
4.290 kr.



MINNI FYRIR 10 NOTENDUR
FITUMÆLING
MÆLIR BMI
Vnr. 65103226
Baðvog, mælir
allt að 150kg.
3.990 kr.
KLÚBB verð
2.490 kr.



Vnr. 52236871
PRAHA 5 arma
ljósakróna,
króm og gler.
24.990 kr.
KLÚBB verð
14.990 kr.



KLÚBB verð
5.990 kr.
Vnr. 15328667
GROHE TEMPESTA
MONO sturtusett.
7.990 kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

EXPO

# menning

menning@frettabladid.is



**LAXNESSTÓNLEIKAR** Kirkjukór Lágafellssóknar blæs til Laxnesstónleika í Lágafellskirkju klukkan 20 kvöld í tilefni af 110 ára afmæli Halldórs Laxness fyrr á árinu. Auk tónlistarflutnings rifjar Sigurður Hreiðar Hreiðarsson upp atriði úr tónlistarsögu kirkjunnar, en faðir skáldsins, Guðjón frá Laxnesi, leiddi safnaðarsöng í Lágafellskirkju fyrir um hundrað árum. Ókeypis er á tónleikana og allir velkomnir.

Bækur ★★★★☆

**Kattasamsærið**

Höfundur: Guðmundur S. Brynjólfsson. Myndskreytingar: Högni Sigurþórsson

**Sæmundur**

## Bráðfyndin bók fyrir dýravini




Kattasamsærið er önnur skáldsaga Guðmundar Brynjólfssonar, en hann hlaut Íslensku barnabókaverðlaunin 2009 fyrir þá fyrstu, Þvílíka viku. Sú bók segir frá viðburðaríkum dögum í lífi Geira (ekki Haarde, takk) sem ásamt vinum sínum reynir að skipuleggja hörkudjamm til að halda upp á grunnskólaprófið. Þeir voru nú ýmsir kettirnir sem snigluðust á blaðsíðum þessarar fyrstu bókar Guðmundar, þá sér í lagi heimilisköttur leiðinlegasta manns í heimi, Lassa stærðfræðikennara, sem er sturtað ofan í græna málningartunnu og er eftir það aðeins viðraður í hundaól meðan eigandinn danglar ólinni út um gluggann á nýju BMW-drossíunni.

Kettirnir hafa tekið yfir í nýjustu bók Guðmundar, Kattasamsærinu, og berjast gegn illri meðferð eigenda sinna. Kattasamsærið segir frá Petru Pott, ungri læðu sem býr við slæman aðbúnað hjá fjölskyldu sinni. Petra leitar aðstoðar hjá nágrannahundinum Lúsíusi og hinum klóka högna Hamlet sem starfar sem svæðisljón á öllum Hjallaveginum og sinnir margvíslegri alhliða kattaráðgjöf og þjónustu. Með aðstoð Hamlets og Lúsíusar tekst Petru að fresta nokkrum ferðum „út í sveit" til dýralæknisins, en hvað gerist þegar einn fjölskyldumeðlimurinn greinist með kattaofnæmi? Geta Hamlet og Lúsíus bjargað Petru frá sprautu dýralæknisins?

Mig hefur lengi grunað að kettir séu að taka yfir heiminn. Tölvufyrirtækið Google sleppti ofurtölvu lausri á veraldarvefinn í sumar og það fyrsta sem tölvan lærði að þekkja af sjálfsdáðum voru andlit katta. Guðmundur leikur sér með þessar hugmyndir í Kattasamsærinu, en hinn lævísi Hamlet rekur yfirgripsmikla leyniþjónustu með ýmsa útsendara á sínum vegum. Mannfólkið er í aukahlutverki í þessari sögu og köttunum tekst í sífellu að spilla áætlunum þeirra með klókindum og bellibrögðum.

Sagan er að vissu leyti mjög einföld. Þetta er dæmisaga sem kennir börnum (og fullorðnum) að við eigum að vera góð við dýrin. Sagan er sögð frá sjónarhorni Petru Potts sem býr við óöryggi og hræðslu á heimili sínu þar sem mannfólkið er vont við hana. En sagan er ekki skrifuð í predikunartón, þvert á móti, Kattasamsærið er stórskemmtileg bók og ég skellti upp úr þó nokkrum sinnum við lestur hennar.

Sérstaklega vil ég minnast á myndskreytingar bókarinnar, en myndskreytirinn er hinn réttnefndi Högni Sigurþórsson. Teikningar hans eru gróflega dregnar og bráðfyndnar. Myndskreytingarnar eru órjúfanlegur hluti af sögunni og prýða næstum hverja einustu opnu í bókinni.

Bókin er prentuð með stórum bókstöfum til að auðvelda lestur fyrir yngsta lesendahópinn, en sagan er það vel skrifuð og fyndin og svo skemmtilega myndskreytt að hún ætti líka að höfða til eldri barna og jafnvel okkar hinna sem komin erum á fullorðinsárin. 10% af verði hverrar bókar renna til Kattholts sem er eina athvarfið fyrir ketti eins og Petru Pott hér á Íslandi. **Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir**

**Niðurstaða:** Bráðskemmtileg og fyndin saga, snilldarlega myndskreytt, með góðan boðskap um manngæsku í garð blessuðu dýranna.




**SJÁLFSMORÐ Í VERKTÖKU** Eftir misheppnaða sjálfsvígstilraun í kjölfar atvinnumissis ræður Henri leigumorðingja til að koma sér fyrir kattarnef. Blómastúlkan Margrét veldur því að honum snýst hugur en þá er engin leið að hafa upp á verktakanum. MYND/HEIÐA.IS

# Tilvistarlegar spurningar og harmræn, finnsk fyndni

**Leikfélag Akureyrar frumsýnir fyrsta verk vetrarins annað kvöld, Leigumorðingjann eftir Finnann Aki Kaurismäki í leikstjórn Egils Heiðars Antons Pálssonar. Aðalbjörg Árnadóttir leikkona lýsir því sem meinfyndnu verki um stórar tilvistarlegar spurningar.**

Leigumorðinginn eftir Aki Kaurismäki segir frá Henri Boulansen sem missir vinnuna og reynir í framhaldinu að stytta sér aldur. Þegar það mistekst ákveður Henri að ráða sér leigumorðingja til þess að ljúka verkinu. Eftir að hann kynnist blómasölustúlkunni Margréti snýst honum hugur og hyggst rifta samningnum en það reynist hægara sagt en gert. Verkið byggir á kvikmynd Kaurismäki, sem er einn þekktasti kvikmyndagerðarmaður Finna, en hér í nýrri leikgerð Egils Heiðars Antons Pálssonar, sem jafnframt leikstjóri.

„Þetta er mjög fyndið verk," segir Aðalbjörg Árnadóttir, sem leikur í verkinu ásamt Hannesi Óla Ágústssyni, Önnu Gunndísi Guðmundsdóttur og Einari Aðalsteinssyni. „Við áttuðum okkur eiginlega ekki á því hversu fyndið það væri fyrr en í vikunni þegar við fengum áhorfendur á rennsli, unglinga, og þeir hlógu allan tímann. Finnar eru með svolítið svartan húmor, sem höfðar kannski ekki til allra en þetta virðist ná í gegn. Engu að síður er þetta verk sem fjallar um stórar og djúpar tilvistarlegar spurningar, kannski gerir það verkið svona fyndið."

Aðalbjörg gekk til liðs við Leikfélag Akureyrar í sumar ásamt Hannesi Óla sambýlismanni sínum (svo vill til að Anna Gunndís og Einar eru líka par). Sem kunnugt er átti leikfélagið í rekstrarvandræðum og var tvísýnt með afdrif þess á tímabili áður en Ragnheiður Skúladóttir var ráðinn listrænn stjórnandi og fengin til að stokka starfsemina upp. Arnbjörg segir þau Hannes ekki hafa látið forsöguna aftra sér frá því að flytja norður þegar Ragnheiður bauð þeim starfið. „Sumt fólk er þannig að maður er alltaf með því í liði og treystir því. Ragnheiður er ein af þeim og þegar hún hafði samband þurftum við ekki að hugsa okkur tvisvar um. Ég vissi að þetta yrði skemmtilegt og krefjandi og það hefur gengið eftir og gott betur."

Egill Heiðar Anton Pálsson leikstýrir hér sínu fyrsta verki á Íslandi eftir nokkurt hlé en undanfarin ár hefur hann starfað mestmegnis á Norðurlöndum og í Þýskalandi.

„Það hefur verið ákaflega gjöfult að vinna með Agli Heiðari," segir Aðalbjörg. „Hann kenndi mér meðal annars í Listaháskólanum – og síðar Hannesi – og endurkynnin hafa verið mjög góð. Hann er mikill leikaraleikstjóri og sannkallaður fagmaður. Hann hefur unnið mikið erlendis undanfarið og safnað þar mikilli reynslu og það skín í gegn."

bergsteinn@frettabladid.is

Samfélagsstyrkir Landsbankans

Landsbankinn veitir 10 milljónum króna í samfélagsstyrki, til 20 verkefna í seinni úthlutun fyrir árið 2012.

Umsóknarfrestur er til 22. október.

Nánari upplýsingar á landsbankinn.is.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

# Aukatónleikar á sígildar dægurperlur í Salnum

Uppselt er á söngskemmtunina Ég veit þú kemur í Salnum Kópavogi 23. og 24. nóvember næstkomandi. Miðarnir seldust upp í forsölu og hafa því verið settir á aukatónleikar sunnudaginn 25. nóvember.

Björn Thoroddsen gítarleikari og Kristinn Sigmundsson stórsöngvari standa að söngskemmtuninni en með þeim á sviðinu verða Sigrún Hjálmtýsdóttir söngkona og Gunnar Hrafnsson kontrabassaleikari og munu þau flytja íslensk dægurlög eftir Jón Múla, Sigfús Halldórsson, Oddgeir Kristjánsson og fleiri ástsæl tónskáld. Miðasala á aukatónleikana hefst í dag.



**VINSÆL** Björn Thoroddsen, Kristinn Sigmundsson, Sigrún Hjálmtýsdóttir og Gunnar Hrafnsson flytja gamlar söngperlur í salnum.




**Við hækkum afsláttinn úr 50% í 70%**

**af öllum vörum aðeins þessa helgi**

**Opið alla helgina** fim 11-19, fös 11-19, lau 11-18, sun 13-17

Merkjavörur frá:

COMPANYS Kultur gs skór galleri sautján eva

VÖRUR FRÁ: INWEAR | PART TWO | SAINT TROPEZ | SOAKED IN LUXURY | MALENE BIRGER | ILARIA NISTRI
MARITHE FRANCOIS GIRBAUD | GERALD DAREL | DKNY | DIESEL OG FLEIRI FALLEG MERKI

**Fató - markaður í kjallara evu Laugavegi 26**

# Schubert og Brahms á Kammermúsíkkvöldi

Schubert og Brahms verða í aðalhlutverki á öðrum tónleikum Kammermúsíkklúbbsins á þessu ári í Hörpu á sunnudagskvöld.

Leiknir verða tveir strengjakvintettar. Sá fyrri er eftir Frans Schubert, saminn á dánarári hans 1828. Kvintettinn er í C-dúr, op. 163. Í kvintettinum notar Schubert tvö selló. Kvintettinn er talinn meðal bestu tónverka Schuberts og reyndar meðal bestu tónverka á sviði kammertónlistar.

Seinni strengjakvintettinn, sem fluttur verður, er eftir Johannes Brahms, í C-dúr, op. 111. Eins og Mozart notar Brahms tvær víólur í strengjakvintettinum, gagnstætt Schubert. Kvintettinn var saminn og frumfluttur árið 1890.

Flytjendur, sem allir eru í Sinfóníuhljómsveit Íslands eru: Ari Þór Vilhjálmsson, Una Sveinbjarnardóttir, Zbigniew Dubik, Þórunn Ósk Marínósdóttir, Jónína Auður Hilmarsdóttir, Bryndís Halla Gylfadóttir og Sigurður Bjarki Gunnarsson. Tónleikarnir á sunnudagskvöld hefjast klukkan 19.30.



**KAMMERMÚSÍKKLÚBBURINN** Hluti Kammermúsíkklúbbsins sem flytur strengjakvintetta eftir Schubert og Brahms næstkomandi sunnudag.






Bók ★★★☆☆

**Magnús Orri Schram**

Við stöndum á tímamótum

## Leiðarvísir til hægri




Bók þingmannsins Magnúsar Orra Schram, „Við stöndum á tímamótum“, er ekki allsherjarstefnuyfirlýsing um hverjar hugsjónir hans og áherslur eru í öllum helstu málaflokkum. Viðfangsefni bókarinnar er takmarkað við efnahagsmál og viðskiptalíf. Bókin er vel skrifuð, vel rannsökuð og ágætt, en yfirborðskennt, sagnfræðilegt yfirlit yfir þá tíma sem við höfum lifað undanfarin ár.

Það er hins vegar fátt í sýn Magnúsar Orra sem kemur á óvart. Hann vill leggja áherslu á nýsköpun, markaðssetningu á hreinleika Íslands, klasamyndun, ferðaþjónustu og „stækkun kökunnar“. Og hann vill að skattkerfið verði notað sem hvati. Þá á Magnús Orri beitta spretti í gagnrýni sinni á íslenskan vörugjaldastrúktúr, meðal annars með dæmi um að brauðristir beri engin vörugjöld en samlokugrill 20 prósent. „Þannig virðist það skipta hið opinbera máli hvort brauðið sé ristað lóðrétt eða lárétt,“ segir Magnús Orri. En allt þetta er eins og hráefnalýsing á stöðluðum alþjóðasinnuðum og frjálslyndum jafnaðarmanni.

Afstaða Magnúsar Orra til erlendrar fjárfestingar vekur athygli, sérstaklega vegna þess að hann hnýtir í sitjandi ríkisstjórn með því að tiltaka að erlendir fjárfestar telji „stjórnmálalega áhættu“ vera til staðar á Íslandi. Það er hárétt hjá honum, og ástæðuna er meðal annars að finna í meðförum ríkisstjórnarinnar á Magma-málinu svokallaða og fyrirhugaðri fjárfestingu Huangs Nubo.

Í efnahagsmálum er stefna Magnúsar Orra skýr; aðild að Evrópusambandinu og upptaka evru mun skapa þann ramma sem ákjósanlegastur er fyrir einstaklinga og fyrirtæki til langs tíma. Fyrir þessu færir hann öll klassísk rök Evrópusinna og telur upp þær heimatilbúnu hindranir og vankanta sem fylgja þeirri tvöföldu haftakrónu sem við búum við í dag.

Augljóst er af lestri bókarinnar að Magnús Orri vill frekar sitja í markaðssinnaðri ríkisstjórn sem leggur áherslu á hagvöxt, einfaldara tekjuöflunarkerfi og atvinnuuppbyggingu en sú ríkisstjórn sem flokkur hans á aðild að í dag. Í lok bókarinnar lýsir hann þeirri skoðun sinni að Samfylkingin sé of mikið til vinstri. Tækifæri liggi í því að Sjálfstæðisflokkurinn hafi gefist upp á því verkefni að vera hægri flokkur landsins og „eftirláti okkur jafnaðarmönnum að vera flokkur atvinnulífs og verðmætasköpunar á Íslandi“. Ekki er víst að þessi málflutningur fari vel ofan í marga hefðbundna jafnaðarmenn með rætur í verkalýðshreyfingunni.

Vandamál bókarinnar felast í því að hún er bók. Alls er hún 137 blaðsíður en setja hefði mátt fram þær áherslur sem Magnús Orri setur fram á 20 blaðsíðum með knappari texta og minni moðreyk. Hann endurtekur í sífellu sömu röksemdafærslurnar, oft í löngu máli. Mögulega hefði Magnús Orri getað sett fram þessa sýn sína í áðurnefndum málaflokkum með mun meitlaðri og skýrari hætti í greinaflokki sem myndi birtast í fjölmiðlum og síðar án endurgjalds á netinu. Þannig myndi hann líklegast líka ná til fleiri en með því að selja hana á rúmlega þrjú þúsund krónur í bókabúð.

**Þórður Snær Júlíusson**

**Niðurstaða:** Vel skrifuð og rannsökuð bók sem tíundar klassískar röksemdafærslur hægri krata. Textinn hefði mátt vera knappari og moðreykurinn minni.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 18. október 2012**

### Námskeið

**09.00** Umboðsmaður barna stendur fyrir námskeiði um innleiðingu Barnasáttmálans. Fyrirlesari er Hjördís Eva Þórðardóttir, meistaranemi í mannréttindum barna við Háskólann í Stokkhólmi. Námskeiðið er haldið í Norræna húsinu og aðgangur er ókeypis. Skráning er á netfanginu ub@barn.is.

### Umræður

**20.00** Efnt verður til umræðna um menningararf og hönnun í Listasafni Reykjavíkur. Í pallborði verða fræðingar og hönnuðir af sviði þjóðfræði, lögfræði, viðskiptafræði, vöru- og fatahönnunar. Aðgangur er ókeypis.

**20.00** Umræðufundur með Christopher Vasey og Christof Leuze um ávinning og áhættu af jákvæði hugsun verður haldinn á Radisson Blue Saga Hotel við Hagatorg. Erindið verður flutt á ensku og aðgangseyrir er kr. 500.

### Kvikmyndir

**17.00** Konfúsíusarstofnunin Norðurljós sýnir kvikmyndina Rauð dúrra í stofu 201 á Háskólatorgi. Myndin er eftir Zhang Yimou og er frá árinu 1987. Aðgangur er ókeypis.

### Tónlist

**20.00** Kirkjukór Lágafellssóknar blæs til tónleika í Lágafellskirkju. Minnst er 110 ára afmælis Halldórs Laxness. Aðgangur er ókeypis.

**21.00** Hljómsveitirnar Why Not Jack og Mercy Buckets leiða saman hesta sína á Ellefunni. Aðgangur er ókeypis.



**22.00** Rusty Anderson, aðalgítarleikari Bítilsins Sir Paul McCartney síðastliðin ellefu ár, verður með tónleika í Austurbæ. Miðaverð er kr. 3.000.

### Leiðsögn



**20.00** Myndlistarmaðurinn Sigurður Árni Sigurðsson tekur þátt í leiðsögn og ræðir við gesti um verk sín á sýningunni SKIA í Hafnarborg.

### Fyrirlestrar

**12.05** Dr. Kirsten Hastrup, prófessor í mannfræði við Kaupmannahafnarháskóla og forstöðumaður Waterworlds - Center for anthropological climate research flytur hádegisfyrirlestur í Reykjavíkurakademíunni. Fyrirlesturinn fjallar um mataröryggi á norðurslóðum og fer hann fram á ensku. Aðgangur er ókeypis.

**20.00** Kvenfélag Langholtssóknar, Konur í Langholti, efna til fyrirlestrar í safnaðarheimili Langholtskirkju. Hjálmar W. Hannesson sendiherra og fulltrúi Íslands í norðurslóðamálum talar um stefnu Íslands í norðurslóðamálum. Kaffiveitingar í hléi.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**




# Sumarliði fullur af Íslandi

Sumarliði Ísleifsson sagnfræðingur leiðir á sunnudag gesti um sýninguna Ölvuð af Íslandi sem nú stendur yfir í Listasafni Íslands við Tjörnina.

Sýningin er byggð á samnefndu þjóðarátaki í kjölfar eldgossins í Eyjafjallajökli, þar sem Ísland var kynnt sem náttúruleg paradís. Sýningunni er lýst sem „tilraun til að kafa ofan í hið rómantíska Ísland, sem er betur þekkt fyrir ómálga eldfjallanáttúru en frásagnarhefð sína".

Sumarliði Ísleifsson hefur einkum unnið að rannsóknum á hugmyndasögu og íslenskri sögu 20. aldar. Helstu verk hans varða rannsóknir á ímyndum Íslands og er bók hans, Ísland framandi land, kunnasta verk hans á því sviði. Jafnframt hefur hann ritað fjölda greina um þetta efni í innlend og erlend rit ásamt bókum og greinum um sagnfræðileg efni.

Leiðsögnin á sunnudag hefst klukkan 14.



**SUMARLIÐI ÍSLEIFSSON** Leiðir gesti um sýninguna Ölvuð af Íslandi í Listasafni ASÍ á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






tonlist@frettabladid.is



**RETRO STEFSON með Retro Stefson er plata vikunnar ★★★★**

*„Sjömenningarnir í Retro Stefson með flott framhald síðustu plötu.“* - TJ



## TÓNNINN GEFINN

**Trausti Júlíusson**

# Aftur Swans í Reykjavík

Þó að Iceland Airwaves-hátíðin snúist fyrst og fremst um unga og upprennandi tónlistarmenn þá koma alltaf einhverjir eldri listamenn líka. í fyrra kom Sinéad O'Connor og í ár er það bandaríska hljómsveitin Swans. Swans var stofnuð í New York árið 1982 af Michael Gira sem alltaf hefur verið aðalforsprakki hennar. Hún var upphaflega hluti af



No Wave-senu borgarinnar. Swans starfaði í fyrstu atrennu til ársins 1997. Mannabreytingar voru talsverðar. Tónlistin var nokkuð fjölbreytt, en þekktust er sveitin samt fyrir gríðarlega kraftmikla og aðgangsharða tónlist, háværa, en blæbrigðaríka.

Á þessu 15 ára skeiði gaf Swans út 10 plötur. Einna hæst reis hún á plötunum Holy Money (1986) og Children of God (1987), en í nóvember ‘87 kom hún einmitt til Reykjavíkur og spilaði ásamt Sykurmolunum og S/H Draum í MH. Þeir tónleikar þóttu magnaðir, en ég sá þá reyndar ekki. Var ekki á landinu.

Fyrir tveimur árum endurreisti Gira sveitina og síðan er hún búin að senda frá sér tvær plötur. Sú nýrri kom út í vor og er tvöföld, The Seer. Hún hefur fengið mjög góða dóma, enda geysilega sterk plata sem nær hámarki í hálftímalöngu titillaginu. Samkvæmt fínu viðtali sem Rebecca Louder tók við Gira fyrir Grapevine þá spila Swans yfirleitt í tvo tíma og taka þá svona sex lög. Gira segist gera ráð fyrir að spila þrjú lög á klukkutímanum sem hljómsveitin fær úthlutað á Airwaves. Aðdáendur geta samt látið sig dreyma um lengri tónleika þar sem Swans eru síðastir á svið í Norðurljósasalnum í Hörpu á fimmtudagskvöldinu.

## Í SPILARANUM



Cody Chesnutt - **Landing on a Hundred**



Kontinuum - **Earth Blood Magic**



Epic Rain - **Elegy**


VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA Á!

TILBOÐ



34.900 m/vsk

Fullt verð 44.900

IBTTCAD0101

VINNUBORÐ Á HJÓLUM

Með skúffu og tveimur hillum.
Toptul verkfærabakkar passa í skúffuna.
Létt, sterkt og liðugt borð
Stærð 690 x 470 x 815 mm

www.sindri.is / sími 575 0000 SINDRI

Viðarhöfða 6 - Reykjavík Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði




**KOMIN TIL AÐ VERA** Bat For Lashes, hugarfóstur Natöshu Khan, hefur gefið út sína þriðju plötu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Berstrípuð og tilgerðarlaus

**Bat For Lashes hefur gefið út sína þriðju plötu, The Haunted Man. Gagnrýnendur eru sammála um að þar sé á ferðinni gæðagripur.**

Þriðja plata Bat For Lashes, The Haunted Man, er nýkomin út. Þrjú ár eru liðin síðan Two Suns leit dagsins ljós og hafa aðdáendur víða um heim beðið spenntir eftir næsta útspili.

Hljómsveitin er hugarfóstur Natöshu Khan sem verður 33 ára í næstu viku. Faðir hennar er pakistanskur en móðirin ensk. Fyrstu stóru tónleikar Bat For Lashes í London voru árið 2005 þegar hún hitaði upp fyrir CocoRosie á tónleikastaðnum Scala. Ári síðar steig hún á svið sem aðalnúmerið á Scala og á meðal gesta í salnum voru Björk, Nellee Hooper og Brett Anderson úr Suede. Í hópi annarra aðdáenda hennar eru Devendra Banhart, Jarvis Cocker, M.I.A. og Thom Yorke.

Árið 2006 kom út fyrsta plata Bat For Lashes, Fur and Gold, þar sem seiðandi og myrk popptónlistin hitti í mark. Gagnrýnendur hrifust með og hlaut platan tilnefningu til hinna virtu Mercury-verðlauna. Bjartara var yfir næstu útgáfu, Two Suns, sem kom út þremur árum síðar og náði hún fimmta sæti á breska breiðskífulistanum. Þar voru rafpælingarnar orðnar meira áberandi en áður. Sú var einnig tilnefnd til Mercury-verðlaunanna og greinilegt að þarna var komin tónlistarkona í fremstu röð. Eitt lag af plötunni, Daniel, tryggði Nathöshu Ivor Novello-verðlaunin í Bretlandi sem eru einnig mikils metin.

Aðrar hljómsveitir og tónlistarmenn fóru að gefa Bat For Lashes gaum og Khan fór í tónleikaferð með Coldplay árið 2010. Hún samdi lag með Beck fyrir Twilight-myndina Eclipse og söng lagið Strangelove eftir Depeche Mode í herferð á vegum tískurisans Gucci.

The Haunted Man þykir vel heppnuð og fær Khan hrós fyrir að fylgja Two Suns vel á eftir með vandaðri plötu og sanna í leiðinni að Bat For Lashes er komin til að vera. Hún fær fjórar stjörnur í Q, Mojo og The Guardian, þrjár í The Independent og The Observer í Bretlandi, 8 af 10 hjá NME og 7 af 10 hjá Uncut.

freyr@frettabladid.is

## ÖGRANDI OG ÓVENJULEGT PLÖTUUMSLAG

Umslag nýju plötunnar er bæði ögrandi og óvenjulegt. Þar situr Khan fyrir allsnakin með nakinn karlmann vafinn utan um sig. „Mig langaði að strípa mig algjörlega niður og heiðra konur eins og Patti Smith sem eru lausar við alla tilgerð og eru heiðarlegar,“ sagði hún í viðtali við NME.




## LAGALISTINN

Vikuna 27. september - 3. október 2012

| Sæti | | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Retro Stefson | Glow |
| ▲ | 2 | Mumford & Sons | I Will Wait |
| ▶ | 3 | Valdimar | Sýn |
| ▼ | 4 | Muse | Madness |
| ▶ | 5 | Ásgeir Trausti | Leyndarmál |
| ▶ | 6 | Ragnar Bjarnason / Jón Jónsson | Froðan |
| ▶ | 7 | Magni | Augnablik |
| ▲ | 8 | Pink | Blow Me |
| ▲ | 9 | Ásgeir Trausti | Dýrð í dauðaþögn |
| ▲ | 10 | Maroon 5 | One More Night |

## TÓNLISTINN

Vikuna 27. september - 3. október 2012

| Sæti | | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Ásgeir Trausti | Dýrð í dauðaþögn |
| ▲ | 2 | Retro Stefson | Retro Stefson |
| ▲ | 3 | Of Monsters and Men | My Head Is an Animal |
| ▼ | 4 | Stuðmenn | Astralterta |
| ✱ | 5 | Úr kvikmynd | Ávaxtakarfan |
| ▲ | 6 | Mannakorn | Í blómabrekkunni |
| ▼ | 7 | Muse | The 2nd Law |
| ▲ | 8 | Úr leikritum | Thorbj. Egner: Gömlu góðu leikritin |
| ▼ | 9 | Moses Hightower | Önnur Mósebók |
| ✱ | 10 | Úr leikriti | Dýrin í Hálsaskógi |

**Skýringar:**
▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is



Björgvin Halldórsson • Bubbi Morthens • Diddú • Egill Ólafsson • Eiríkur Hauksson • Gissur Páll • Helgi Björnsson
Ragnhildur Gísladóttir • Sigríður Thorlacius • Svala Björgvins • Valdimar Guðmundsson • Þórunn Antonía
Góa og Fjarðarkaup kynna með stolti
Jólagestir Björgvins 2012
15. DESEMBER Í HÖLLINNI
7 DAGAR Í MIÐASÖLU!
Við komum með jólin til þín
Jólastjarnan 2012
Söngkeppni fyrir 16 ára og yngri sem sló í gegn í fyrra þegar 400 krakkar skráðu sig til leiks.
Sigurvegarinn í ár kemur fram á tónleikunum 15. desember og ný hljómplata með þeim 10 sem komast í úrslit verður gefin út fyrir þessi jól.
Skráning er hafin á visir.is/jolastjarnan
Fylgstu með í Íslandi í dag á Stöð 2
MIÐASALA HEFST
25. OKTÓBER KL. 10
Póstlistaforsala fer fram daginn áður
Stórsveit Jólagesta
undir stjórn Þóris Baldurssonar
Meðlimir úr Sinfóníuhljómsveit Íslands
undir stjórn Roland Hartwell
Karlakórinn Þrestir
undir stjórn Jóns Kristins Cortez
Gospelkór Óskars Einarssonar
Barnakór Kársnesskóla
undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur
Góa Stofnað 1968
FK FJARÐARKAUP
Miðasala á Miði.is og í síma 540-9800.
Skráðu þig á póstlistann okkar á www.jolagestir.is.
sena

# bíó

bio@frettabladid.is



**DE NIRO LEITAR AÐ ÍBÚÐ** Stórleikarinn Robert De Niro er að leita sér að nýju heimili til að leigja eftir að íbúðin hans á Manhattan brann í sumar. Talið er að það taki þrjú ár að lagfæra íbúðina.

## Tilgangslaust verk

Leikarinn Hugo Weaving var rödd illa vélmennisins Megatron í Transformers-kvikmyndum leikstjórans Michaels Bay. Weaving segir verkefnið tilgangslaust og að það hafi aðeins tekið hann tvær klukkustundir.

Weaving er þekktastur fyrir hlutverk sitt sem Agent Smith í Matrix-þríleiknum og sem álfurinn Elrond í Lord of the Rings. Hann segir verkefnið fyrir Bay ekki hafa skilið mikið eftir sig. „Þetta var skrítið verkefni og tók aðeins tvær klukkustundir. Ég sé ekki eftir því að hafa tekið það að mér, en ég tek sjaldan að mér verkefni sem mér þykja tilgangslaus. Og þetta var slíkt verkefni. Ég meina það ekki á vondan hátt, þetta var einföld talsetning sem ég tók að mér samhliða öðrum verkefnum,“ sagði leikarinn sem átti aðeins í samskiptum við leikstjórann í gegnum Skype eða síma.



**TILGANGSLAUST VERKEFNI** Leikaranum Hugo Weaving þótti hlutverk sitt í Transformers tilgangslaust.
NORDICPHOTOS/GETTY



**SKYFALL** Daniel Craig í hlutverki 007 í nýju Bond-myndinni.

## Bond fær góða dóma

Nýjasta Bond-myndin, Skyfall, hefur fengið mjög góða dóma hjá gagnrýnendum beggja vegna Atlantshafsins. Gagnrýnandi The Independent segir að um eina bestu Bond-myndina sé að ræða og blaðamaður The Times er einnig mjög heillaður og segir hana frábært afturhvarf til sígildu Bond-myndanna. Leikstjórinn Sam Mendes og Javier Bardem í hlutverki illmennisins fá einnig hrós fyrir vel unnið verk. Gagnrýnandi The Hollywood Reporter er einnig í skýjunum og segist strax vera farinn að bíða eftir næstu Bond-mynd.






**FRÁBÆRIR LEIKARAR** Meryl Streep og Tommy Lee Jones sýna stórleik í myndinni Hope Springs sem frumsýnd verður annað kvöld.

## Gott handrit, frábær leikur

**Kvikmyndin Hope Springs er frumsýnd annað kvöld. Myndin skartar gæðaleikurunum Meryl Streep og Tommy Lee Jones í aðalhlutverkum. Gamanleikarinn Steve Carell fer einnig með hlutverk í myndinni.**

### NÆSTA MYNDIN UM PAUL POTTS

Næsta kvikmynd leikstjórans David Frankel nefnist One Chance og segir sögu söngvarans Pauls Potts. Potts er Íslendingum vel kunnugur en hann hefur meðal annars komið fram á Jólatónleikum Björgvins Halldórssonar. Potts vann sem símasölumaður þegar hann ákvað að láta reyna á gæfuna og tók þátt í sjónvarpsþáttunum Britain's Got Talent árið 2007 og sigraði í keppninni. Frumsýningardagur myndarinnar um Potts hefur enn ekki verið tilkynntur.



Hjónin Kay og Arnold Soames hafa verið gift í rúm þrjátíu ár og uppgötva dag einn að ástríðan er ekki lengur til staðar í sambandi þeirra. Dag einn tilkynnir Kay manni sínum að hún hafi bókað þau í hjónabandsráðgjöf hjá sálfræðingi einum í bænum Hope Springs. Í fyrstu er Arnold mótfallinn hugmyndinni og þvertekur fyrir að taka þátt í tímunum með konu sinni, en lætur loks undan eftir nokkurt tiltal. Sálfræðingurinn spyr hjónin nærgöngulla spurninga og fær þau til að taka á vandamálum sínum og um leið reyna að kynda upp í sambandinu sem hafði orðið hvunndagslífinu að bráð.

Kvikmyndin þykir bæði draga upp gamansama en um leið raunsanna mynd af hjónabandi tveggja einstaklinga sem í tímans rás hafa fest í viðjum vanans. Handritshöfundur myndarinnar, Vanessa Taylor, er einungis 34 ára gömul og hefur áður starfað við handritaskrif sjónvarpsþátta á borð við Game of Thrones, Gideon's Crossing, Alias, Cupid og lögregluþættina Jack & Bobby. Handritið þykir sérstaklega vel skrifað og hafa aðalleikararnir, Meryl Streep og Tommy Lee Jones, fengið hrós fyrir leik sinn í myndinni.

Leikstjóri myndarinnar, David Frankel, hefur áður leikstýrt kvikmyndunum The Devil Wears Prada, sem skartaði einmitt Meryl Streep í aðalhlutverki, Marley & Me og The Big Year. Hann hlaut meðal annars Emmy-verðlaunin árið 2004 fyrir framúrskarandi leikstjórn á gamanþætti fyrir Entourage-sjónvarpsþættina.

Kvikmyndin hefur víðast fengið góðar móttökur og hlýtur 74 prósent frá gagnrýnendum vefsíðunnar Rottentomatoes.com. Roger Ebert gefur myndinni þrjár stjörnur og segir handritið gott en ekki frábært. Gagnrýnendur eru sammála um að Jones sýni stórleik í Hope Springs en um Streep segir Ebert: „Það er ekki mikið hægt að segja um Streep sem ekki hefur verið sagt áður. Hún á sér enga líka.“

## Samansaumaður uppvakningahundur

Þessi teiknimynd frá Disney, í leikstjórn hins óviðjafnanlega Tims Burton, er auk Hope Springs frumsýnd í kvikmyndahúsum landsins um helgina.

Myndin fjallar um hinn unga Victor sem á erfitt með að sætta sig við missinn þegar hundurinn hans og besti vinur, Sparky, deyr. Hann tekur því til sinna ráða og nær með hjálp vísindanna að lífga hundinn aftur við. Útkoman var þó ekki jafn góð og hann hafði vonast til því hundurinn reynist ekki alveg jafn hjartahlýr og kelinn í hinu nýja lífi. Auk þess hefur hann tekið smávegis útlitsbreytingum í kjölfar lífgjafarinnar og er allur samansaumaður. Fyrst um sinn nær Victor að fela hundinn fyrir umheiminum en þegar hann svo sleppur út er voðinn vís.

Það er engin önnur en Winona Ryder sem ljáir einu aðalhlutverkinu í myndinni rödd sína, en þau Burton eru ekki alls ókunnug. Segja má að Burton hafi komið leikkonunni á kortið, því hennar fyrsta alvöru hlutverk var í mynd hans Beetlejuice árið 1988, þá aðeins 17 ára gömul. Með önnur aðalhlutverk fara Charlie Tahan sem ljáir hinum unga Victor rödd sína og þau Catherine O'Hara og Martin Short sem túlka persónur herra og frú Frankenstein. Myndin er öll í svarthvítu og er sýnd í 3D.

- trs



**BESTU VINIR** Þegar besti vinur Victors, hundurinn Sparky, deyr tekur hann til sinna ráða og lífgar hann aftur við. Það hefur þó sínar afleiðingar.


GAGNAVEITA
REYKJAVÍKUR
HÁTEIGSVEGUR, REYKJAVÍK
EIN HRAÐASTA
GATA Í HEIMI
LJÓSLEIÐARI
- 100 Mb/sek. í báðar áttir - á sama tíma!
- Ekkert „allt að". Bara alltaf hámarkshraði.
- Öflugasta fjarskiptatenging sem býðst.
HEFÐBUNDIN SÍMALÍNA (t.d. ADSL og Ljósnet)
- Miklu hægari tenging frá húsi en að.
- Ennþá hægari tenging ef langt er í símstöð.
- Byggir á gamalli tækni og kopartengingu.
ÞÚ FINNUR MUNINN
ÞEGAR ÞÚ FÆRÐ ÞÉR LJÓSLEIÐARA
Hvers vegna ættir þú að sætta þig við gamla og hægvirka símalínu ef hægt er að fá síma, net og sjónvarp gegnum ljósleiðara á hámarkshraða á sama verði?
Býrð þú við eina hröðustu götu í heimi?
Kynntu þér málið á www.ljosleidarinn.is
LJÓSLEIÐARINN



5 **ÁR ERU SÍÐAN BRESKA FYRIRSÆTAN** Agyness Deyn var valin fyrirsæta ársins í Bretlandi en hún hefur nú ákveðið að leggja fyrirsætuferilinn á hilluna og gerast leikkona. Deyn giftist leikaranum Giovanni Ribisi í sumar.



NORDICPHOTOS/GETTY

**SAMBAND** Litlu hlutirnir geta gert ótrúlega mikið fyrir nánd.

# *Ekki kynlífslaust samband*

**?** Ég á frábæra og fallega kærustu. Höfum verið saman í 3 ár núna. Fyrstu tvö árin stunduðum við reglulega kynlíf sem við höfðum bæði ánægju af. Síðasta árið hefur kærastan mín verið í afar krefjandi námi þar sem er mikið álag. Við höfum varla stundað kynlíf á þessu ári, kannski á 5-6 vikna fresti, og þá hefur þetta verið afar klaufalegt kynlíf eins og við séum dottin úr æfingu. Hefur endað með of bráðu sáðláti innan mínútu eða að hún biðji mig um að hætta eftir nokkrar mínútur því hún finnur fyrir óþægindum. Hún segir að kynlöngunin hafi farið um leið og hún byrjaði í náminu því hún er svo stressuð og á þetta hug hennar allan og vill ekkert um þetta ræða. Ég er búinn að reyna allt, bæði með að „tæla“ hana með öllum hugsanlegum ráðum, sýna henni skilning og algjörlega láta hana í friði með von um að eitthvað frumkvæði komi frá henni, en það kemur ekkert. Þetta er farið að angra mig mikið og valda mér áhyggjum. Mér finnst kynlífslaust samband ekki heillandi, það vantar klárlega eitthvað, en ég færi aldrei að hætta með henni út af þessu samt sem áður því ég elska hana afar mikið. Er eitthvað sem þú getur ráðlagt mér að gera?

**SVAR** Þar sem þetta er farið að valda þér áhyggjum þá þurfið þið að ræða saman. Þó þú reynir að sýna henni tillitsemi með því að láta hana vera þá er kynlíf mikilvægur þáttur í flestum samböndum og því mikilvægt fyrir ykkur að leysa þetta í sameiningu. Nú veit ég að skólar fara í frí við og við, hafa þau tímabil einhverju breytt í ykkar kynlífsfasa? Streita getur deyft kynlöngun en einnig haft slæm áhrif almennt á líðan og lundarfar og því gæti verið gott fyrir kærustu þína að reyna að finna ráð við að minnka álagið, eða finna leið til að stjórna því betur. Fullnæging er frábær leið til streitulosunar og hana má fá með fleiri leiðum en samförum. En hvað er með sársaukann sem hún finnur fyrir? Þetta mætti skoða nánar og gæti verið merki eitthvað læknisfræðilegt ástand eða að hún sé ekki nægjanlega kynferðislega æst, sérstaklega ef hún nær ekki að slaka á fyrir kelerí og er ekki með hausinn við verknaðinn. Þetta er líka spurning um nána snertingu. Sýnið þið hvort öðru almennt alúð? Kyssist þið jafnt og þétt yfir daginn? Strjúkið þið hvort öðru og faðmist? Þessir litlu hlutir geta gert ótrúlega mikið fyrir nánd innan sambands, sérstaklega á álagstímum þegar tími og löngun í kynlíf er af skornum skammti. Mikilvægast er að þið talið saman, opinskátt og hreinskilnislega, og finnið lausn á þessu saman.

**KYNLÍF: TAKTU ÞÁTT!**
Sendu **Siggu Dögg** póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is





**KVEF OG HÓSTI** Nú liggja margir landsmenn heima með kvef eða flensu. Flestir kunna þó einhver húsráð til að vinna bug á slíkum kvillum.

NORDICPHOTOS/GETTY

# Hvítlaukur og önnur húsráð

**Nú herja hvers kyns pestir á landann og luma margir á gömlum húsráðum og venjum til að vinna bug á þeim. Blaðamaður Fréttablaðsins fékk nokkra einstaklinga til að deila sínum ráðum með lesendum.**

Kristinn Schram þjóðfræðingur segir karla og konur hafa búið yfir ýmsum húsráðum til varnar sjúkdómum og kvillum hér á árum áður. „Ýmis grös sem tínd voru á Jónsmessu voru gjarnan notuð til lækninga, þar á meðal hornblaðka sem þykir góð við kvefi. Í gegnum tíðina hafa grasalæknar einnig lagt til að nota hvítlauk við kvefi og þrálátum hósta. Valhumall og fjallagrös voru svo lengi notuð gegn hósta, nefslími og kvefi,“ segir hann.

sara@frettabladid.is

## ENGIFER ALLRA MEINA BÓT

**Önnur ráð sem virka vel við kvefi og flensu eru:**

- Engifer virkar vel við hósta og kvefi á byrjunarstigi. Hægt er að rífa engiferrót út í súpur eða te en einnig má nota engifer í fótabað fyrir kalda fætur.
- Góður svefn er nauðsynlegur fyrir góða heilsu. Sé fólk vel úthvílt og í góðu jafnvægi er líklegra að það standi af sér kvef og umgangspestir.
- Cayenne-piparte virkar vel gegn kvefi. Hægt er að setja hnífsodd af cayenne-pipar út í heitt vatn og drekka.

HEIMILDIR HEILSUBANKINN.IS





**Gunna Dís**
Þáttastjórnandi Virkra morgna á Rás 2

„Ég fæ rosalega sjaldan kvef, 7, 9, 13. Kannski af því ég set hvítlauk í allan mat. Ef ég finn að ég er að fá hálsbólgu drekk ég heitt vatn með sítrónu og hunangi og það virkar alltaf jafn vel. Það er þó greinilegt að barnið mitt borðar ekki nóg af matnum mínum því hún er heima lasin núna, enda er maturinn á leikskólanum vinsælli en minn.“



**Þorsteinn Guðmundsson**
leikari

„Mér finnst best að skella í sig sterku áfengi og sofa veikindin svo úr sér. Vodki og kók er til dæmis mjög góð blanda og svo er gott að taka verkjalyf með því og fara svo undir sæng. Best er að sofa með tvær sængur svo maður svitni þetta örugglega úr sér. Þegar maður nær svo að brjótast úr vímunni daginn eftir ætti maður að vera orðinn góður.“



**Sunneva Sverrisdóttir**
þáttastjórnandi Tveir plús sex

„Ég set yfirleitt heitt vatn í skál, handklæði yfir hausinn og anda að mér gufunni. Ég reyni líka að borða sterkan mat eins og indverskan mat eða sterka núðlusúpu og drekka te með sítrónu. Þetta eru ráð sem ég hef lært af fjölskyldunni og af eigin reynslu og finnst þau virka mjög vel við veikindum.“



**Jón Ragnar Jónsson**
söngvari og fótboltamaður

„Ég fæ mér oftast heitt vatn með hunangi og engiferrót í veikindum. Stundum sker ég engifer í bita og borða það hrátt, það hreinsar allt. Svo er gott ráð að sofa með handklæði um hálsinn ef maður er kvefaður. Það heldur hita og dregur í sig svitann, sem trefill gerir ekki. Ætli ráð númer eitt sé þó ekki að girða sig vel því ef kuldinn kemst á milli þá er maður í vondum málum.“






**SVEFN FYRIR HEILSUNA** Nægur svefn er góður fyrir heilsuna. NORDICPHOTOS/GETTY

# Góður svefn, góð heilsa

**HEILSA** Í rannsókn sem National Sleep Foundation vann árið 2008 kom í ljós að flestir Bandaríkjamenn sváfu í rúma sex klukkustundir á nóttu, í stað þeirra 7 til 9 tíma sem ráðlagðir eru. Fólk sem fær ónógan svefn upplifir oft:

- Svengd. Fólk sem sefur lítið finnur oft fyrir svengdartilfinningu þrátt fyrir að borða nóg og sækir frekar í feitan mat.
- Erfiðleika með einbeitingu. Fólk sem sefur skemur en sjö tíma á sólarhring á oft í erfiðleikum með einbeitingu, er gleymið og á erfitt með að læra.
- Tíð veikindi. Þeir sem eru oft kvefaðir eða eiga erfitt með að ná sér af kvefi eru líklega ekki að fá nægan svefn. Þeir sem sofa skemur en sjö tíma á nóttu eru þrisvar sinnum líklegri til að smitast af kvefi en þeir sem sofa minnst átta tíma á nóttu.


DEBENHAMS
Endurvektu húð þína með birtu
SHISEIDO
Radiant Lifting Foundation
Teint Liftant Anti-Age
SHISEIDO 140th Anniversary
í Debenhams 18.-24.október
Við kynnum nýjan byltingarkenndan farða sem fjarlægir alla skugga úr andlitinu með birtunni einni saman um leið og hann nærir og lyftir húðinni innan frá. Komdu og sjáðu með eigin augum.
Í tilefni af 140 ára afmæli Shiseido bjóðum við:
• Bio-Performance Super Corrective Serum 50 ml á verði 30 ml. Þú sparar 11.500 kr.
• Bio-Performance A.S.Revitalizing Cream 75 ml á verði 50 ml. Þú sparar 6.700 kr.
Gjöfin þín*
Glæsilegur kaupauki fylgir ef keyptar eru vörur fyrir 7.000 kr. eða meira
Verðmæti gjafarinnar er 13.200,-
18.-24. október
Snyrtitaska sem inniheldur:
• Benefiance hreinsifroðu 30ml og rakavatn 25ml
• Bio-Performance Super Corrective Serum 9ml og Super restoring Cream 7ml
• Lacquer Rouge varalitaprufa í 3 litum, Zen White Heat Edition 1ml
*Á meðan birgðir endast
Finndu okkur á facebook
Gerðu lífið skemmtilegra
DEBENHAMS – Lífstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

SMÁRABÍÓ · HÁSKÓLABÍÓ · TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á midi.is

AUKASÝNING ÖRFÁIR MIÐAR EFTIR!

| SMÁRABÍÓ | GLERAUGU SELD SÉR | 5% |
|---|---|---|
| LOVE IS ALL YOU NEED | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| LOVE IS ALL YOU NEED LÚXUS | KL. 5.30 - 8 | L |
| FUGLABORGIN 3D ÍSL.TAL | KL. 3.30 - 6 | L |
| TAKEN 2 | KL. 5.40 - 8 - 10.10 | 16 |
| TAKEN 2 LÚXUS | KL. 10.30 | 16 |
| DJÚPIÐ | KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 10 |
| DREDD 3D ÓTEXTUÐ | KL. 10.20 | 16 |
| ÁVAXTAKARFAN | KL. 3.30 | L |
| THE EXPENDABLES 2 | KL. 8 | 16 |
| ÍSÖLD 4 2D ÍSL.TAL | KL. 3.40 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS 5% | |
|---|---|---|
| LED ZEPPELIN | KL. 8 | L |
| LOVE IS ALL YOU NEED | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| BLÓÐHEFND | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| DJÚPIÐ | KL. 5.50 - 8 - 10.15 | 10 |
| THE DEEP ENSKUR TEXTI | KL. 5.50 | 10 |
| INTOUCHABLES | KL. 5.30 - 10.30 | L |

| BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| SEVEN PSYCHOPATHS | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| BLÓÐHEFND | KL. 6 | 16 |
| DJÚPIÐ | KL. 6 - 8 | 10 |
| TAKEN 2 | KL. 10 | 16 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

SAMBÍÓIN · SAMbio.is

Stórkostleg! Besta löggumynd í mörg ár - Newsweek · Ein besta mynd ársins! - Boxoffice Magazine · 100/100 „Besta mynd Jake Gyllenhaal á ferlinum.“ -R.Ebert Chicago Sun-Times · END OF WATCH · LOOPER

Liam Neeson er mættur aftur! Tvöfalt meiri spenna! TAKEN 2 · Síðasti dagur í Egilshöll · LAWLESS · LEITIN AÐ NEMÓ 3D Með íslensku tali · SAVAGES

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | | |
|---|---|---|---|
| END OF WATCH | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| END OF WATCH Luxus VIP | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | VIP |
| LOOPER | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | 16 |
| SAVAGES | KL. 8 - 10:40 | 2D | 16 |
| LAWLESS | KL. 10 | 2D | 16 |
| THE CAMPAIGN | KL. 6 - 8 | 2D | 12 |
| THE BOURNE LEGACY | KL. 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| STEP UP REVOLUTION | KL. 5:50 | 2D | 7 |
| BRAVE M/ísl. tali | KL. 5:50 | 2D | L |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | | |
|---|---|---|---|
| END OF WATCH | KL. 10 | 2D | 16 |
| TAKEN 2 | KL. 8 | 2D | 16 |
| STEP UP REVOLUTION | KL. 8 | 2D | 7 |
| THE RAVEN | KL. 10:10 | 2D | 16 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | | |
|---|---|---|---|
| END OF WATCH | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| TAKEN 2 | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| LOOPER | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | 16 |
| LAWLESS | KL. 10:20 | 2D | 16 |
| BRAVE M/ísl. tali | KL. 5:40 | 2D | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | | |
|---|---|---|---|
| END OF WATCH | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| LOOPER | KL. 8 - 10:30 | 2D | 16 |
| LAWLESS | KL. 8 - 10:30 | 2D | 16 |
| LEITIN AÐ NEMÓ M/ísl. tali | KL. 5:50 | 3D | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | | |
|---|---|---|---|
| END OF WATCH | KL. 8 | 2D | 16 |
| LOOPER | KL. 10:20 | 2D | 16 |
| FROST | KL. 8 | 2D | 14 |
| THE BABYMAKERS | KL. 10:20 | 2D | 12 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar · LAUGARÁSBÍÓ · www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 · 5%

SEVEN PSYCHOPATHS · GRÍN OG SPENNA Í ANDA TARANTINO · TAKEN 2 · djúpið · FUGLABORGIN ÍSLENSKT TAL

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| SEVEN PSYCHOPATHS | 5.45, 8, 10.20 | 16 |
| TAKEN 2 | 8, 10 | 16 |
| FUGLABORGIN 3D | 6 | L |
| DJÚPIÐ | 6, 8, 10 | 10 |



**ÍSLENSKIR KARLMENN** Stuðmenn í einu af mörgum ógleymanlegum atriðum Með allt á hreinu.

# Afbragðsgóð afmælisterta

Tónlist ★★★★★

**Stuðmenn og Grýlurnar**
Astralterta

**Sena**

Í ár eru liðin 30 ár frá því að kvikmyndin Með allt á hreinu var frumsýnd. Stuðmenn héldu upp á þau tímamót með frábærum tónleikum í Hörpu um daginn. Til að fagna afmælinu er líka komin út Astralterta, þriggja diska viðhafnarútgáfa (þriggja hæða afmælisterta) sem inniheldur myndina sjálfa, plötuna Með allt á hreinu endurhljóðblandaða og 15 laga aukadisk. Á honum eru lög úr myndinni sem ekki voru á plötunni og aðrar upptökur sem tengjast þessari vinsælu kvikmynd og gerð hennar.

Bæði kvikmyndin og platan heppnuðust mjög vel. Stuðmenn duttu niður á einhverja töfrablöndu sem sótti bæði í þjóðlegar hefðir og alþjóðlega strauma og stefnur í popptónlist. Platan náði ekki síður miklum vinsældum heldur en myndin.

Þetta er algjörlega skotheld poppplata. Það eru 14 lög á henni og að minnsta kosti 13 þeirra eru smellir sem hafa marghljómað í útvarpi. Það eru ekki margar íslenskar plötur sem getað státað af slíku. Þessi nýja útgáfa hljómar mjög vel og platan stendur alveg fyrir sínu 30 árum seinna. Það er auðvitað möguleiki á að einhver hafi heyrt þessi lög alveg nógu oft, en sá hinn sami ætti þá að fagna „Gubbinu“, aukaplötunni í Astraltertukassanum. Eins og áður segir eru 15 lög á henni.

Þarna eru lög úr myndinni sem ekki náðu á plötuna, t.d. ÚFÓ, Kynningarlagið, Við erum búnir að meika það og Grýlulagið Valur og jarðaberjamaukið hans (Hvað er að ske?). Þarna eru líka upptökur sem ekki rötuðu í myndina. Þar á meðal eru upprunalegu útgáfurnar af Svaraðu í símann Frímann og Taktu til við að tvista og lögin Í kvöld og Hjalti hörkutól. Það síðastnefnda var seinna endurunnið sem lagið Moscow, Moscow af hljómsveitinni Strax, útrásardeild Stuðmanna. Á plötunni er líka lagið Með allt á hreinu eftir Sigurð Bjólu. Frábært lag sem gleymdist við gerð myndarinnar. Þarna er líka prufuupptakan af Úti í eyjum sem var send Þjóðhátíðarnefnd, en nefndin hafnaði laginu í upphafi.

Þó að þetta sé aukaefni þá eru mörg þessara laga fyrsta flokks og sum ólík öðru í pakkanum, t.d. hið stórgóða rokklag Æði.

Astraltertunni fylgir 36 síðna




bæklingur með söngtextunum, ljósmyndum og stuttum texta um tilurð hvers lags.

Skemmtileg lesning, eins og við var að búast. Um lagið Örlög mín segir t.d. þetta: „Upphaflega samið fyrir Hauk Morthens til að flytja í Með allt á hreinu. Haukur afþakkaði boðið en stakk upp á því að kvikmyndahandritinu yrði gjörbreytt og það látið fjalla alfarið um sigurgöngu Hauks Morthens í Rússlandi. Stuðmenn afþökkuðu pent.“
Á heildina litið er þetta hreint frábær pakki. Tvær plötur með þessari sígildu og fjölbreyttu popptónlist og kvikmyndin sjálf í kaupbæti! **Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Djúsí terta bökuð af Stuðmönnum og Grýlunum.

LYFJA – Lifið heil · www.lyfja.is

+15% afsláttur Strepsils jarðarberja

Áður: ~~1.299 kr.~~ Nú: 1.099 kr.

Strepsils Jordbær Sukkerfri

Gildir í október 2012.

Lægra verð í Lyfju

ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 61246 09/12

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

VERÐLAUNAMYND SKJALDBORGAR 2012 HREINT HJARTA · ENGLISH SUBTITLES BLÓÐHEFND · ENGLISH SUBTITLES THE NEW HIT FILM FROM BALTASAR KORMÁKUR the deep · SLÓ Í GEGN Á RIFF COMBAT GIRLS STRÍÐSSTELPUR

BÍÓ ★ PARADÍS

FIMMTUDAGUR: HREINT HJARTA 18:00, 20:00 ■ BLÓÐHEFND (16) (ENG. SUBS.) 20:00, 22:00 ■ DJÚPIÐ (ENG. SUBS.) 18:00, 20:00 ■ COMBAT GIRLS (STRÍÐSSTELPUR) 22:00 ■ A SEPARATION 17:30, 22:00 ■ KÓNGAGLENNA (EN KONGELIG AFFÆRE) 21:30 ■ THE STARTUP KIDS 18:00

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn

SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.



Fimm rétta

# DIWALI

hátíðarmatseðill

**4.990** kr.

*5.990 kr. (fös.-lau.)*

*FORRÉTTUR*

**Anarkali Machhli**
*Léttkryddaðar laxabollur með lauk, hvítlauk, chillíi, kúmmíni og ferskum kóríander*

*AÐALRÉTTIR*

**Shikandari Gosht**
*Safaríkt lambafillet, maríneruð í ferskri myntu, tómatmauki, chillíi, fennelfræjum, kúmmíni og kewra-vatni*

*og*

**Murgh Rajasthani**
*Maríneraðar kjúklingalundir með engiferi, hvítlauk, kúmmíni, kardimommum, negul og hvítum pipar.*
*Uppáhald frá eyðimörkinni í Rajasthan*

*og*

**Hyderabadi do Piaza**
*Blómkál og brokkolí eldað með tómatmauki, lauk, chillíi, kóríander og túrmeriki*

*MEÐLÆTI*

**Raitha**
*Heimalöguð jógúrtsósa með gúrkum og kryddblöndu*

*og*

**Basmati-hrísgrjón**

*og*

**Naan-brauð**
*Garlic Naan með hvítlauk, Masala Kulcha með kúmeni, lauk og kóríander*

*EFTIRRÉTTUR*

**Mango Kulfi**
*Indverskur eftirréttur*

# DIWALI – HÁTÍÐ LJÓSSINS

## á Austur-Indíafjelaginu

Indverjum duga ekki færri en fimm dagar til að halda upp á hátíð ljóssins, Diwali, sem nú á hug þeirra og hjörtu. Við hjá Austur-Indíafjelaginu viljum færa örlitla birtu inn í byrjun vetrar og bjóðum því upp á sérstakan fimm rétta Diwali-hátíðarmatseðil frá og með 18. október til 18. nóvember á afar góðu verði: 4.990 kr. virka daga og 5.990 kr. á föstudögum og laugardögum.

***Borðapantanir í síma 552 1630.***



*Chandrika Gunnarsson hjá Austur-Indíafélaginu býður gesti velkomna á Diwali, hátíð ljóssins.*

*Hverfisgata 56, 101 Reykjavík*
*Sími: 552 1630*
*www.austurindia.is*

*Opið:*
*sun.-fim. 18:00 - 22:00*
*fös. og lau. 18:00 - 23:00*

AUSTUR-INDÍAFJELAGIÐ

INDIAN RESTAURANT

# sport

sport@frettabladid.is



**KYLFINGURINN BIRGIR LEIFUR HAFÞÓRSSON** er staddur í Bandaríkjunum þar sem hann reynir að komast inn á PGA-mótaröðina. Birgir tekur þátt í úrtökumóti á fyrsta stigi en komast þarf í gegnum þrjú slík til að komast á mótaröðina. Birgir Leifur er á parinu eftir fyrstu tvo hringina og þarf að leika mun betur næstu daga til þess að komast áfram á næsta úrtökumót.

## ÚRSLIT

### N1-deild karla:

**FH-HK 28-23**

FH - Mörk (skot): Einar Rafn Eiðsson 7/3 (8/3), Bjarki Jónsson 5 (7), Sigurður Ágústsson 5 (7), Ólafur Gústafsson 5 (9), Magnús Óli Magnússon 3 (6), Andri Berg Haraldsson 2 (4), Ragnar Jóhannsson 1 (6),
Varin skot: Daníel Freyr Andrésson 22/1 (45/4, 49%),
Hraðaupphlaup: 6 (Einar Rafn 2, Bjarki 2, Sigurður, Ólafur Gúst.)
Fiskuð víti: 3 ( Sigurður 3)
Utan vallar: 10 mínútur.
HK - Mörk (skot): Atli Karl Bachmann 6 (10), Eyþór Magnússon 5 (12), Bjarki Már Elísson 4/3 (6/4), Daníel Berg Grétarsson 3 (8), Ólafur Víðir Ólafsson 2 (3), Garðar Svansson 2 (5), Vilhelm Gauti Bergsveinsson 1 (3), Leó Snær Pétursson (1), Daníel Örn Einarsson (2),
Varin skot: Arnór Freyr Stefánsson 14 (41/2, 34%), Björn Ingi Friðþjófsson (1/1, 0%),
Hraðaupphlaup: 1 ( Daníel Berg )
Fiskuð víti: 4 (Atli, Bjarki Elís 2, Bjarki Gunnars. )
Utan vallar: 6 mínútur.

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Haukar** | **4** | **3** | **1** | **0** | **108-92** | **7** |
| Akureyri | 4 | 3 | 1 | 0 | 105-90 | 7 |
| **HK** | **5** | **2** | **1** | **2** | **119-118** | **5** |
| FH | 5 | 2 | 1 | 2 | 125-125 | 5 |
| **ÍR** | **4** | **2** | **0** | **2** | **103-110** | **4** |
| Fram | 4 | 1 | 1 | 2 | 99-106 | 3 |
| **Valur** | **4** | **1** | **1** | **2** | **94-97** | **3** |
| Afturelding | 4 | 0 | 0 | 4 | 90-105 | 0 |

### Domino‘s-deild kvenna:

**Snæfell-Grindavík 86-55**

Snæfell: Alda Leif Jónsdóttir 21/5 stoðsendingar, Hildur Sigurðardóttir 18/13 fráköst/7 stoðsendingar, Hildur Björg Kjartansdóttir 17/13 fráköst, Berglind Gunnarsdóttir 14, Helga Hjördís Björgvinsdóttir 5/4 fráköst, Rebekka Rán Karlsdóttir 5, Rósa Indriðadóttir 4/6 fráköst, Aníta Sæþórsdóttir 2, Silja Katrín Davíðsdóttir 0.
Grindavík: Petrúnella Skúladóttir 31/11 fráköst, Harpa Rakel Hallgrímsdóttir 8/7 fráköst, Jeanne Lois Figeroa Sicat 4, Berglind Anna Magnúsdóttir 4, Sandra Ýr Grétarsdóttir 3, Helga Rut Hallgrímsdóttir 3/8 fráköst, Mary Jean Lerry F. Sicat 2, Ingibjörg Yrsa Ellertsdóttir 0, Eyrún Ösp Ottósdóttir 0, Jóhanna Rún Styrmisdóttir 0, Julia Lane Figueroa Sicat 0, Alexandra Mարý Hauksdóttir 0.

**Njarðvík-Keflavík 53-86**

Njarðvík: Lele Hardy 19/16 fráköst/8 stolnir, Salbjörg Sævarsdóttir 10/11 fráköst, Guðlaug Björt Júlíusdóttir 7, Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir 7/5 fráköst, Emelía Ósk Grétarsdóttir 4, Eyrún Líf Sigurðardóttir 2, Ína María Einarsdóttir 2, Aníta Carter Kristmundsdóttir 2, Karolina Chudzik 0, Marín Hrund Magnúsdóttir 0, Erna Hákonardóttir 0, Ásdís Vala Freysdóttir 0.
Keflavík: Pálína Gunnlaugsdóttir 21, Ingunn Embla Kristínardóttir 15/7 fráköst, Sara Rún Hinriksdóttir 15/11 fráköst, Jessica Ann Jenkins 13/8 fráköst, Birna Ingibjörg Valgarðsdóttir 12/8 fráköst, Sandra Lind Þrastardóttir 2/6 fráköst, Telma Lind Ásgeirsdóttir 2, Bryndís Guðmundsdóttir 2, Bríet Sif Hinriksdóttir 2, Aníta Eva Viðarsdóttir 2, Katrín Fríða Jóhannsdóttir 0, Soffía Rún Skúladóttir 0.

**Valur-Haukar 70-68**

Valur: Kristrún Sigurjónsdóttir 22/4 fráköst, Unnur Lára Ásgeirsdóttir 15/9 fráköst, Alberta Auguste 10/12 fráköst/7 stoðsendingar, Guðbjörg Sverrisdóttir 8, Hallveig Jónsdóttir 8, Ragnheiður Benónísdóttir 3, Signý Hermannsdóttir 2, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 2/4 fráköst, Sóllilja Bjarnadóttir 0, María Björnsdóttir 0, Sara Diljá Sigurðardóttir 0, Þórunn Bjarnadóttir 0/7 fráköst.
Haukar: Margrét Rósa Hálfdanardóttir 20/4 fráköst, Gunnhildur Gunnarsdóttir 14/7 fráköst/6 stoðsendingar, Dagbjört Samúelsdóttir 14/4 fráköst, Siarre Evans 12/22 fráköst, María Lind Sigurðardóttir 6, Lovísa Björt Henningsdóttir 2/4 fráköst, Þóra Kristín Jónsdóttir 0, Sólrún Inga Gísladóttir 0, Inga Sif Sigfúsdóttir 0, Auður Íris Ólafsdóttir 0/4 fráköst, Sigrún Elva Reynisdóttir 0.

**Fjölnir-KR 61-75**

Fjölnir: Britney Jones 30, Bergdís Ragnarsdóttir 14/10 fráköst/4 varin skot, Fanney Lind Guðmundsdóttir 7/15 fráköst, Eva María Emilsdóttir 4, Hugrún Eva Valdimarsdóttir 4/4 fráköst, Hrund Jóhannsdóttir 2/8 fráköst, Sigrún Anna Ragnarsdóttir 0, Heiðrún Harpa Ríkharðsdóttir 0, Erna María Sveinsdóttir 0, Erla Sif Kristinsdóttir 0, Dagbjört Helga Eiríksdóttir 0, Birna Eiríksdóttir 0.
KR: Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 23/11 fráköst, Patechia Hartman 20/5 stoðsendingar, Helga Einarsdóttir 14/15 fráköst, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 14/5 fráköst, Björg Guðrún Einarsdóttir 3/4 fráköst, Hafrún Hálfdánardóttir 1, Kristbjörg Pálsdóttir 0, Perla Jóhannsdóttir 0, Hrafnhildur Sif Sævarsdóttir 0, Elín Þóra Helgadóttir 0.

**STAÐAN:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Keflavík | 4 | 4 | 0 | 328-216 | 8 |
| **Snæfell** | **4** | **4** | **0** | **297-221** | **8** |
| Valur | 4 | 3 | 1 | 264-230 | 6 |
| **Njarðvík** | **4** | **2** | **2** | **254-274** | **4** |
| KR | 4 | 2 | 2 | 236-258 | 4 |
| **Haukar** | **4** | **1** | **3** | **249-274** | **2** |
| Fjölnir | 4 | 0 | 4 | 236-304 | 0 |
| **Grindavík** | **4** | **0** | **4** | **218-305** | **0** |



**Í HELJARGREIPUM** FH-ingurinn Einar Rafn Eiðsson hélt hinum öfluga leikmanni HK, Bjarka Má Elíssyni, vel niðri í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# FH að vakna til lífsins

**Vörn FH skellti í lás í seinni hálfleik eftir dapran fyrri hálfleik og FH-ingar tóku öll stigin gegn meisturum HK. Hálfleikirnir hjá FH voru eins og svart og hvítt.**

**HANDBOLTI** FH skellti HK 28-23 í fimmtu umferð N1 deildar karla í gær. HK var tveimur mörkum yfir í hálfleik, 14-12, en FH sýndi sparihliðarnar í seinni hálfleik og vann sannfærandi sigur.

„Við erum algjörlega með stjórn á þessum leik í fyrri hálfleik og gerum það sem okkur langar til. Sóknarlega erum við að opna þá og fá mikið af færum og gera fullt af góðum hlutum. Samt sem áður erum við að gera hluti sem við erum ekki vanir að gera og töpum boltanum í staðinn fyrir að koma okkur í þægilega stöðu fyrir hálfleik,“ sagði Kristinn Guðmundsson, þjálfari HK, í leikslok.

Frábær markvarsla Daníels Freys Andréssonar í marki FH kom í veg fyrir að HK væri með þægilega forystu í hálfleik en hann hélt í raun FH inni í leiknum.

„Við vorum á hælunum í fyrri hálfleik og vorum andlausir þó það sé góð stemning í liðinu. Þessir tveir tapleikir þar sem við töpum á síðustu tíu mínútunum hafa greinilega legið djúpt á mönnum. Menn svöruðu heldur betur í seinni hálfleik og sýndu frábæran karakter. Þeir sýndu það sem ég býst við af þessu liði í hverjum leik,“ sagði Einar Andri Einarsson, þjálfari FH.

Allt annað var að sjá til FH í seinni hálfleik. Vörnin sem var eins og gatasigti í fyrri hálfleik var sem múr og HK fékk varla opið færi. Á sama tíma náði FH mörgum góðum sóknum og hröðum upphlaupum og lagði það grunninn að þessum örugga sigri.

„Við fórum að spila vörn í seinni hálfleik. Þeir réðust utanvert á 6-0 vörnina og komust þar í gegn hvað eftir annað. Sóknarlega vorum við hræddir og menn að passa sig að gera ekki mistök sem boðar ekki gott. Svo mættu menn til leiks í seinni hálfleik,“ sagði Einar Andri sem lét þá staðreynd að FH hafði sogast niður í botnbaráttu með tveimur töpum í röð ekkert trufla sig.

„Við horfum ekkert á töfluna, þetta snýst um spilamennsku og þegar FH spilar á getu þá eigum við að taka töluvert af stigum. Það þýðir ekkert að horfa bara á töfluna og spá ekkert í hvernig liðið er að spila, þetta snýst um hvað við gerum á vellinum,“ sagði Einar Andri.

FH er þar með komið með fimm stig, líkt og HK sem hefur aðeins fengið eitt stig úr þremur síðustu leikjum sínum en liðið lék án Tandra Konráðssonar og Vladimir Djuric auk þess sem Ólafur Víðir Ólafsson gat aðeins leikið fyrstu mínútur leiksins.

„Það hefur ekki verið of mikið að vera án þessara leikmanna. Við getum ekkert beðið eftir að þeir komi og reddi málum, lið byggjast ekki upp á einstaklingum þó það sé gott fyrir breidd. Við höfum haldið út án þessara leikmanna en það klikkar í dag,“ sagði Kristinn.

Breiddin var góð hjá FH, markaskor dreifðist vel á leikmenn liðsins auk þess sem Daníel varði vel. Hjá HK lék Atli Karl Bachmann vel en miklu munaði um að HK náði aldrei að koma Bjarka Má Elíssyni inn í leikinn. - gmi



**GUNNLEIFUR** Fyrirliði FH er að fara í Breiðablik. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Heimir um Gunnleifsmálið:

# FH bauð eins árs samning

**FÓTBOLTI** Heimir Guðjónsson, þjálfari Íslandsmeistara FH, segir að fyrirliði liðsins, Gunnleifur Gunnleifsson, hafi hafnað nýju samningstilboði frá félaginu. Gunnleifur er á leið í Breiðablik þar sem hann mun skrifa undir þriggja ára samning.

„Auðvitað hefðum við viljað hafa Gunnleif áfram. Við vorum tilbúnir að bjóða honum góðan eins árs samning en hann hafði ekki áhuga á því,“ sagði Heimir í samtali við Boltann á X-inu í gær.

„Hefðin hjá FH hefur verið sú að þegar leikmenn ná ákveðnum aldri fá þeir ekki langtímasamninga. Þeir fá bara eitt ár og ef þeir standa sig fá þeir nýjan eins árs samning.“

Heimir segir að Róbert Örn Óskarsson fái nú tækifæri sem aðalmarkvörður FH en að félagið muni einnig líta í kringum sig eftir nýjum markverði. Þegar er byrjað að orða Ingvar Þór Kale, markvörð Blika, við FH en hann á ekki mikla framtíð fyrir sér hjá Kópavogsliðinu þar sem Gunnleifur er á leið þangað.

Óskar Pétursson, markvörður Grindavíkur, hefur einnig verið orðaður við FH en hann mun líklega ekki leika með Grindavík í 1. deildinni næsta sumar. Óskar hefur reyndar einnig verið orðaður við ÍBV.

Ekki náðist í Gunnleif í gær en væntanleg vistaskipti hans í Breiðablik vekja óneitanlega athygli enda er Gunnleifur alinn upp hjá HK og er þekktur sem einn af harðari HK-ingum landsins. - esá

Snæfell og Keflavík enn ósigruð og Valskonur komust á sigurbraut í Domino‘s-deild kvenna:

# Mjög góð tilfinning að skora sigurkörfuna

**KÖRFUBOLTI** Snæfells- og Keflavíkurkonur sitja áfram ósigraðar á toppi Domino‘s-deildar kvenna eftir leiki fjórðu umferðarinnar í gær og Valskonur unnu sinn þriðja leik í röð eftir mikla dramatík í Vodfonehöllinni. KR náði einnig að enda taphrinu sína með sigri í Grafarvogi.

Valskonur unnu tveggja stiga sigur á Haukum, 70-68, í sveiflukenndum leik í Vodafonehöllinni þar sem bæði lið náðu tíu stiga forskoti í fyrri hálfleiknum. Unnur Lára Ásgeirsdóttir skoraði sigurkörfuna 5,7 sekúndum fyrir leikslok og Valsliðið náði að stoppa Haukana í lokin. „Það var mjög góð tilfinning að skora sigurkörfuna. Það er alltaf gott að vinna leikina og það er sérstaklega sætt þegar þetta er svona tæpt,“ sagði Unnur Lára.

„Það vantaði bara herslumuninn. Ég get samt ekkert sett út á okkar leik því við vorum bara óheppnar að klára þetta ekki. Við spiluðum ótrúlega vel og sýndum það að við getum gert ýmislegt. Við ætlum að vera inn í þessari deild í vetur. Við ætlum ekkert að vera neitt aukalið,“ sagði Gunnhildur Gunnarsdóttir sem var besti leikmaður Hauka ásamt Margréti Rósu Hálfdanardóttur.



**GRIMMAR** Bleikar Valsstelpur gáfu Haukunum ekkert eftir og börðumst um hvern einasta bolta í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þetta var ekki leikur bandarísku stelpnanna í liðunum sem hittu illa og það voru því íslensku stelpurnar sem voru í aðalhlutverki í sóknarleiknum. Kristrún Sigurjónsdóttir lék vel fyrir Valsliðið. „Þetta var mjög skrítinn leikur og við vorum bara kannski heppnar að vinna. Við fengum tækifæri til að auka muninn og við vorum klaufar að missa þetta niður í spennuleik.

Við erum ánægðar með að við erum að vinna leikina, þetta er allavega betri byrjun en í fyrra og það er plús,“ sagði Kristrún.

Snæfellskonur unnu sinn annan leik í röð án hinnar bandarísku Kieraah Marlow en eru áfram ósigraðar á toppnum eftir 31 stigs sigur á Grindavík, 86-55, í Kanalausum leik í Hólminum. Reynsluboltarnir Hildur Sigurðardóttir og Alda Leif Jónsdóttir fóru fyrir Snæfellsliðinu.

Keflavík hélt sigurgöngu sinni áfram með 33 stiga sigri á Íslandsmeisturum Njarðvíkur í Ljónagryfjunni, 86-53. Fimm leikmenn liðsins skoruðu á bilinu 12 til 21 stig og breiddin í liðinu er mikil.

Fjölnir er enn án sigurs eins og Grindavík eftir að KR-konur sóttu tvö stig í Grafarvoginn en KR var búið að tapa stórt í tveimur leikjum í röð. - óój

# 50%

## 33-50% afsláttur frá viðmiðunarverði af hágæða fæðubótarefnum

**Aðeins fimmtudag, föstudag og laugardag**

MULTIPOWER




33% 3995.-

NÝ VARA
**BCAA powder 400 g**
Eykur vöðvavöxt. Öflug anabolic amínósýrublanda. Eykur úthald í erfiðum æfingum. Meiri árangur á styttri tíma. Viðmiðunarverð
**kr. 5.995-.**




33% 5995.-

NÝ VARA
**NOxtreme Berry blast 908 g**
Aukin orka, einbeitni og áræðni. Öflug anabolic og ergoenic blanda. Eykur flæði næringarefna og blóðs til vöðva. Viðmiðunarverð
**kr. 8.995**




50% 5995.-

Takmarkað magn
**Professional 100% Whey protein 2,27 g**
Hreint mysuprótein fyrir aukinn vöðvavöxt. Jarðaberja og vanillubragð 75 skammtar. Viðmiðunarverð
**kr. 11.995**




50% 4995.-

Takmarkað magn
**Professional Mass Gainer 3 kg**
600 kal/ pr.skammtur. Mysu,-mjólkur- og eggjaprótein. Frábært bragð 30 skammtar. Viðmiðunarverð
**kr. 9.995**

PhD




50% 2995.-

Takmarkað magn
**PhD Creatine 550 g**
Duft sem eykur orku, úthald og styrk. Viðmiðunarverð
**kr. 5.995.-**




50% 3495.-

Takmarkað magn
**PhD Glutamine 550 g**
Styður vöðvavöxt, eykur upptöku próteins og minnkar vöðvaniðurbrot. Styður ónæmiskerfið og eykur úthald. Nauðsynlegt fyrir alla sem æfa af krafti eða eru í mikilli brennslu. Viðmiðunarverð
**kr. 6.995**




50% 6495.-

Takmarkað magn
**EAS MASS FACTOR 3,7 kg**
Próteinrík byngingarblanda sem eykur vöðvauppbyggingu. Frábært eftir æfingar. - Vanillubragð Viðmiðunarverð
**kr. 12.995**



Maggi Bess
Margfaldur íslandsmeistari í vaxtarækt

allt fyrir kroppinn HREYSTI í 24 ár 1988-2012

allt fyrir kroppinn
**HREYSTI**
Skeifunni 19 - S. 568 1717

SKEIFAN 19 108 REYKJAVÍK SÍMI 568 1717 WWW.HREYSTI.IS OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 10-18 - LAUGARD. 11 - 16



## > Stöð 2 20.10
### Neyðarlínan

***Sigrún Ósk Kristjánsdóttir hefur umsjón með þættinum Neyðarlínan á Stöð 2 í kvöld. Að þessu sinni verður fjallað um barnsfæðingu í bíl í Oddskarði og frásögn af ungum dreng sem kveikti í heima hjá sér.***

# dagskrá

## Í KVÖLD



### When Harry Met Sally
Harry og Sally hittast af og til í gegnum árin af einskærri tilviljun. Þau verða góðir vinir, en hlutirnir flækjast þegar vinskapurinn verður ekki lengur nóg. Þetta er ein dáðasta rómantíska gamanmynd sögunnar.

**Leikstjóri:** Rob Reiner. **Aðalhlutverk:** Billy Crystal, Meg Ryan og Carrie Fisher.

Rotten Tomatoes 91% | IMDb 7,6 | Stöð 2 Bíó 13.45



### Detroit 1-8-7
Spennuþáttaröð þar sem fylgst er með lífi og starfi morðdeildar lögreglunnar í Detroit. Tölurnar 1-8-7 eru vísun í slangur fyrir morð hjá lögreglunni vestanhafs og eiga rætur sínar í hegningarlögum í Kaliforníu.

**Höfundur:** Jason Richman. **Aðalhlutverk:** Michael Imperioli, James McDaniel og Aisha Hinds.

63/100 | IMDb 7,3 | RÚV 22:20



### Strangers With Candy
Gamanmynd um Jerri Blank sem er 46 ára gömul. Hún er fyrrum dópisti og hefur setið í fangelsi en ákveður nú að snúa blaðinu við. Hún heldur því aftur á heimaslóðir og skráir sig aftur í menntaskóla.

**Leikstjóri:** Paul Dinello. **Aðalhlutverk:** Amy Sedaris, Stephen Colbert og Paul Dinello.

Rotten Tomatoes 52% | IMDb 5,9 | Stöð 2 01.55



### James Bond: The Spy Who Loved Me
Tíunda myndin um njósnara hennar hátignar og þriðja mynd Rogers Moore í hlutverkinu. Í myndinni, sem er frá árinu 1977, rannsakar Bond rán á breskum og rússneskum kafbátum sem innihalda kjarnorkuvopn.

**Leikstjóri:** Lewis Gilbert. **Aðalhlutverk:** Roger Moore, Barbara Bach og Curd Jürgens.

Rotten Tomatoes 80% | IMDb 7,1 | Skjáreinn 22.00

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Alltaf að rífast **14.00** Fréttir **14.03** Á tónsviðinu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Ljósa **15.25** Í kvöld um kaffileytið: Ástarsaga Sue og Charles Mingus **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Til allra átta **16.45** Lesandi vikunnar **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.47** Auglýsingar **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Óperukvöld Útvarpsins: Perlukafararnir **21.20** Smásaga: Feður og synir **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperlur: Af hjartans lyst **23.15** Kvika **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**13.45 Hlé**
**15.20 Stjórnarskráin** (4:4) (e)
**15.40 Kiljan** (e)
**16.30 Herstöðvarlíf**(22:23)(Army Wives)
**17.15 Konungsríki Benna og Sóleyjar**
**17.25 Múmínálfarnir**
**17.35 Lóa**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Stundin okkar** (2:31)
**18.25 Dýraspítalinn**(6:10)(Djursjukhuset)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Litla Parísareldhúsið** (2:6) (The Little Paris Kitchen)
**20.35 Andri á flandri - Í Vesturheimi** (3:6) (Nýja Ísland) Andri Freyr og KK flandra um Íslendingabyggðir í Vesturheimi.
**21.15 Sönnunargögn** (5:16) (Body of Proof II) Atriði eru ekki við hæfi barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
➤ **22.20 Detroit 1-8-7** (11:18) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.05 Ljósmóðirin** (2:6) (Call the Midwife) (e)
**00.00 Krabbinn I** (9:13) (The Big C) (e) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**00.30 Kastljós** (e)
**00.55 Fréttir**
**01.05 Dagskrárlok**

## Stöð 2 BÍÓ

**10:55 The Ex**
**12:25 Kapteinn Skögultönn**
➤ **13:45 When Harry Met Sally**
**15:20 The Ex**
**16:50 Kapteinn Skögultönn**
**18:10 When Harry Met Sally**
**19:45 Far and Away**
**22:00 Die Hard II**
**00:05 Seraphim Falls**
**01:55 Far and Away**
**04:10 Die Hard II**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm In The Middle** (15:22)
**08.30 Ellen** (23:170)
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** (8:175)
**10.15 Extreme Makeover: Home Edition** (2:26)
**11.00 White Collar** (3:16)
**11.45 Lie to Me** (17:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Frasier** (6:24)
**13.25 Vegas Vacation** Gamanmynd um Clark Griswold og fjölskyldu hans sem að þessu sinni ætla í gott leyfi til Las Vegas.
**15.15 Barnatími Stöðvar 2**
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen** (24:170)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm In the Middle** (18:22)
**19.45 Modern Family** (18:24)
**20.10 Neyðarlínan** Fylgt er eftir sögum fólks sem hringt hefur í Neyðarlínuna. Símtalið er spilað og talað er við sjúkraflutningamenn, lækna og fórnarlömbin.
**20.45 Revolution** Þættir um heim sem missir allt rafmagn og þarf að læra að komast af án þess. Fimmtán árum eftir að allt rafmagn fór af í heiminum komast menn að því að hægt sé að öðlast það aftur ef fundin er út ástæða rafmagnsleysisins.
**21.30 Fringe** (18:22)
**22.15 Breaking Bad** (7:13) Efnafræðikennarinn og fjölskyldumaðurinn Walter White kemst að því að hann eigi aðeins tvö ár eftir ólifuð. Hann ákveður að tryggja fjárhag fjölskyldu sinnar með því að nýta efnafræðiþekkingu sína og hefja framleiðslu og sölu á eiturlyfjum.
**23.05 Spaugstofan** (4:22)
**23.30 Pressa** (1:6)
**00.15 Homeland** (2:12)
**01.05 Mad Men** (10:13)
➤ **01.55 Strangers With Candy**
**03.20 Smokin' Aces**
**04.45 Vegas Vacation**

## Stöð 2 SPORT *besta sætið*

**18.00 Þýski handboltinn: Flensburg - Lemgo**
**19.30 Meistarad. Evrópu: fréttaþáttur**
**20.00 Evrópudeildin: Panathinaikos - Tottenham**
**21.45 Evrópudeildarmörkin**
**22.35 Spænski boltinn: Barcelona - Real Madrid**

## Stöð 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**18.15 Liverpool - Man. Utd.**
**20.00 Premier League World 2012/13** Skemmtilegur þáttur þar sem stjörnurnar í ensku úrvalsdeildinni eru heimsóttar.
**20.30 PL Classic Matches: Everton - Manchester United, 1995**
**21.00 Being Liverpool** Þáttaröð þar sem áhorfendur fá innsýn í lífið hjá einu frægasta fótboltafélagi veraldar.
**21.45 Premier League Review Show 2012/13**
**22.40 Football League Show 2012/13**
**23.10 Man. City - Arsenal**

## Stöð 2 krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Samsent barnaefni frá Stöð 2.
**08.00 Dóra könnuður**
**08.25 Áfram Diego, áfram!**
**08.50 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 UKI**
**09.05 Stubbarnir**
**09.30 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**09.50 Lukku láki**
**10.15 Stuðboltastelpurnar**
**10.40 Histeria!**
**11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**
**17.00 Ofurhetjusérsveitin**
**17.25 Sorry I've Got No Head**
**17.55 iCarly** (21:45)

## POPP TÍVÍ

**17.05 Simpson-fjölskyldan**
**17.25 Íslenski listinn**
**17.50 Sjáðu**
**18.15 Glee** (2:22)
**19.00 Friends** (2:24)
**19.25 Simpson-fjölskyldan** (5:22) Af mjög langsóttri ástæðu er Simpson-fjölskyldan heimilislaus. Hún sækir því um að fá að taka þátt í sjónvarpsþætti til að ráða bót á vandanum. Í honum mun fjölskyldan lifa eins og tíðkaðist fyrir rúmum 100 árum.
**19.50 How I Met Your Mother** (15:22) (15.22) Dularfull spóla berst Barney frá einni af fjölmörgum fyrrverandi kærustum. Barney horfir á spóluna ásamt vinum sínum og koma ýmis leyndarmál upp á yfirborðið.
**20.15 Game Tíví**
**20.40 Suburgatory** (10:22) Ný gamanþáttaröð um raunir unglingsstúlku sem er ósátt við flutning úr borg í úthverfi, þar sem mannlífið er talsvert ólíkt því sem hún á að venjast.
**21.00 Pretty Little Liars** (10:25)
**21.45 Gossip Girl** (2:22) Sjötta þáttaröðin um líf fordekraða unglinga sem ætti að virðast auðvelt en valdabarátta, metnaður, öfund og fjölskyldu- og ástarlíf þeirra veldur þeim ómældum áhyggjum og safaríkar söguflétturnar verða afar dramatískar.
**22.30 Game Tíví**
**22.55 Suburgatory** (10:22)
**23.20 Pretty Little Liars** (10:25)
**00.05 Gossip Girl** (2:22)
**00.45 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## Stöð 2 GULL

**18.20 Doctors** (50:175)
**19.00 Ellen** (24:170)
**19.40 Logi í beinni**
**20.20 Að hætti Sigga Hall** (9:18)
**20.50 Það var lagið**
**21.50 Ellen** (24:170)
**22.35 Logi í beinni**
**23.15 Að hætti Sigga Hall** (9:18)
**23.45 Það var lagið**
**00.40 Friends** (10:24) (11:24)
**01.30 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Árshátíðarsjónvarp Skólafélags MR**
**12.30 Pepsi MAX tónlist**
**15.10 The Voice** (5:15) (e)
**17.25 Rachael Ray**
**18.10 America's Next Top Model** (8:13) (e)
**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.25 Will & Grace** (11:24) (e)
**19.50 Rules of Engagement** (14:15) Til að undirbúa sig fyrir móðurhlutverkið fer Audrey undarlegar leiðir sem blessuð dúkkan hennar fær að finna fyrir. Jeff er mikið á móti náunganum sem Brenda er að deita.
**20.15 30 Rock** (9:22)
**20.40 House** (5:23)
**21.30 Johnny Naz** (4:6) Johnny NAZ heimsækir sex lönd og dregur fram það besta frá hverju og einu. Í þætti kvöldsins ræður hann sér pólskan aðstoðarmann sem fer með hann um höfuðborg Póllands. Hann hittir fólk frá hinum ýmsu löndum sem ýmist er að fylgjast með Evrópumótinu í fótbolta eða undirbúa sig fyrir endurkomu Jesú Krists.
**22.00 James Bond: Spy Who Loved Me**
➤ **00.05 CSI: Miami** (4:19) (e)
**00.55 Blue Bloods** (4:22) (e)
**01.40 Crash & Burn** (12:13) (e)
**02.25 Everybody Loves Raymond** (18:25) (e)
**02.50 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.00** Frys.com Open 2012 (4:4) **10.00** Golfing World **10.50** Presidents Cup 2011 (3:4) **17.35** Inside the PGA Tour (41:45) **18.00** The McGladrey Classic 2012 (1:4) **21.00** The McGladrey Classic 2012 (1:4) **00.00** ESPN America

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakista **21.30** Perlur úr myndasafni

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 100,5 Kaninn | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




HONDA
The Power of Dreams

2.0i bensínvél
Fjórhjóladrif
Sjálfskiptur
Alcantara og tau innrétting
17" álfelgur
Litað gler í aftari hliðarrúðum og afturrúðu
Rafstýrðir og upphitaðir hliðarspeglar
Þokuljós að framan
Skriðstillir (Cruise Control)
Tvöföld tölvustýrð loftkæling
Fjarlægðarskynjarar (2 x framan, 4 x aftan)
Hljómflutningstæki með geislaspilara og
RDS útvarpi ásamt 4 hátölurum
Aðgerðarhnappar fyrir hljómtæki í stýri
Hemlalæsivörn (ABS)
Stöðugleikabúnaður (VSA)
Stöðugleikabúnaður fyrir tengivagn (TSA)
Tvöfaldir SRS loftpúðar að framan
Tvöfaldir SRS hliðarloftpúðar
Tvöfaldar SRS loftpúðagardínur
og margt fleira.

# CR-V
## COMFORT

Í tilefni af 50 ára afmælisári Bernhard bjóðum við **kr. 300.000** afslátt af öllum nýjum Honda CR-V. Komdu og líttu við og veldu þér þinn CR-V á frábæru afmælisverði. Um takmarkað magn er að ræða.

**var kr. 5.590.000**

**afmælisverð kr. 5.290.000**




www.honda.is

VR 2012

1962 - 2012 50 ára
BERNHARD

Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**Umboðsaðilar:** Reykjanesbær, Bernhard, sími 421 7800 • Akranes, Bílver, sími 431 1985 • Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Grillmarkaðurinn er einn sá besti sem ég hef farið á núna nýlega. Höfnin er líka góður staður og ekki of dýr.“*

David Robertson, annar eigandi Kría Cycles.

# Rúmar tvo tónleikagesti í senn

„Þetta er liður í vetrarherferð Inspired by Iceland, Ísland allt árið. Þar vinnum við með ákveðin þemu og tónlist er eitt þeirra. Við viljum ýta undir vitneskju fólks á íslenskri tónlist og teljum þetta góða leið til þess,“ segir Guðrún Birna Jörgensen, verkefnastjóri Inspired by Iceland hjá Íslandsstofu, um viðburðinn The smallest Iceland Airwaves off-venue. Það sem áður var The Little House of Food verður nú minnsti utandagskrártónleikastaður Iceland Airwaves.

Húsið verður staðsett á Ingólfstorgi á meðan á hátíðinni stendur og rúmar um tvo tónleikagesti í senn. Á meðal þeirra hljómsveita sem troða upp í húsinu eru Tilbury, Hjálmar, Retro Stefson, Valdimar og Ásgeir Trausti. Að sögn Guðrúnar Birnu hafa tónlistarmennirnir þegar skoðað aðstæður og munu stilla sér upp í samræmi við pláss. „Ég efa að allir meðlimir Retro Stefson komist fyrir inni í húsinu, en tónlistarfólkið mun stilla sér upp miðað við plássið og svo taka nokkur lög. Flestir tóku mjög vel í þetta og fleiri vildu vera með en komust að. Það er frábært að sjá hvað íslenskir tónlistarmenn eru viljugir að taka þátt í að kynna íslenska tónlist með okkur.“

> Ég efa að allir meðlimir Retro Stefson komist fyrir inni í húsinu.
>
> GUÐRÚN BIRNA JÖRGENSEN
> VERKEFNASTJÓRI INSPIRED BY ICELAND HJÁ ÍSLANDSSTOFU

Þátttaka tónleikagesta er á tvo vegu segir Guðrún Birna; annars vegar er erlendum blaðamönnum boðið á einkatónleika og hins vegar geta erlendir ferðamenn tekið þátt í leik á samfélagsmiðlinum Facebook og unnið pláss á tónleikum. - sm



**MINNSTI TÓNLEIKASTAÐURINN** Íslandsstofa og Inspired by Iceland bjóða upp á minnsta utandagskrártónleikastað Iceland Airwaves. Guðrún Birna Jörgensen sér um framkvæmd verkefnisins.


HÚSEIGN Fasteignamiðlun



Baldvin Ómar Lögg. fasteignasali

OPIÐ HÚS – Súluhólar 2

HÚSEIGN KYNNIR,

Opið hús fimmtudag 18. okt 2012 kl. 17.30-18.00 að Súluhólum 2, Reykjavík.




4RA HERBERGJA 89,4 FERMETRA ÍBÚÐ AUK 21,9 FM BÍLSKÚRS, Lýsing: 3 góð svefnherbergi, rúmgóð stofa og borðstofa. Allar nánari upplýsingar veitir Baldvin Ómar í síma 898-1177 eða á skrifstofu Húseignar í síma 585-0100.

Suðurlandsbraut 48 • 108 Reykjavík • Sími: 585 0100 • Fax: 585 0109
huseign@huseign.is • www.huseign.is • Opið mán.-fim. 10-18 • fös. 10-17
Baldvin Ómar Magnússon - Löggiltur fasteignasali










UNNAR HELGI DANÍELSSON BECK: HANN LOFAR MIKLU STUÐI

# HASSELHOFF TIL LANDSINS

Bandaríski leikarinn og söngvarinn David Hasselhoff heldur tónleika á Íslandi þann 24. febrúar næstkomandi.

„Ég hef fengið þær upplýsingar að hann sé mjög spenntur fyrir því að koma hingað og ætli að taka sér nokkra daga í kringum tónleikana til að kynna sér land og þjóð,“ segir Unnar Helgi Daníelsson Beck hjá fyrirtækinu Reykjavík Rocks sem stendur að komu Hasselhoff til landsins.

Unnar Helgi segir það ekki hafa verið erfitt að sannfæra Hasselhoff um að spila fyrir landann. „Hann lofar skemmtilegum tónleikum og ég er alveg viss um að þetta verður ógleymanlegt fyrir tónleikagesti. Undanfarið hef ég verið að fletta honum upp á Youtube og það er ekkert annað en snilld.“

Ekki hefur verið gengið endanlega frá tónleikastað fyrir Hasselhoff en Vodafone-höllin og Höllin koma helst til greina.

David Hasselhoff fagnaði sextugsafmælinu sínu í sumar en hann er hvað frægastur fyrir hlutverk sitt sem Mitch Buchannon í sjónvarpsþáttunum Baywatch. Þættirnir um strandverðina í Los Angeles ættu að vera Íslendingum vel kunnir, en þeir nutu sérstaklega mikilla vinsælda á tíunda áratugnum.

Undanfarin ár hefur Hasselhoff vakið athygli sem dómari í raunveruleikaþættinum America‘s Got Talent og Britain‘s Got Talent.

Á tónleikum syngur Hasselhoff eigið efni í bland við lög annarra. Hann kemur fram ásamt hópi dansara, en Unnar Helgi segir söngvarann opinn fyrir að skoða hvort hann geti fengið íslenska dansara til liðs við sig. „Umboðsmaðurinn segir að Hasselhoff vilji skoða hvort það komi til greina að nota dansara héðan, en það mál er í skoðun,“ segir Unnar Helgi, sem nú þegar er byrjaður að líta í kringum sig eftir tónlistarmanni til að hita upp fyrir Hasselhoff. alfrun@frettabladid.is



**LOFAR GÓÐU STUÐI** Þýskættaði leikarinn og söngvarinn David Hasselhoff ætlar að skemmta landanum í febrúar. Hann lofar miklu stuði og er opinn fyrir að skoða hvort hann geti fengið íslenska dansara til að kom fram með sér á tónleikunum. NORDICPHOTOS/GETTY

## LANGAÐI AÐ FÁ HASSELHOFF Í AFMÆLIÐ

„Upphaflega hugmyndin var að fá David Hasselhoff til að spila í afmælinu mínu í janúar,“ segir **Unnar Helgi Daníelsson Beck,** eigandi fyrirtækisins Reykjavík Rocks. Hann útskýrir að hann hafi fundið fyrir áhuga fyrir komu kappans og ákvað því að skipta yfir í stóra tónleika. „Hann trekkir að breiðan aldurshóp tónleikagesta og ég held að enginn verði svikinn af að sjá Hasselhoff á sviði.“



Reykjavík Rocks sérhæfir sig í að lóðsa útlendinga um skemmtanalíf landsins. Mikið hefur verið að gera hjá Unnari Helga undanfarið, þar sem hann hefur til dæmis verið að sjá um viðskiptavini CCP. „Ég stofnaði fyrirtækið fyrir fimmtán mánuðum síðan og það hefur gengið mjög vel. Þetta snýst um persónulega þjónustu við útlendinga sem vilja skemmta sér á besta mögulega máta hér í Reykjavík,“ segir Unnar Helgi sem ætlar sér stóra hluti í framtíðinni. „Við stefnum á að opna útibú í London og New York á næstunni. Ég ætla mér að búa til þekkt vörumerki úr fyrirtækinu.“

Hægt er að lesa meira um þjónustu Reykjavík Rocks og lesa umsagnir viðskiptavina á Facebook-síðu fyrirtækisins.

# Snýst um snerpu og þolinmæði

„Ég hef æft japanskar skylmingar í átján ár og keppti meðal annars í greininni á heimsmeistaramóti í Japan árið 1996,“ segir fjölmiðlamaðurinn Sölvi Tryggvason, sem er að fara af stað með námskeið í kendó, japönskum skylmingum.

Sölvi kynntist japanskri bardagalist í gegnum föður sinn, Tryggva Sigurðsson, þegar hann var lítill strákur. Sölvi segir japanskar skylmingar sérstaka grein sem byggi á ríkri hefð í Japan. „Þetta er bardagalist sem gerir meira út á snerpu og þolinmæði en líkamlegan styrk. Í Japan er þetta ákveðinn lífsstíll sem menn aðhyllast og snýst um mikinn aga og einbeitni,“ segir Sölvi, en barist er með trésverðum og bambusspjótum. „Það er mesta furða hversu lítið er um meiðsl í þessu sporti. Maður fær í mesta lagi nokkra góða marbletti sem herða mann bara.“

Sölvi hefur ekki stundað íþróttina í fjögur ár og hlakkar því mikið til að klæðast búningnum á nýjan leik. Búningurinn samanstendur af eins konar brynju, buxnapilsi og hjálmi.

Sölvi hefur áður haldið námskeið í kendó og hvetur konur jafnt sem karla til að skrá sig. Takmarkað pláss er í boði á námskeiðinu, sem haldið verður í Combat Gym. „Það eru allir velkomnir, en þeir sem eru að leita að slagsmálum munu sennilega ekki finna það sem þeir eru að leita að.“ Hægt er að skrá sig á solvi@skjarinn.is eða combat@combat.is. - áp



**Í FULLUM SKRÚÐA** Sölvi Tryggvason er að fara af stað með námskeið í kendó, japönskum skylmingum, á næstu dögum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

NÝTT KORTATÍMABIL

# ÚTIVISTAR MARKAÐUR

Regatta GREAT OUTDOORS™

Dare 2b

CRAGHOPPERS

BEAR GRYLLS CRAGHOPPERS



# NÝJAR VÖRUR

## HJÁ OKKUR MÁ SKILA OG SKIPTA

**DÖMU & HERRA FATNAÐUR**

FLÍS PEYSUR 3.990,-
SOFTSHELL PEYSUR 4.990,-
STRETCH BUXUR 7.990,-
SOFTSHELL BUXUR 7.990,-
ÚLPUR 8.990,-
SNJÓBUXUR 8.990,-
UNDIRFÖT SETT 3.990,-
SKYRTUR 4.490,-
SKYRTUR FÓÐRAÐAR 5.990,-
KÁPUR 9.990,-
SKÓR, SMÁVARA OFL.

**BARNAFATNAÐUR**

FLÍS PEYSUR 2.490,-
SOFTSHELL PEYSUR 3.990,-
UNDIRFÖT SETT 3.490,-
REGNBUXUR 1.490,-
REGNJAKKAR 4.990,-
FÓÐRAÐAR BUXUR 3.990,-
SNJÓBUXUR 7.490,-
ÚLPUR 7.490,-
SKÓR, SMÁVARA OFL.

**OPIÐ**
VIRKA DAGA 11 – 18
LAUGARD. 11 – 16
SUNNUD. 13 – 16

facebook/
Útivist og Sport

ÚTIVIST & SPORT
verslun
heildverslun
Faxafen 12 S. 533-1550.

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

**Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.**


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Flakkar milli útvarpsstöðva

Eftirherman og skemmtikrafturinn **Sólmundur Hólm** hefur vakið athygli fyrir vasklega framgöngu sem einn helsti afleysingamaður í útvarpi undanfarnar vikur. Hann byrjaði á því að leysa Andra Frey Viðarsson af í morgunþættinum vinsæla Virkir morgnar á Rás 2 og núna hefur hann tekið sæti Guðrúnar Dísar Emilsdóttur tímabundið. Eftirherman lætur sér ekki eina útvarpsstöð nægja því undanfarið hefur hann sest við hljóðnemann í Skaftahlíðinni á eftirmiðdögum með Auðuni Blöndal í FM95Blö, en þar hleypur hann í skarðið fyrir Björn Braga Arnarsson.



### Ofurhetjuás á Suðurlandi

Eins og kunnugt er standa þessa dagana yfir upptökur hér á landi á stórmyndinni Thor 2 um ofurhetjuna sem byggð er á ásnum Þór. Sést hefur til leikara myndarinnar, svo sem þeirra **Chris Hemsworth**, Zachary Levi og Toms Hiddleston, í Reykjavík síðustu daga en þeir hafa nú fært sig á Suðurland. Þannig hefur annað tökulið myndarinnar verið við Skógafoss síðustu daga en þar að auki hefur verið greint frá því að tökur muni fara fram í Fjarðarárgljúfri og í Landmannalaugum.

- áp, mþl



## Mest lesið vísir

1. Öll nauðgunarmálin frá Þjóðhátíð upplýst
2. Geir Jón: Dómstólar létu undan þrýstingi í nímenningamálinu
3. „Hvernig á að ákveða hver er geðfatlaður?"
4. Sigmundur Ernir í klefa á Litla Hrauni
5. Jón Gnarr: Stjórnmálamenn hafa brugðist








